

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/1685*  
*komudagur 11.4.2012*

11. apríl 2012

Góðan dag.

Með vísan til erindis dags. 29. mars 2012 um áhrif fyrirhugaðra breytinga á stjórnkerfi fiskveiða á efnahag viðskiptabankanna þriggja.

Innan bankans er verið að meta hugsanleg áhrif frumvarpana. Þeirri vinnu er ekki lokið. Íslandsbanki er með skráð skuldabréf á markaði og verður því að haga upplýsingagjöf í samræmi við þær reglur sem gilda þar um.

Íslandsbanki birti nýverið álit sitt um heildaráhrif frumvarpana þar sem fram kemur að fyrirhugaðar breytingar á stjórnkerfi fiskveiða munu hafa veruleg áhrif á greinina og íslenskt efnahagslíf. Álit bankans er í viðhengi. Þá er ljóst að töluverðir hagsmunir eru í húfi eins og sjá má í meðfylgjandi [áhættuskýrslu bankans](#) en skv. skýrslunni námu lán til sjávarútvegs nema tæpum 71 milljarði króna hjá Íslandsbanka m.v. 31.12.2011.

Með kveðju,  
Már Másson

---

Már Másson  
Forstöðumaður  
Skrifstofa bankastjóra

**ÍSLANDBANKI**  
Kirkjusandur - IS 155



# Frumvörp til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjald

---

– Álit Íslandsbanka  
apríl 2012

Við bjóðum  
góða þjónustu



Íslandsbanki

# Frumvörp til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjald

## – Álit Íslandsbanka

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur lagt fram tvö frumvörp um stjórn fiskveiða annars vegar og um veiðigjald hins vegar. Hér fyrir neðan gefur að líta álit Íslandsbanka á efni frumvarpanna.

Sjávarútvegurinn er ein mikilvægasta atvinnugreinin á Íslandi. Sjávarútvegurinn stendur nú fyrir rúmlega 40% útflutningsverðmæta landsins og sér með beinum hætti 5,2% landsmanna fyrir atvinnu. Verðmæti útfluttra sjávarafurða hefur aldrei verið meira en á árinu 2011 og nam það 251 milljarði króna sem er hækkun um rúmlega 14% frá árinu 2010.


Sjávarútvegurinn leggur einnig ríflega 10% til vergrar landsframleiðslu (VLF). Framlagið er þó í reynd mun meira ef tekið er tillit til allra þeirra óbeinu þátta sem skapast í kringum iðnaðinn. Sjávarútvegurinn hefur margföldunaráhrif á aðrar atvinnugreinar í hagkerfinu og skapar afleidd störf og tekjur fyrir fjölmörg framleiðslu- og þjónustufyrirtæki. Samkvæmt skýrslu sem Íslandsbanki gaf út fyrir á þessu ári, í samstarfi við Íslenska Sjávarklasann og fjallar um *Þýðingu sjávarklasans á íslenskt efnahagslíf*, má ætla að heildarframlag sjávarklasans (öll fyrirtæki tengd sjávarútvegi á einn eða annan hátt) til landsframleiðslu árið 2010 hafi verið 26% eða um 400 milljarðar króna og fjöldi starfa allt að 35 þúsund eða um 20% starfa í landinu.

Af ofangreindu má ráða hversu mikilvægur sjávarútvegur er fyrir efnahagslíf þjóðarinnar. Því er nauðsynlegt að þau verðmæti sem fiskistofnar við landið gefa af sér séu hámörkuð með sjálfbærum hætti. Mikilvægt er þegar gera á breytingar á núverandi kerfi að þær auki hagkvæmni greinarinnar og skili þjóðarbúinu auknum verðmætum.

## Almennt um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja

Rekstur sjávarútvegsfyrirtækja hefur gengið vel síðustu ár og arðsemi þeirra aukist jafnt og þétt þrátt fyrir hækkað olíuverð og samdrátt í aflaheimildum.

Rekstrarafkoma sjávarútvegsfyrirtækja mæld út frá EBITDA-framlegð (afkoma fyrir skatta, afskriftir og fjármagnsliði) var með því mesta sem um getur árin 2008 til 2010. Mynd 1 sýnir þróun framlegðar íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja frá árinu 1980 til 2010. Á myndinni sést glöggst hvernig framlegðin hefur aukist jafnt og þétt frá upptöku nügildandi stjórnkerfis fiskveiða. Þessi þróun EBITDA-framlegðar er merkileg ef horft er til þess að veiði á þorski, verðmætustu fiskitegund þjóðarinnar, dróst mikið saman á tímabilinu en þessa aukningu má að mestu rekja til hagræðingar í rekstri, fjárfestingar fyrirtækjanna og lágs gengis íslensku krónunnar.



Hér að neðan verður fjallað um helstu breytingar frumvarpanna, annars vegar um stjórn fiskveiða og hins vegar um veiðigjald og hver möguleg áhrif verða vegna þessara breytinga að mati Íslandsbanka.

## Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða

### Nýtingarleyfi til ákveðins tíma

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að frá og með næsta fiskveiðiári muni eigendur þeirra skipa sem þá ráða yfir aflahlutdeild fá sérstakt nýtingarleyfi á aflaheimildunum. Leyfið gildir í 20 ár frá upphafi fiskveiðiársins 2012/2013. Eftir 5 ár mun nýtingarleyfið framlengjast um eitt ár í senn þannig að 15 ár verði jafnan eftir af gildistíma leyfisins. Tilkynningu um fyrirhugaðar grundvallarbreytingar eða brottfall nýtingarleyfis er fyrst heimilt að gefa út þegar fimm ár eru liðin af tímalengd leyfis. Leyfishafa ber að greiða gjald fyrir nýtingarleyfi sitt (almennt veiðigjald).

#### Áhrif:

Með útgáfu nýtingarleyfa til útgerða er horfið frá ótímabundnum réttindum yfir í tímabundin réttindi. Það leiðir til meiri óvissu fyrir fyrirtækin sem geta ekki gengið að aflaheimildunum vísu til framtíðar. Við slík skilyrði dragast fjárfestingar hugsanlega saman og hvatinn til að fara vel með auðlindina minnkar þar sem skammtímahugsun í greininni eykst.

Nauðsynlegt er að nýtingarleyfi sé til nægilega langs tíma til að sjávarútvegsfyrirtæki sjái sér hag til fjárfestinga til lengri tíma í veiðum og vinnslu sem er grundvöllur frekari framþróunar í greininni.

### Skipting heildaraflamarks

Aflamark hvers fiskveiðiárs, í hverjum nytjaflokki, verður skipt í tvo flokka.

**Flokkur 1: Aflaheimildir** sem úthlutaðar eru til einstaklinga og lögaðila á grundvelli nýtingarsamninga

**Flokkur 2: Aflaheimildir** á forræði ráðherra

#### Ráðstöfun á flokki 2

Aflahlutdeildir fiskiskipa skerðast varanlega frá upphafi fiskveiðiársins 2012/2013. Þessi skerðing sést í töflu 1 og mun henni verða ráðstafað að fullu í flokk 2 ásamt 3% af framsali aflahlutdeildar. Ráðherra er leyfilegt að skipta þeim aflaheimildum sem dregnar eru frá heildarafla í aðrar tegundir.

| Tegund         | Hlutfall |
|----------------|----------|
| Þorskur        | 9,5%     |
| Ýsa            | 6,9%     |
| Ufsi           | 7,2%     |
| Steinbítur     | 9,8%     |
| Aðrar tegundir | 5,3%     |

Auk þessarar skerðingar munu 4.500 tonn af þorski renna í flokk 2 á fiskveiðiárinu 2012/2013 ef úthlutun aflamarks í þorski á fiskveiðiárinu verður umfram 177.000 tonn.

Ákvarði ráðherra heildarafla í þorski hærrí en 202.000 tonn skulu 60% aukningarinnar fara í flokk 1 og 40% í flokk 2. Sama regla gildir ef úthlutað er meira en 66.000 tonnum af ýsu, 50.000 tonnum af ufsa og 14.000 tonnum af steinbít.

Ráðherra getur ráðstafað aflaheimildum í flokki 2 til úthlutunar til strandveiða, bóta og byggðakvóta, línuvildunar, frístundaveiða, áframeldi þorsks og Kvótapiþings (nánar skýrt síðar). Samkvæmt frumvarpinu er þetta meðal annars gert til að mæta ófyrirsjáanlegum áföllum vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda og vegna byggðamála.

#### Áhrif:

Með ofangreindri ráðstöfun í flokki 2 er verið að færa aflaheimildir frá núverandi útgerðum og fara þær að mestu til ráðstöfunar á Kvótapiþing. Útgerðirnar hafa áður tekið á sig mikla skerðingu í t.d. þorski og í ýsu með þeim rökum að þær njóti góðs af stækkun stofns til framtíðar. Nái þetta frumvarp fram að ganga munu útgerðirnar einungis njóta hluta af vexti fiskistofnanna.

Þessar skerðingar sem boðaðar eru á aflahlutdeild veikja rekstrargrundvöll útgerða og rýra tekjumöguleika þeirra til framtíðar. Þá mun þetta einnig fela í sér breytingar á rekstri sjávarútvegsfélaga á þann hátt að þau þurfa mögulega að leggja skipum og draga saman í rekstri.

Aukin opinber afskipti eru óæskileg í viðskiptalífnum þar sem slík þróun dregur úr hagkvæmni og eykur varla sátt um stjórnkerfi fiskveiða.

## Framsäl aflaheimilda

Pegar aðilaskipti verða að fiskiskipi eða aflahlutdeild er flutt milli fiskiskipa skal Fiskistofa skerða þá aflaheimild sem framseld er um 3% og verður því hlutfalli ráðstafað að fullu í flokk 2.

Heimild til framsals aflahlutdeildar fellur úr gildi við upphaf fiskveiðiársins 2032.

Ákvæði eru um forkaupsrétt ráðherra á aflahlutdeildum í frumvarpinu á grundvelli byggðasjónarmiða. Íslenska ríkið hefur forkaupsrétt ef framsäl aflahlutdeilda fer yfir 20% af ígildum ákveðinna byggðarlaga eða ef ráðstöfun er talin hafa umtalsverð neikvæð áhrif í atvinnu- og/eða byggðarlagi. Kaupverðið er umsamið söluverð, ef til ágreinings kemur verður málið lagt fyrir gerðardóm sem sker úr um kaupverðið. Leysi ráðherra hlutdeildina til sín verður henni ráðstafað innan viðkomandi byggðarlags, sveitarfélags eða landshluta, í þessari röð. Ráðherra ber að auglýsa hlutdeildina til sölu í viðkomandi landshluta.

### Áhrif:

Framsäl aflahlutdeildar hefur verið einn af drifkröftum hagræðingar í sjávarútvegi síðustu áratugi. Stór hluti vel rekinn sjávarútvegsfélaga í dag hefur náð góðum árangri þar sem núverandi kerfi hefur gert þeim mögulegt að auka við sig aflahlutdeildir. Samkvæmt mynd 1 hefur þessi framsalsheimild leitt til betri afkomu greinarinnar og aukið EBITDA-framlegð umtalsvert.

Með því að skerða framseldar aflahlutdeildar um 3% er verið að rýra virði þeirra og draga úr eðlilegri hagræðingu í greininni til framtíðar. Þessi skerðing felur í sér gjaldheimtu og um leið mögulegan hvata fyrir aðila í greininni til að þess að leita leiða til að komast hjá þessum kostnaði.

Bann á framsali eftir árið 2032 takmarkar hagkvæmni greinarinnar. Starfandi sjávarútvegsfyrirtæki eða nýir aðilar geta þá ekki lengur keypt út óhagkvæmari útgerðir eða þá aðila sem kjósa að hætta eða breyta skipulagi á starfsemi sinni.

Forkaupsréttur ráðherra byggir á markaðsverði og verður ekki séð að það sé óhagkvæmt fyrir seljandann.

## Kvótaþing

Kvótaþing, sem Fiskistofa mun starfrækja, verður vettvangur viðskipta með aflamark. Fiskistofa mun annast greiðslumiðlun milli kaupenda og seljenda, sjá um að safna og miðla upplýsingum um viðskiptin, meðal annars magn og verð, og birta þær reglulega.

Tekjur af Kvótaþingi skiptast niður á ríkið (40%), sveitarfélög (40%) og markaðs- og þróunarsjóði tengda sjávarútvegi (20%).

### Áhrif:

Með stofnun Kvótaþings er kominn opinber markaður með aflamark sem heldur utan um viðskipti og birtir reglulega upplýsingar um söluverð sem aðgengilegar eru fyrir alla. Heimildir ráðherra með reglusetningu um kaup aflamarks á Kvótaþingi eru þó verulegar og getur slíkt verið varhugavert.

Fyrirtæki sem eru án aflahlutdeilda eiga möguleika að nálgast aflaheimildir á Kvótaþingi. Fleiri hafa því tækifæri til að stunda útgerð sem ætti að auka nýliðun í greininni eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Hins vegar verður erfitt að reka útgerð sem byggir nær eingöngu á leigu og því óvíst að þetta leiði til mikillar nýliðunar til lengri tíma lítið.

Frumvarpið inniheldur engar upplýsingar um hvernig skipta á tekjum milli sveitarfélaga. Það er mikilvægt að sú skipting liggi fyrir frá upphafi.



## Frumvarp til laga um veiðigjald

### Almennt veiðigjald

Almennt veiðigjald verður sett á alla einstaklinga og lögaðila í sjávarútvegi. Almenna gjaldið er 8 kr. á hvert þorskígildiskíló. Almennt veiðigjald skal þó aldrei vera lægra en 5.000 kr. á hvert skip.

#### Áhrif:

Með almenna veiðigjaldinu er verið að skattleggja sameiginlega auðlind og er gjaldið óháð afkomu þess sem fær aðgang að henni. Þetta gjald færir ríkinu svipaðar tekjur og það fær af núverandi auðlindagjaldi miðað við gjaldtöku fyrir árið 2010.

### Sérstakt afkomutengt veiðigjald

Sérstakt afkomutengt gjald verður sett á sjávarútvegsfyrirtækin. Gjaldið er mismunandi eftir því hvort um er að ræða veiðar og vinnslu á botnfiski eða uppsjávarfiski. Gjaldið er 70% af stofni að frádrögnum almenna veiðigjaldinu. Stofn til útreiknings er skilgreindur sem samtala reiknaðrar rentu á hvert þorskígildiskíló, annars vegar í fiskveiðum og hins vegar í fiskvinnslu. Fyrstu tvö árin verður gjaldið hins vegar aðeins lægra, 60% á fiskveiðiárinu 2012/2013 og 65% á fiskveiðiárinu 2013/2014.

$$\text{Renta} = \text{söluverðmæti afla eða afurða} - \text{rekstrarkostnaður vegna veiða og vinnslu} \\ - \text{reiknuð ávöxtun á verðmæti rekstrarfjármuna (8\% fiskveiðar, 10\% fiskvinnsla)}$$

Álagning sérstaks veiðigjalds skiptist þannig að af fyrstu 30 þorskígildistönnum greiðist ekkert gjald, hálf gjald greiðist af næstu 70 þorskígildistönnum og fullt gjald greiðist af heimildum umfram það.

#### Áhrif:

Hækkun veiðigjaldsins mun skerða verulega afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og er líklegt að þessi hækkun gjaldsins sé meiri en mörg sjávarútvegsfyrirtæki ráða við. Einnig má búast við að hækkunin muni hafa áhrif á virði aflahlutdeilda, þ.e. fyrirtækin fá minni hagnað út úr veiðunum og framselja því aflaheimildirnar á lægra verði. Ef rekstrarvirði aflaheimilda lækkar rýrnar vedhæfi skipa og þá verður erfiðara fyrir útgerðirnar að fjármagna sig. Mögulegt er að hærri gjaldtökur ýti undir brottkast, fyrirtækin sækjast eftir að fá það verðmætasta út úr þeim aflaheimildum sem þau eru með.

Frímark á sérstakt veiðigjald fyrir aflaheimildir upp að 30 tonnum og að hálfu upp að 100 tonnum er sett á til að einfalda smærri útgerðum að takast á við hækkun sérstaka veiðigjaldsins. Þetta er til þess fallið að vinna gegn stærðarhagkvæmni og sporna gegn hagræðingu í greininni.

Við útreikning stofnsins er metin renta veiða og vinnslu saman og getur það verið áhyggjuefni að leggja veiðigjald á útgerð sem hlutfall af heildarrentu veiða og vinnslu. Með þessu er verið að gera ráð fyrir að engin renta verði til í fiskvinnslu. Fiskvinnslufyrirtæki geta skapað sér umframhagnað af öðrum ástæðum en vegna takmörkunar sjávarauðlindarinnar, meðal annars með vinnslu afla sem keyptur er af erlendum aðilum. Er einnig rekstur vinnslufyrirtækjanna oft áhættumeiri en sjálfrar útgerðarinnar. Við útreikning stofnsins er áætlaður fjármagnskostnaður skipa 8% og fasteigna 10%. Þessi kostnaður er fastsettur í frumvarpinu en mikilvægt er að skilgreina þennan kostnað rétt meðal annars með tilliti til lánskjara, áhættu í rekstri og seljanleika eigna. Líklega er þessi kostnaður vanáætlaður.

Innan sjávarútvegsfyrirtækjanna hefur verið byggð upp markaðspekking sem nýtt er til að stýra sókninni til að hámarka virði þeirra aflaheimilda sem fyrirtækin hafa yfir að ráða. Sá viðbótar virðisauki sem myndast vegna þessarar þekkingar reiknast inn í stofn veiðigjaldsins og telst það sérstakt þar sem hann verður til óháð takmörkun á sókn í auðlindina.

Þar sem gjaldið er heildarrentan í greininni skipt niður á hvert þorskígildiskíló munu fyrirtæki sem eru undir meðaltalinu í rentu greiða meira en 70% af eigin rentu í veiðigjald. Fyrirtæki sem eru með neikvæða rentu eitt árið njóta ekki frádráttar á gjaldinu árið eftir sem veldur því að gjaldið sem fyrirtækið greiðir getur verið umfram 70% af stofni ef tekin eru saman nokkur ár.

## Áhrif frumvarpanna á sjávarútvegsfyrirtækin

Skerðingar á aflahlutdeild sem boðaðar eru munu hafa verulega áhrif á rekstrarafkomu sjávarútvegsfyrirtækja og þar af leiðandi sjávarútveginn í heild sinni.

Sérstaka veiðigjaldið verður til þess að lítill hagnaður verður eftir fyrir sjávarútvegsfyrirtækin þar sem um 70% af framlegðinni, að frádreginni reiknaðri ávöxtun á verðmæti rekstrarfjármuna, er tekin frá. Þetta mun óneitanlega koma til með að veikja íslensk sjávarútvegsfyrirtæki og jafnvel valda því að sum þeirra geti ekki staðið við skuldbindingar sínar sökum þess að ekki er tekið tillit til réttar skuldsetningar greinarinnar í útreikningi stofnsins. Með þessu fyrirkomulagi getur sjávarútvegsfyrirtækjum reynst erfitt að byggja upp eigið fé en nauðsynlegt er að byggja upp ákveðinn sjóð þar sem kostnaðarliðir sjávarútvegsfyrirtækja sveiflast töluvert milli ára. Einnig getur myndast hvati til að auka rekstrarkostnað greinarinnar í heild til að lækka umrætt gjald.

Sérstaka veiðigjaldið felur einnig í sér að íslenska ríkið tekur til sín stærsta hluta þess virðisauka sem verður til meðal annars við uppbyggingu vöruverkja og gæðastaðla, sérhæfingu og hagkvæmni í nýtingu á fiskafli. Slik uppbygging er kostnaðarsöm og því er hætta á að sá hluti starfseminnar færist frá sjávarútvegsfyrirtækjunum og flytjist jafnvel úr landi svo komist verði hjá því að virðisauki hennar verði notaður í stofn til útreiknings veiðigjalds.

Auk þeirra sjávarútvegsfyrirtækja sem hugsanlega munu leggja upp laupana vegna breytinganna mun þetta einnig hafa mikil áhrif á fyrirtæki sem þjónusta sjávarútveginn um allt land.

## Áhrif á viðskiptabanka og fjármögnunarleiðir fyrirtækja

Fyrirhugaðar breytingar hafa töluverð áhrif á starfsemi viðskiptabankanna og þar af leiðandi fjármögnunarleiðir sjávarútvegsfyrirtækja. Líklegt er að fjárfestingar í sjávarútvegi muni dragast saman nái frumvörpin fram að ganga. Eins og áður hefur komið fram verður erfitt fyrir sjávarútvegsfyrirtækin að byggja upp eigið fé á sama tíma og fjárfleði dregst saman. Þetta veldur því að erfiðara verður fyrir þau að fá ný lán og mun hamla nýliðun þar sem nýir aðilar munu þurfa að leggja fram mikið eigið fé eða eiga aðrar eignir til veðsetningar til að hefja rekstur. Þar sem fjárfestingageta fyrirtækjanna minnkar er líklegt að skipaflotinn eldist og framþróunin verði lítil sem engin. Með þessu er verið að veikja sjávarútvegsfyrirtækin og getu þeirra til að standa við núverandi og væntanlegar skuldbindingar gagnvart lánastofnunum.

Framsal aflaheimilda hefur gert útgerðum kleift að sameinast þannig að óhagkvæmari útgerðir hafa sameinast þeim sem betur eru reknar. Frumvörpin fela í sér að virði aflahlutdeilda minnkar og því geta fyrirtæki í erfiðum rekstri ekki greitt niður skuldir sínar nema að litlu leyti við framsal aflahlutdeilda sinna. Þessi fyrirtæki munu því starfa lengur en annars.

Útlán til sjávarútvegsfyrirtækja vega misþungt í efnahagsreikningi stóru viðskiptabankanna þriggja. Sjávarútvegurinn er um 12% af útlánum Íslandsbanka, 23% hjá Landsbankanum og um 11% hjá Arion banka (bæði til sjávarútvegs og landbúnaðar). Komið hefur fram hjá bönkunum að þessi útlánasöfn eru þeim mikilvæg og röskun á núverandi kerfi mun hafa verulega neikvæð áhrif á efnahag þeirra

Fjármálastöðugleika á Íslandi er þó ekki ógnað þrátt fyrir neikvæð áhrif verði þessi frumvörp að lögum. Viðskiptabankarnir þrír eru allir með sterk eiginfjárhlutföll og eru vel yfir lágmarkskröfum Fjármálaeftirlitsins. Íslandsbanki er með mjög sterkan efnahagsreikning en eiginfjárhlutfall bankans er 22,6%.

## Áhrif frumvarpsins á íslenskt efnahagslíf

Mikilvægi sjávarútvegs fyrir íslenskt efnahagslíf gerir það að verkum að þörf er á að tryggja fyrirtækjum í greininni bestu rekstrarskilyrði. Einungis með öflugum fyrirtækjum í greininni má tryggja að auðlindin færi þjóðinni þann arð sem hún býr yfir.

Flækjustig ofangreindra laga, verði þau ekki einfölduð umtalsvert frá frumvörpunum, er ávísun á þjóðhagslega söun sem hlýst af minni stærðarhagkvæmni í sjávarútvegi, kostnað við að framfylgja lögnum jafnt hjá stjórnvöldum sem fyrirtækjum og viðleitni til að fara í kring um þau eða aðlaga rekstur að þeim án tillits til þess hvort slíkt sé skynsamlegt út frá hreinum hagkvæmnisjónarmiðum.

Þá er aukin pólitísk aðkoma að úthlutun aflahlutdeilda afturhvarf til fortíðar. Saga nýtingar sjávarauðlinda, hér á landi sem annars staðar, sýnir glögglega að slíkt er ekki til þess fallið að hámarka verðmætasköpun í greininni. Stjórnmalamenn hafa augljósan hag af því að þöknast umbjóðendum sínum og bera ekki sjálfir samsvarandi skaða af óhagræði og söun sem af því kann að leiða heldur þjóðarbúskapurinn allur.

Tekjur hins opinbera af veiðigjaldi og útleigu veiðiheimilda verða verulegar miðað við forsendur frumvarpsins. Gert er ráð fyrir 18-20 ma.kr. tekjum af veiðigjaldinu og ríflega 3 ma.kr. tekjum til ríkissjóðs, og öðru eins til sveitarfélaga, af leigu veiðiheimilda. Hér er þó ekki öll sagan sögð. Fjármálaráðuneytið áætla að tekjuskattur sjávarútvegsfyrirtækja minnki um u.þ.b. 3 ma.kr. á ári ef síðustu þrjú ár eru lögð til grundvallar. Þar er ekki gert ráð fyrir áhrifum af breyttum lagaramma, sem er líklegur til að minnka framlegð sjávarútvegsfyrirtækja, og þar með skattstofninn verulega. Óbein áhrif geta þessu til viðbótar orðið umtalsverð og rýrt tekjur hins opinbera enn frekar.

Hin háa veiðigjaldsprósenta minnkar til muna hvata sjávarútvegsfyrirtækja til fjárfestinga og aukinnar arðsemi. Auk þess verður fjármagnsstofn í greininni minni þar sem aflahlutdeildum eru settar miklar skorður hvað varðar ráðstöfunarrétt. Það er vel þekkt úr hagsögunni að lægri fjármagnsstofn leiðir að öðru óbreyttu til hægari vaxtar og minni velmegunar hjá þjóðum heims. Þá er reglan um að 40% af umframfla renni í flokk 2 ef veiðiheimildir verða auknar verulega, líkleg til að minnka áhuga greinarinnar á því að byggja fiskistofnana upp til lengri tíma litið, þar sem fyrirtækin bera minna úr bótum þótt aflinn aukist verulega. Þetta verður þegar fram í sækir til þess að auka kostnað og minnka tekjur, og rýrir á endanum tekjustofn veiðigjaldsins og um leið verðmætasköpun í þessum undirstöðuatvinnuvegi.

Það hefur sýnt sig í allmörgum sveitarfélögum á landsbyggðinni að öflug sjávarútvegsfyrirtæki eru ein forsenda blómlegrar byggðar og mannlífs. Góður rekstur fyrirtækjanna skapar mörg afleidd störf hjá þjónustufyrirtækjum útvegsins sem og styrkja rekstur sveitarsjóða. Sjávarútvegsfyrirtækin veita oft myndarleg framlög til samfélagsmála s.s. íþrótt- og æskulýðsstarf, góðgerðar-, heilbrigðis- og menningarmála. Það er því hætta á að áhrifin verði umtalsverð í mörgum sveitarfélögum á landsbyggðinni þar sem fyrirtækin hafa mun minna svigrúm til að taka þátt í samfélagslegum verkefnum. Fækkun starfa í sjávarútvegi og tengdum greinum getur rýrt lífsgæði umtalsvert með auknu atvinnuleysi þar sem mörg sveitarfélög hafa ekki möguleika á að bjóða upp á störf í öðrum greinum.

Sé ætlunin að þjóðin njóti góðs af arði auðlindarinnar fyrir atbeina hins opinbera hlýtur að vera nærtækara markmið að sameina aukna gjaldtöku því að reka hagkvæman sjávarútveg og hvetja þá sem starfa innan greinarinnar til þess að hugsa til langs tíma hvað varðar fjárfestingu og uppbyggingu fiskistofna. Mikið vantar upp á að þarna sé jafnvægi á milli í frumvörpunum tveimur.

## Áhrif á Íslandsbanka

Útlán Íslandsbanka til sjávarútvegs námu 70 ma.kr. í lok árs 2011 eða um 12% af heildarútlánum bankans. Útlán til sjávarútvegsfyrirtækja er ein helsta stöðin í lánasafni bankans og aðeins lítill hluti af útvegsfyrirtækjum hefur þurft fjárhagslega endurskipulagningu af hálfu bankans þrátt fyrir miklar umhleyplingar í kjölfar hrunsins.

Bein áhrif af þessum tveimur frumvörpum á Íslandsbanka eru tvíþætt. Fyrirtæki í sjávarútvegi verða síður í stakk búin til að standa við fjárskuldbindingar sínar og verðmæti rekstrarfjármuna og aflaheimilda munu rýrna. Erfitt er að leggja fjárhagslegt mat á þau afleiddu áhrif sem frumvörpin hafa á tengdar atvinnugreinar en víst er að margir aðilar munu hljóta fjárhagslegan skaða af þeim. Fyrirtæki og aðilar sem byggja afkomu sína á þjónustu við sjávarútveg munu búast við skertu greiðsluhæfi sökum minni fjárfestingar og aukins óhagræðis í greininni.

Minni fjárfesting í sjávarútvegi leiðir einnig af sér færri viðskiptatækifæri í framtíðinni fyrir Íslandsbanka. Færri tækifæri verða til þess að starfa með sterkum aðilum, lána til fjárfestingaverkefna í sterkri atvinnugrein og þannig ávaxta sparifé landsmanna. Óhagkvæmur sjávarútvegur mun því að öllu óbreyttu skerða framtíðartekjur bankans.

Þó er ljóst að neikvæð áhrif á bankann verða tilfinnanleg og framtíðarhorfur í bankarekstri á Íslandi verða lakari, nái þessi frumvörp fram að ganga.



# ÁHÆTTUSKÝRSLA 2011



## UPPLÝSINGAGJÖF SAMKVÆMT 3. STOÐ BASEL II-REGLNA

Ábyrgðarmaður: Sverrir Örn Þorvaldsson, framkvæmdastjóri áhættustýringar og lánaeftirlits

Ritstjóri: Thor Magnus Berg, áhættustýringu og lánaeftirliti

Hönnun og umbrot: Ennemm

Prentun: Prentmet

Útgáfudagur: Mars 2012

[www.islandsbanki.is/ahaettuskýrsla](http://www.islandsbanki.is/ahaettuskýrsla)

## Íslandsbanki er alhliða banki


Íslandsbanki, sem á rætur að rekja allt aftur til ársins 1875, veitir alhliða bankaþjónustu til íslenskra heimila og lítilla fyrirtækja sem og alhliða fjármálaþjónustu fyrir stærri fyrirtæki. Íslandsbanki er eitt stærsta fyrirtæki Íslands í fjármálaþjónustu með u.þ.b. eitt þúsund starfsmenn og eignir sem nema yfir 800 milljörðum króna. Bankinn hefur 25-35% markaðshlutdeild á öllum sviðum markaðarins innanlands og starfrækir eitt hagkvæmasta útibúanet á Íslandi.

Íslandsbanki byggir á langri hefð lánveitinga til iðnaðar á Íslandi og hefur þróað sérþekkingu í tveimur atvinnugreinum, sjávarútvegi og jarðvarmavinnslu. Saman myndar þessi sérþekking grunninn að stefnu bankans á alþjóðavettvangi. Með áherslu sinni veitir Íslandsbanki framúrskarandi þjónustu til fjárfesta og fagaðila í þessum tveimur atvinnugreinum.

Eigendur Íslandsbanka eru tveir. Annar eigandinn er Glitnir sem fyrir hönd kröfuhafa á 95% hlut sem er stýrt af dótturfélaginu ISB Holding en stjórn þess er skipuð af slitastjórn Glitnis. Þau 5% sem eftir standa eru í eigu íslenska ríkisins og eru undir stjórn Bankasýslu ríkisins.

Samhliða útgáfu starfsleyfis bankans árið 2009 setti Fjármálaeftirlitið (FME) fram skilyrði sem m.a. sneru að úrbótum á áhættustýringu og stjórnarháttum bankans. Í desember 2011 lauk ráðgjafarfyrirtækið Oliver Wyman umfangsmikilli úttekt á þessum þáttum í starfsemi bankans. Í janúar 2012 staðfesti FME að öll skilyrði tengd starfsleyfi bankans væru uppfyllt.

Frekari upplýsingar um bankann, starfsemi hans og stefnu er hægt að finna í ársskýrslu bankans fyrir árið 2011.



Mynd 1: Eignarhald Íslandsbanka

## Efnisyfirlit

|    |  |    |
|----|--|----|
| 1  | Inngangur                                    | 5  |
| 2  | Áhættustýring og lánaeftirlit í Íslandsbanka | 8  |
| 3  | Eiginfjárstýring                             | 14 |
| 4  | Útlánaáhætta                                 | 18 |
| 5  | Markaðsáhætta                                | 34 |
| 6  | Lausafjárahætta                              | 42 |
| 7  | Rekstraráhætta                               | 48 |
| 8  | Starfskjör                                   | 51 |
| 9  | Breytingar á lögum og reglugerðum            | 52 |
| 10 | Fjárhagsleg endurskipulagning                | 55 |
|    | Orðskýringar                                 | 66 |





## 1 INNGANGUR

Markmið áhættuskýrslu Íslandsbanka er að uppfylla lögbundnar kröfur um upplýsingagjöf og veita markaðsaðilum upplýsingar sem auka skilning á áhættutöku í bankanum og eiginfjárstöðu hans. Áhættustýring er kjarninn í starfsemi bankans og leitast bankinn stöðugt við að bæta skipan áhættu- og eiginfjárstýringar.

Áhættuskýrslan veitir lykilupplýsingar um uppbyggingu eigin fjár bankans og eiginfjárstöðu, verulegar áhættur og áhættumatsferli. Að auki veitir skýrslan heildstæðar upplýsingar um endurskipulagningu og endurútreikning á lánasafni bankans, sem hefur verið eitt helsta verkefni bankans frá stofnun hans 2008. Fjallað er um væntanlega innleiðingu nýs ramma um eigið fé og laust fé skv. Basel III, nýlegar breytingar á þeim lagaramma sem í gildi er um starfsemi fjármálafyrirtækja og starfskjarastefnu Íslandsbanka.

Áhættuvilji bankans kemur fram í stefnuskjölum sem samþykkt eru af stjórn og taka ákvarðanir um áhættutöku mið af þeim. Í árslok var áhættutaka bankans í samræmi við samþykktan áhættuvilja og öll skilyrði laga og reglna voru uppfyllt. Eiginfjárlutfall bankans nam 22,6% þar af nam eiginfjárþáttur A 19,1%.

### 1.1 LAGAUMHVERFIÐ

Lögbundnum kröfum um upplýsingagjöf er lýst í tilskipunum Evrópusambandsins um eiginfjárkröfur (tilskipanir 2006/48&49/EB). Tilskipun Evrópusambandsins setur reglur um eiginfjárkröfur til banka og annarra fjármálastofnana. Tilskipunin byggir á Basel II-reglunum<sup>1</sup> um eigið fé og felur í sér alþjóðlegar leiðbeiningar um eiginfjárkröfur til banka. Basel II byggir á þremur stöðum:

- 1. stoð sem er ramma um útreikning á lágmarkseiginfjárkröfum fyrir útlána-, markaðs- og rekstraráhættu;
- 2. stoð sem býr til umgjörð fyrir könnunar- og matsferli (e. SREP) og setur reglur um innra mat banka á eiginfjárþörf (e. ICAAP);
- 3. stoð sem snýr að markaðsupplýsingum og setur fram kröfur um upplýsingagjöf sem gerir markaðsaðilum kleift að meta lykilupplýsingar um eigið fé, áhættur, áhættumat og eiginfjárstöðu fjármálafyrirtækisins.

Tilskipunin um eiginfjárkröfur hefur verið innleidd í Evrópusambandinu og er innleidd í íslenska löggjöf í gegnum EES-samninginn.

Fjármálaeftirlitið hefur ekki sett séríslenskar reglur um íslenska banka og fjármálastofnanir í tengslum við upplýsingagjöf samkvæmt 3. stoð.


Íslandsbanki starfar samkvæmt reglum Basel II um eigið fé. Við túlkun á kröfum um upplýsingagjöf samkvæmt 3. stoð miðar bankinn við tilskipun Evrópusambandsins þar sem ekki gilda sérstakar reglur fyrir íslenska banka og fjármálastofnanir.

Bankar geta valið á milli mismunandi aðferða til þess að reikna út lágmarkseiginfjárkröfur samkvæmt 1. stoð að fengnu samþykki eftirlitsaðila. Íslandsbanki notar staðalaðferð fyrir útlánaáhættu og markaðsáhættu og grundvallaraðferð fyrir rekstraráhættu.

Samkvæmt 2. stoð framkvæmir bankinn árlega innra mat á eiginfjárþörf (e. ICAAP) sem er grundvallarþáttur í eiginfjár- og áhættustýringu bankans.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið síðustu ICAAP-skýrslu bankans sem hluti af könnunar- og matsferli (e. SREP) og niðurstöður þeirrar skoðunar voru kynntar bankanum árið 2011. Bæði innra mat bankans á eiginfjárþörf (ICAAP) og niðurstöður mats Fjármálaeftirlitsins sýna að eiginfjárstaða bankans er sterk. Núverandi eiginfjárlutföll eru vel yfir bæði innri og ytri kröfum. Bankinn leggur fram næstu ICAAP-skýrslu til Fjármálaeftirlitsins í apríl 2012.

<sup>1</sup> Basel-nefndin um bankaeftirlit – International Convergence of Capital Measurement and Capital Standards: A revised Framework – Comprehensive Version [www.bis.org/publ/bcbs128.pdf](http://www.bis.org/publ/bcbs128.pdf). Enhancements to the Basel II framework July 2009. [www.bis.org/publ/bcbs157.pdf](http://www.bis.org/publ/bcbs157.pdf).



Mynd 1.1: Yfirlit yfir regluverk.

**1.2 STEFNA BANKANS Í UPPLÝSINGAGJÖF**

Samkvæmt 3. stoð verða bankar að hafa formlega stefnu um upplýsingagjöf, samþykkt af stjórn bankans, sem skýrir frá því hvaða upplýsingar eru veittar og hvernig innra eftirliti varðandi upplýsingagjöf er háttað. Að auki skal bankinn innleiða ferli til þess að meta upplýsingagjöf, þar með talið staðfestingu á þeim upplýsingum sem veittar eru og hversu oft upplýsingar eru veittar.

Í samræmi við þessar kröfur hefur bankinn markað sér stefnu um upplýsingagjöf og samskipti sem samþykkt hefur verið af stjórn bankans. Stefnan útlistar meginreglur og ramma um opinbera upplýsingagjöf og samskipti.

Markmiðið með upplýsingagjöf um áhættu- og eiginfjárstýringu er að gefa glögga mynd af uppbyggingu eiginfjár og eiginfjárbörf, megináhættuþáttum í starfsemi bankans og áhættumatsferli. Íslandsbanki kann að undanskilja upplýsingar sem hann telur að séu ekki mikilvægar.

Bankinn getur einnig ákveðið að undanskilja upplýsingar séu þær taldar vera trúnaðarupplýsingar. Íslandsbanki skilgreinir trúnaðarupplýsingar í samræmi við lög og reglur og eru upplýsingar taldar vera trúnaðarupplýsingar ef bankanum er óheimilt að veita þær samkvæmt lögum og reglum.

Ekki skal litið á neitt í þessari skýrslu sem ráðgjöf um kaup eða sölu verðbréfa. Skýrslan geymir skoðanir höfunda hennar á þeim tíma sem hún er skrifuð en þær kunna að taka breytingum án fyrirvara. Íslandsbanka ber ekki skylda til þess að uppfæra, breyta eða lagfæra skýrsluna þótt breytingar hafi orðið á þeim þáttum sem fjallað er um í skýrslunni sem leiða til þess að skýrslan hafi ekki lengur að geyma réttar upplýsingar. Í skýrslunni eru veittar upplýsingar um úrræði sem bankinn hefur boðið og ætlað var að koma til móts við þarfir ýmissa hópa viðskiptamanna. Ekki skal túlka þá umfjöllun sem tilboð til viðskiptamanna um slík úrræði eða sem staðfestingu á því að viðskiptavinur hafi átt tilkall til úrræða sem þar er lýst.

Hluti af upplýsingunum um áhættustýringu og eiginfjárstýringu er birtur í ársfjórðungslegum reikningum bankans samkvæmt alþjóðlega reikningsskilastaðlinum (IFRS).

Upplýsingagjöf varðandi áhættu- og eiginfjárstýringu er að finna á heimasíðu bankans:

[www.islandsbanki.is/ahaettuskysrsla](http://www.islandsbanki.is/ahaettuskysrsla) og [www.islandsbanki.is/fjarfestatengsl](http://www.islandsbanki.is/fjarfestatengsl).

**1.3 SAMSTÆÐAN OG STAÐFESTING**

Áhættuskýrslan fjallar um samstæðu Íslandsbanka sem hér eftir verður nefnd Íslandsbanki eða bankinn. Skilgreining á samstæðugrunni bankans er sú hin sama og er í ársskýrslu 2011. Nöfn og meginstarfsemi stærstu dótturfélaga í árslok 2011 eru talin upp í töflu 1.1.

Þann 29. nóvember 2011 sameinaðist Byr Íslandsbanka. Með sameiningunni jukust eignir um u.þ.b. 120 milljarða króna. Tölulegar upplýsingar fyrir móðurfélagið og samstæðuna fela í sér fjárhagsupplýsingar Byrs fyrir reikningsskiladag 31. desember 2011. Í sumum tilvikum þegar sameinuð mynd er ekki tiltæk verða gefnar upplýsingar fyrir Byr sérstaklega. Áhættuskýrslan hefur ekki verið endurskoðuð af óháðum endurskoðendum. Hins vegar hefur skýrslan verið staðfest með viðeigandi hætti af bankanum og felur í sér upplýsingar úr endurskoðuðum samstæðureikningi fyrir árið 2011. Þegar vísað er til endurskoðaðra upplýsinga verður það merkt sérstaklega.

Áhættuskýrslan hefur verið gerð í samræmi við Basel II-reglur um eigið fé og tilskipun Evrópusambandsins um eiginfjárkröfur í stað alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Þetta kann að leiða til misræmis milli fjárhagsupplýsinga í samstæðureikningi fyrir árið 2011 og upplýsinga í áhættuskýrslunni fyrir árið 2011. Fjárhæðir eru í milljónum íslenskra króna nema annað sé tekið fram.

| NAFN   | STARFSEMI              | EIGNARHALD | STAÐSETNING |
|--|------------------------|------------|-------------|
| Kreditkort hf.                                   | Útgefandi kreditkorta  | 100%       | Ísland      |
| Borgun hf.                                       | Færsluhirðir           | 61,3%      | Ísland      |
| Íslandssjóðir hf.                                | Sjóðastýring           | 100%       | Ísland      |
| Miðengi ehf.                                     | Eignastýring           | 100%       | Ísland      |
| Jarðboranir ehf.                                 | Jarðboranir            | 100%       | Ísland      |
| Höfðatorg ehf.                                   | Fasteignafélag         | 72,5%      | Ísland      |
| Hringur Eignarhalds f. ehf.                      | Eignarhaldsfélag       | 100%       | Ísland      |
| Allianz Ísland hf.                               | Tryggingamiðlun        | 100%       | Ísland      |
| Bréfabær ehf.                                    | Fasteignafélag         | 100%       | Ísland      |
| Fjárvari ehf.                                    | Fasteignafélag         | 100%       | Ísland      |
| Island Fund S.A. (áður Glitnir Asset Management) | Eigna- og sjóðastýring | 99,9%      | Lúxemborg   |
| Glacier Geothermal & Seafood Corporation         | Eignarhaldsfélag       | 100%       | Bandaríkin  |

Tafla 1.1: Nöfn og meginstarfsemi helstu dótturfélaga við árslok 2011.


## 2 ÁHÆTTUSTÝRING OG LÁNAEFTIRLIT Í ÍSLANDBANKA

Forsjált mat á áhættu og skynsamleg verðlagning hennar eru lykilþættir í starfsemi bankans. Stefna bankans í áhættu- og eiginfjárstýringu byggir á skilvirku skipulagi áhættumats. Fjármálakreppan og sá óstöðugleiki á mörkuðum sem fylgdi í kjölfarið hafa dregið athyglina að mikilvægi áhættustýringar.

### 2.1 SKIPURIT ÁHÆTTUSTÝRINGAR OG LÁNAEFTIRLITS

Í áhættustýringu og lánaeftirliti hjá Íslandsbanka starfa 42 vel menntaðir starfsmenn sem vinna stöðugt að því að bæta skipan áhættustýringar innan bankans.

Skipulag áhættustýringar og lánaeftirlits bankans er sýnt á mynd 2.1.



Mynd 2.1: Skipurit áhættustýringar og innra eftirlits.

**Stjórn** bankans ber ábyrgð á því að innviðir áhættustýringar í bankanum séu fullnægjandi til að greina, meta og stýra áhættu. Stjórn bankans skilgreinir áhættuvilja bankans sem er miðlað í stefnuskjölum um áhættustýringu.

**Bankastjóri** ber ábyrgð á því að þróa og viðhalda fullnægjandi og skilvirkri áhættustýringu og innra eftirliti innan Íslandsbanka. Að auki skipar bankastjóri framkvæmdastjóra áhættustýringar, framkvæmdastjórn, áhættunefnd, fjárfestingaráð og efnahagsnefnd.

**Innri endurskoðun** framkvæmir sjálfstætt mat og staðfestir að innra eftirlit og áhættustýring séu fullnægjandi, skilvirk og í samræmi við reglur bankans. Forstöðumaður innri endurskoðunar er skipaður af stjórn bankans og hefur, samkvæmt því, sjálfstæða stöðu innan skipurits bankans. Forstöðumaður innri endurskoðunar ber ábyrgð á innri endurskoðun bankans.

**Regluvarsla** bankans ber ábyrgð á því að ferli og viðskipti sem eiga sér stað í bankanum séu í samræmi við lög og reglur, innanhússtilskipanir og fyrirmæli.

**Framkvæmdastjóri áhættustýringar og lánaeftirlits** situr í framkvæmdastjórn og ber ábyrgð á skipan áhættustýringar innan Íslandsbanka. Framkvæmdastjórinn er í forsvari fyrir svið áhættustýringar og lánaeftirlits og ber ábyrgð á því að skilgreina dagleg verkefni deildarinnar og að meta hvort fagkunnátta sé fullnægjandi innan hennar. Að auki er framkvæmdastjóri áhættustýringar og lánaeftirlits ábyrgur fyrir því að skipuleggja áhættustýringu innan Íslandsbanka til þess að tryggja að Íslandsbanki hafi yfir að búa viðeigandi ráðum og skipulagi til þess að stýra áhættu. Þetta felur í sér áhættustýringu í útibúum og dótturfélögum.

**Svið áhættustýringar og lánaeftirlits** er óháð öðrum starfseiningum bankans. Tilvist sérstaks sviðs áhættustýringar og lánaeftirlits leysir stjórnendur bankans ekki undan þeirri ábyrgð að stýra áhættu sem tengist starfseiningum þeirra.

Ákvörðunartaka sem felur í sér áhættu byggir á nefndafyrirkomulagi sem útskýrt er hér að neðan. Til viðbótar við þá yfirsýn sem nefndirnar hafa fylgjast áhættustýring og lánaeftirlit með áhættu innan allra starfseininga bankans.

Áhættustýring og lánaeftirlit sjá um skýrslugjöf um áhættu og stöðu áhættumarka til innri og ytri hagsmunaaðila og tryggja viðeigandi viðbrögð við brotum á reglum um áhættumörk. Deildin veitir leiðbeiningar um áhættu og áhættumat, þróar, viðheldur og prófar áhættulíkön og veitir annars konar stuðning í samræmi við sína sérþekkingu. Áhættustýring og lánaeftirlit sjá einnig um innra mat á eiginfjárbörð (e. ICAAP) fyrir bankann.

Áhættustýring og lánaeftirlit bera ábyrgð á því að þróa og viðhalda innri reglum í tengslum við áhættustýringu. Deildin ber einnig ábyrgð á því að setja hæfnisstaðla, að fræða starfsfólk um stefnuskjöl og reglur bankans, að aðstoða yfirmenn starfseininga í málum tengdum áhættustýringu sem og að svara fyrirspurnum.

Ábyrgðarsviði áhættustýringar og lánaeftirlits er skipt enn frekar niður í fjórar deildir.

### 2.1.1 EIGNASAFNSÁHÆTTA OG LÍKANAGERÐ

Deildin eignasafnsáhætta og líkanagerð ber ábyrgð á því að mæla, hafa eftirlit með og gefa skýrslu um útlánaáhættu allra fjáreigna. Hún sér um að þróa, viðhalda og betrumbæta áhættustýringarlíkön sem notuð eru í tengslum við útlánaáhættu. Einingin fylgist með þeim útlánamörkum sem sett eru fram í stefnuskjali um útlánaáhættu og sér um skýrslugjöf til innri og ytri hagsmunaaðila um útlánaáhættu. Allar opinberar eða formlegar upplýsingar sem bankinn veitir um útlánaáhættu eru yfirfarnar af einingunni. Eignasafnsáhætta og líkanagerð tekur ekki þátt í einstökum útlánaákvörðunum.

### 2.1.2 ÁHÆTTUEFTIRLIT

Deildin áhættueftirlit ber ábyrgð á þróun öflugsskipulags um stýringu rekstraráhættu og skilvirkum tækjum og aðferðum til þess að mæla og hafa eftirlit með rekstraráhættu í bankanum. Áhættueftirlit safnar saman upplýsingum um rekstrartöp og greiðir fyrir sjálfsmati hvernar starfseiningar á áhættu og eftirliti. Áhættueftirlit hefur eftirlit með lykiláhættustærðum (e. KRI's) til þess að meta breytingar á rekstraráhættulýsingu bankans. Framkvæmd skipulags um stýringu órofins reksturs er samhæfð af áhættueftirliti.

Áhættueftirlitið gerir kannanir á útlánaferlum og starfsháttum innan bankans. Samræmdar og fyrirframskilgreindar kannanir á framkvæmd allra útlánaferla í einstökum útibúum eða starfseiningum eru gerðar reglulega auk sérstakra rannsókna á framkvæmd tiltekinnar ferla í öllum bankanum.

Áhættueftirlit hefur eftirlit með framkvæmd markaðsviðskipta með tilliti til þess að reglum um áhættumörk eigin viðskipta bankans sé fylgt, að reglum um útlánamörk mótaðila sé fylgt og að kröfum um tryggingar fyrir viðskiptavini og bankann séu uppfylltar. Þá eru veðköll framkvæmd af áhættueftirliti.

### 2.1.3 EFNAHAGS- OG MARKAÐSÁHÆTTA

Deildin efnahags- og markaðsáhætta ber ábyrgð á að mæla og hafa eftirlit með markaðsáhættu, lausafjáráhættu og fjármögnun bankans. Þetta felur m.a. í sér skýrslugjöf til innri og ytri hagsmunaaðila um viðeigandi áhættustöður.

Efnahags- og markaðsáhætta sjá um innra mat á eiginfjárbörð fyrir bankann og viðhalda verðlagningarlíkani fyrir útlán.

Einingin veitir mikilvægan stuðning við starfsemi markaðsviðskipta bankans sem og annarra starfseininga varðandi markaðsáhættu, lausafjáráhættu eða fjármunanotkun.

### 2.1.4 LÁNAEFTIRLIT

Lánaeftirlitið ber ábyrgð á að framkvæmd útlánaferla sé í samræmi við stefnu bankans um útlánaáhættu og lánareglur. Þetta felur í sér rekstur lánanefnda og þátttöku í einstökum útlánaákvörðunum í nefndum til að tryggja að allar útlánaákvæðanir séu í samræmi við stefnu bankans um útlánaáhættu og lánareglur. Lánaeftirlit er óháð starfseiningum og veitir hlutlægt mótvægi og hefur yfir að búa reynslu í útlánamálum sem nýtist við ákarðanatöku í útlánaferlinu.

Lánaeftirlit veitir stuðning og leiðbeiningar til starfseininga varðandi útlán og útlánaferli auk þess að eiga í dagsdaglegum samskiptum við þær um álitaeftirni er varða útlán. Lánaeftirlit ber ábyrgð á úrlausnarferli vanskilamála, eftirliti með vanefndum, athugunarlista útlána, mati á sérgreindri virðisrýrning og endanlegum afskriftum.



## 2.2 VERULEGAR ÁHÆTTUR OG STEFNUSKJÖL

Á hverju ári skilgreinir stjórnin megináhættuþætti innan Íslandsbanka og ákveður áhættuvilja stjórnarinnar með hliðsjón af þeim.

Svið áhættustýringar og lánaeftirlits ber ábyrgð á því að koma auga á þær áhættur sem eru innbyggðar í starfsemi bankans. Þessi greining er fyrst gerð í hverri starfseiningu fyrir sig og síðan tekin saman fyrir bankann í heild. Niðurstöðurnar eru bornar saman við áhættustefnu bankans og áhættuvilja. Fyrir lykiláhættur eru skrifuð sérstök stefnuskjöl sem samþykkt eru af stjórn bankans ef áhættan telst vera hlutfallslega mikil í starfsemi bankans og viðskiptaáætlun hans.

Sem sakir standa hafa eftirfarandi fjórar áhættur verið skilgreindar sem lykiláhættur í starfsemi bankans og viðskiptastefnu og eru mat á þeim, stýring og áhættumörk skilgreind í sérstökum stefnuskjölum:


- útlánaáhætta (kaflí 4),
- markaðsáhætta (kaflí 5),
- lausafjáráhætta (kaflí 6),
- rekstraráhætta (kaflí 7).

Samþjöppunaráhætta er talin vera veruleg en henni er sinnt í þeim stefnuskjölum sem varða uppruna hennar. Samþjöppunaráhætta er í stefnuskjölum um útlánaáhættu, markaðsáhættu og lausafjáráhættu.

Bankinn hefur einnig skilgreint viðskiptaáhættu, stefnumótunaráhættu og stjórn málaáhættu sem verulegar áhættur. Þessar tegundir áhættu hafa ekki sín eigin stefnuskjöl en það er samt sem áður fylgst vandlega með þeim og um þær fjallað í innra mati á eiginfjárbörf. Nánari lýsingar á þessum áhættum er að finna í kafla 7.

Meginreglum við áhættustjórnun og innra eftirlit innan Íslandsbanka er lýst í stefnu bankans um áhættustýringu og innra eftirlit.

Mynd 2.2 gefur yfirlit yfir skjöl um áhættustýringu sem háð eru samþykki stjórnar bankans.



Mynd 2.2: Skjöl áhættustýringar sem eru háð samþykki stjórnar.

Stefna Íslandsbanka um áhættuvilja er almenn yfirlýsing um áhættuþol og fjárhagsleg markmið sem ætlað er að styðja við viðskiptaáætlun bankans með því að skilgreina mörk og markmið fyrir helstu áhættuþætti.

Yfirlýsingin um áhættuvilja er lýst enn frekar í stefnuskjölum sem stjórnin samþykkir og veitir frekari upplýsingar um einstakar áhættur. Að lokum er áhættuviljinn brotinn niður í sérstök áhættumörk sem eru samþykkt af viðeigandi nefndum.

Markmið stjórnenda eru skilgreind í viðskiptaáætlun bankans sem er samþykkt af stjórninni. Viðskiptaáætlunin gefur fimm ára grunnsýn á þróun starfsemi bankans og veitir grunn að álagsprófum og þeim hluta eiginfjármats sem snýr að skipan eigin fjár.

Með innra matsferli á eiginfjárþörf (e. ICAAP) er stefnt að því að skilgreina og meta áhættur sem eru innbyggðar í starfsemi bankans og að samþætta annars vegar viðskiptastefnu og viðskiptaáætlun bankans og hins vegar áhættuvilja til þess að tryggja að bankinn eigi á hverjum tíma nægjanlegt eigið fé til þess að styðja við áhættuvilja sinn og viðskiptaáætlun.

Skjalið um skipulag annarrar stoðar lýsir verkefnum bankans samkvæmt annarri stoð Basel II. Markmið skjalsins er að veita yfirsýn yfir það hvernig tekið er á hverjum efnisþætti í 2. stoð innan bankans við skipan áhættustýringar og stjórnarháttá.

### 2.3 VERULEGAR ÁHÆTTUR EFTIR STARFSEININGUM

Íslandsbanki veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, heimila, fyrirtækja og fagfjárfesta á Íslandi. Áhættan sem fylgin er í hverri starfseiningu er mismunandi eftir því hvaða þjónusta og vörur eru í boði. Tafla 2.1 sýnir lykiláhættuþætti sem skilgreindir hafa verið í hverri starfseiningu.

| Svið               | Útlánaáhætta | Markaðsáhætta | Rekstraráhætta | Lausafjáraáhætta |
|--------------------|--------------|---------------|----------------|------------------|
| Viðskiptabankasvið | x            |               | x              |                  |
| Fyrirtækjasvið     | x            | x             | x              |                  |
| Markaðir           | x            | x             | x              |                  |
| Eignastýring       | x            |               | x              |                  |
| Fjárstýring        | x            | x             | x              | x                |

Tafla 2.1: Verulegar áhættur sem skilgreindar hafa verið innan hversrar starfseiningar.

#### 2.3.1 VIÐSKIPTABANKASVIÐ

Viðskiptabankasvið veitir bankaþjónustu til einstaklinga, heimila og til litilla og meðalstórra fyrirtækja. Undir sviðið heyrir útibúanet Íslandsbanka, fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka (Ergo) og tvö sjálfstæð dótturfélög: Kreditkort, sem er útgefandi greiðslukorta, og Borgun sem er færsluhirðir.

Helsta starfsemi viðskiptabankasviðs er lánastarfsemi og útlánaáhætta er helsti áhættuþátturinn. Rekstraráhætta er órjúfanlegur þáttur í starfseminni en er þó ekki talin mikil hlutfallslega séð. Samþjöppunaráhætta myndast bæði í gegnum lánastarfsemi viðskiptabankasviðs og við móttöku innlána.

Markaðsáhætta vegna misræmis milli eigna og skulda á viðskiptabankasviði er flutt til fjárstýringar sem stýrir áhættunni með innri verðlagningu og útlánamörkum þar sem það á við.

#### 2.3.2 FYRIRTÆKJASVIÐ

Fyrirtækjasvið býður víðtæka lánþjónustu og ráðgjafarþjónustu til miðlungsstórra og stórra fyrirtækja og fjárfesta. Helstu áhættuþættir á fyrirtækjasviði eru útlánaáhætta og samþjöppunaráhætta en einnig er nokkur markaðsáhætta innbyggð í starfseminni í tengslum við skuldabréf eða hlutabréf í fjárfestingarþótt. Eins og á viðskiptabankasviði er markaðsáhætta vegna misræmis milli eigna og skulda á fyrirtækjasviði flutt til fjárstýringar sem stýrir áhættunni með innri verðlagningu og útlánamörkum eftir því sem við á.

#### 2.3.3 MARKAÐIR

Markaðir veita viðskiptavinum bankans fjármálaráðgjöf og lausnir á sviði markaðsviðskipta og sjá um framkvæmd á markaði og aðgengi að vörum á fjármálamarkaði. Rekstraráhætta er verulegur áhættuþáttur þar sem umfang og magn viðskiptanna er mikið. Meginuppruni útlána- og markaðsáhættu er í eigin viðskiptum og millibankaviðskiptum, þar með talið vegna stýringar á lausafjárþáttum sem er háð ströngum takmörkunum. Fylgst er með stöðu trygginga, og hún metin innan dags, og veðköll eru framkvæmd þegar nauðsynlegt er samkvæmt ströngum reglum sem samþykktar hafa verið af áhættunefnd.

### 2.3.4 EIGNASTÝRING

Eignastýring veitir alhliða lausnir í eignastýringu og einkabankaþjónustu fyrir almenna fjárfesta og fagfjárfesta. Að auki veitir eignastýring ráðgjöf, fjárfestinga- og lífeyrisþjónustu fyrir viðskiptavinum viðskiptabankasviðs og stýrir einnig eignasöfnum fyrir efnameiri fjárfesta. Rekstraráhætta er verulegur áhættuþáttur í eignastýringu en útlánaáhætta er líka til staðar vegna yfirtekna lánasafnsins sem verið er að vinna ofan af.


### 2.3.5 FJÁRMÖGNUN OG FJÁRSTÝRING

Fjárstýring ber ábyrgð á skilvirkri nýtingu á efnahagsreikningi bankans í samræmi við áhættumörk sem samþykkt hafa verið af stjórn bankans. Eitt af helstu hlutverkum sviðsins felst í því að stýra fjármögnunar- og lausafjáráhættu bankans. Markaðsáhætta er einnig mikilvægur hluti af starfsemi fjárstýringar þar sem öllu misræmi milli eigna og skulda bankans er stýrt af fjárstýringu. Rekstraráhætta er verulegur áhættuþáttur en er þó ekki talin mikil hlutfallslega séð. Samþjöppunaráhætta er verulegur áhættuþáttur, sérstaklega á skuldahliðinni í tengslum við einstaka stóra innstæðueigendur eða flokka innstæðueigenda.

## 2.4 UPPBYGGING NEFNDA Í ÁHÆTTUSTÝRINGU

Skipurit nefnda sem stýra áhættum bankans er sýnt á mynd 2.3.

Áhættunefnd, efnahagsnefnd, fjárfestingaráð og framkvæmdastjórn bera ábyrgð á framkvæmd áhættustýringar og innra eftirlits í umboði stjórnar. Í krafti þess umboðs gefa nefndirnar út ítarlegar leiðbeiningar um áhættumat og einstök áhættumörk í samræmi við skilgreindan áhættuvilja bankans. Meðlimir nefnda eru skipaðir af bankastjóra.



Mynd 2.3: Uppbygging nefnda í áhættustýringu.

### 2.4.1 ÁHÆTTUNEFND

Áhættunefnd fer með stjórn og eftirlit útlánamála og annarrar mótaðilaááhættu í samræmi við lánastefnu og útlánareglur bankans. Nefndin ber einnig ábyrgð á samþjöppunaráhættu á samstæðugrundvelli. Áhættunefnd getur veitt undirnefndum valdheimildir og ákveðið útlánaheimildir til einstakra starfsmanna. Áhættunefnd ber einnig ábyrgð á að samþykkja vörur og þjónustu samkvæmt formlegu samþykktarferli innan bankans. Áhættunefndin og sérhver undirnefnd hennar taka afstöðu til einstakra lánamála er varða útlán eða mótaðilaááhættu í samræmi við heimildir sínar. Ákvörðunum varðandi áhættuskuldbindingar, sem eru umfram þær heimildir sem nefndin hefur, skal vísað til nefndar sem er ofar í skipuritinu. Lánveitingar sem eru umfram heimildir áhættunefndar eru bornar undir stjórn.

#### 2.4.2 EFNAHAGSNEFND

Efnahagsnefndin hefur umsjón með öðrum fjárhagslegum áhættum eins og markaðsáhættu, lausafjáráhættu og vaxtaáhættu í fjárfestingarbók. Efnahagsnefnd ákveður og setur viðmið fyrir þessar áhættur og stýrir stefnu bankans í markaðsáhættu og lausafjáráhættu. Nefndin hefur einnig eftirlit með ramma um ráðstöfun eigin fjár og milliverðlagningu.

#### 2.4.3 FJÁRFESTINGARÁÐ

Fjárfestingaráð tekur ákvarðanir varðandi kaup eða sölu hluta í fyrirtækjum sem og varðandi aðrar tegundir fjárfestinga, eins og í fjárfestingarsjóðum og fasteignum, í samræmi við sérstakar heimildir stjórnar og starfsreglur fjárfestingaráðs sem samþykktar hafa verið af bankastjóra.

#### 2.4.4 FRAMKVÆMDASTJÓRN

Framkvæmdastjórn bankans stýrir stefnu bankans varðandi rekstraráhættu á samstæðugrundvelli. Stefna um rekstraráhættu fjallar um hvernig rekstraráhætta er skilgreind, metin, mæld, hvernig eftirliti er háttað og hvernig slíkri áhættu er haldið í skefjum. Þar að auki hefur framkvæmdastjórnin eftirlit með orðsporsáhættu, viðskiptaáhættu og stefnumótunaráhættu.

### 2.5 SKÝRSLUGJÖF

Íslandsbanki stefnir að því að skýrslugjöf sé vel skilgreind og skilvirk til þess að tryggja eftirfylgni með áhættumörkum og markmiðum. Skýrslugjöf um verulegar áhættur er mikilvægur þáttur í kerfi áhættustýringar og innra eftirlits og vinnur bankinn að tæknilegum umbótum til að styðja enn betur við áhættustýringu. Frá stofnun bankans hefur verið gripið til ýmissa ráðstafana til þess að styrkja stjórnarhætti áhættustýringar með því að koma á fót kerfum og starfsreglum sem nauðsynleg eru til þess að stýra og lágmarka áhættu.

Í hverjum mánuði fær stjórnin áhættumælaborð sem dregur saman helstu áhættustöður í samanburði við bæði innri og lögbundin viðmið.

Áhættustýring og lánaeftirlit gera margar aðrar innri og ytri skýrslur. Helstu viðtakendur innri skýrslna eru stjórn bankans, áhættunefnd, efnahagsnefnd, fjárfestingaráð, framkvæmdastjórn og þegar það á við, innri endurskoðandi. Skýrslugjafir eru mistíðar, daglega eða innan dags, á stöðum sem breytast ört eða eru sérstakt áhyggjuefni, en vikulega, mánaðarlega og ársfjórðungslega á stöðum og söfnum sem eru stöðugri í eðli sínu. Regluvarsla hefur aðgang að öllum skýrslum til eftirlitsaðila.

Helstu opinberu upplýsingarnar sem bankinn birtir eru ársskýrsla, árs- og árshlutareikningar, áhættuskýrsla og kynningar fyrir fjárfesta. Allar þessar upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu bankans [www.islandsbanki.is/fjarfestatengsl](http://www.islandsbanki.is/fjarfestatengsl).

Árs- og árshlutareikningar bankans eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem samþykktir hafa verið af Evrópusambandinu. Lögbundnar skýrslur byggja á Basel II-kröfum og öðrum reglum sem ákvarðaðar eru af Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitinu.

Að auki starfar bankinn í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Nasdaq OMX Iceland fyrir skráð fyrirtæki þar sem Íslandsbanki er útgefandi sérvarinna skuldabréfa sem tekin eru til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

### 3 EIGINFJÁRSTÝRING

Eiginfjárlutföll Íslandsbanka hækkuðu fram eftir árinu 2011 en lækkuðu í árslok í tengslum við sameininguna við Byr. Þann 31. desember 2011 var eiginfjárlutfall bankans 22,6%. Eiginfjárbáttur A nam 120,5 milljörðum króna eða 19,1% af áhættugrunni. Til samanburðar var eiginfjárlutfall bankans í árslok 2010 26,6% og eiginfjárbáttur A 121 milljarður eða 22,6% af áhættugrunni.

Fjármálaeftirlitið hefur lagt mat á eiginfjárstöðu bankans samkvæmt sérstöku innra eftirlits- og matsferli (SREP) í samræmi við kröfur annarrar stoðar Basel II-reglnanna. Bæði innra mat bankans á eiginfjárbörf (ICAAP) og niðurstöður mats Fjármálaeftirlitsins sýna að eiginfjárstaða bankans er sterk. Núverandi eiginfjárlutföll eru vel yfir bæði innri og ytri kröfum.

#### 3.1 UMGJÖRÐ EIGINFJÁRSTÝRINGAR

Eiginfjárstýring bankans hefur það að markmiði að tryggja að eiginfjárstaða bankans sé í samræmi við undirliggjandi áhættu í rekstrinum og styðji við viðskiptaáætlun hans. Umgjörð eiginfjárstýringar byggir á kröfum eftirlitsaðila og bestu framkvæmd samkvæmt alþjóðlegum stöðlum og myndar innra matsferli á eiginfjárbörf samkvæmt annarri stoð Basel II-reglnanna (ICAAP) rammann um stýringu eiginfjár hjá Íslandsbanka.

#### 3.2 EIGINFJÁRGRUNNUR

Eiginfjárgrunnur bankans er samsettur úr tveimur þáttum:

1. eiginfjárbætti A: Innborgað hlutafé, yfirverðsreikningur hlutafjár, aðrir varasjóðir, uppsafnaður hagnaður og hlutdeild minnihluta. Öfnislegar eignir og reiknuð skatta eign eru dregnar frá eiginfjárbætti A;
2. eiginfjárbætti B: Samanstendur af 10 ára víkjandi láni í evrum. Lánið er á gjalddaga árið 2020 en framlag þess til eiginfjárbáttar B lækkar um 20% á ári þegar fimm ár eru til gjalddaga.

Samkvæmt lögum má eiginfjárbáttur B hæst nema þriðjungur af eiginfjárgrunni.

Í töflu 3.1 má sjá sundurliðun á eiginfjárgrunni bankans.

| Eiginfjárbáttur A             | 31.12.2011     | 31.12.2010     |
|-------------------------------|----------------|----------------|
| Innborgað hlutafé             | 10.000         | 10.000         |
| Yfirverðsreikningur           | 55.000         | 55.000         |
| Varasjóður                    | 2.661          | 2.498          |
| Uppsafnaður hagnaður          | 55.133         | 53.174         |
| Hlutdeild minnihluta          | 909            | 791            |
| Skatta eign                   | ( 2.629)       | ( 283)         |
| Öfnislegar eignir             | ( 544)         | ( 187)         |
| <b>Eiginfjárbáttur A alls</b> | <b>120.530</b> | <b>120.993</b> |
| <b>Eiginfjárbáttur B</b>      |                |                |
| Víkjandi lán                  | 21.937         | 21.241         |
| <b>Eiginfjárgrunnur</b>       | <b>142.467</b> | <b>142.234</b> |

Tafla 3.1: Eiginfjárgrunnur (m.kr.). Samstæða, endurskoðuð.

#### 3.3 EIGINFJÁRKRÖFUR OG EIGINFJÁRLUTFÖLL

Íslenskar eiginfjárreglur byggja á Evrópustöðlum um eigið fé alþjóðlegra fjármálafyrirtækja (CRD). Reglurnar kveða á um að eigið fé fjármálafyrirtækja sé að lágmarki 8% af áhættugrunni eins og hann er reiknaður samkvæmt fyrstu stoð Basel-staðalsins (Pillar 1). Viðbótareiginfjárkröfur vegna vanmats á áhættu undir fyrstu stoðinni eða vegna áhættuþátta sem ekki er tekið á undir fyrstu stoðinni eru ákvarðaðar undir annarri stoð (Pillar 2).

Í dag starfar Íslandsbanki samkvæmt tímabundnum viðbótareiginfjárkröfum sem Fjármálaeftirlitið hefur sett. Þessar kröfur kveða á um að eiginfjárlutfall bankans skuli að lágmarki nema 16% af áhættugrunni og að þar af skuli eiginfjárbáttur A nema að lágmarki 12%. Tafla 3.2 sýnir eiginfjárlutföll Íslandsbanka í lok árs 2010 og 2011 og niðurbrot á eiginfjárgrunni bankans.



| Eiginfjárlutföll Íslandsbanka | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|-------------------------------|------------|------------|
| Áhættugrunnur                 | 629.419    | 534.431    |
| Eigið fé                      | 142.467    | 142.234    |
| Eiginfjárbáttur A             | 120.530    | 120.993    |
| Eiginfjárlutfall              | 22,6%      | 26,6%      |
| Hlutfall eiginfjárbáttar A    | 19,1%      | 22,6%      |

Tafla 3.2: Eigið fé og eiginfjárlutföll (m.kr.). Samstæða, endurskoðuð.

Íslandsbanki notar staðalaðferð við útreikning á lágmarkseiginfjárbörf vegna útlánaáhættu og markaðsáhættu undir fyrstu stoð Basel II-reglnanna og grundvallaraðferð við útreikning á lágmarkseiginfjárbörf vegna rekstraráhættu.

### 3.3.1 ÚTLÁNAÁHÆTTA

Eiginfjárkröfur eins og þær eru reiknaðar undir fyrstu stoð Basel II-reglnanna mynda grunninn að útreikningi á eiginfjárlutföllum bankans. Lágmarkseiginfjárkröfur vegna útlánaáhættu eru reiknaðar sem 8% af áhættugrunni vegna útlánaáhættu. Áhættugrunnurinn er fenginn með því að eignir bankans eru vegnar með áhættustuðli á bilinu 0%-150% en hann er byggður á mati á greiðsluhæfi mótaðila, undirliggjandi tryggingum og tegund og tímalengd samninga.

### 3.3.2 MARKAÐSÁHÆTTA

Áhættugrunnur vegna skuldabréfa og hlutabréfa er reiknaður með því að margfalda eiginfjárkröfur vegna bréfanna með 12,5 (sem endurspeglar að eiginfjárkröfurnar eru 8% af áhættugrunni). Áhættugrunnur vegna gjaldmiðlaáhættu er fenginn með því að taka það sem stærra er af heildargnóttstöðu og heildarskortstöðu bankans í erlendum myntum. Lágmarkseiginfjárkröfur vegna gjaldmiðlaáhættu eru síðan reiknaðar sem 8% af áhættugrunninum.

### 3.3.3 REKSTRARÁHÆTTA

Samkvæmt grundvallaraðferð er áhættugrunnur vegna rekstraráhættu fenginn með því að margfalda lágmarkseiginfjárkröfuna með 12,5 líkt og gert er fyrir skuldabréf og hlutabréf við útreikning á áhættugrunni vegna markaðsáhættu.


Samkvæmt grundvallaraðferð er eiginfjárfraða rekstraráhættu jöfn 15% af viðeigandi mælikvarða. Viðeigandi mælikvarði er meðaltal samtölu hreinna vaxtatekna og hreinna tekna, sem ekki bera vexti, á þremur árum.

Í töflu 3.3 má sjá niðurbrot á lágmarkseiginfjárkröfum og áhættugrunni samkvæmt fyrstu stoð.

| Eiginfjárbörf og áhættugrunnur  | 31.12.2011                  |                | 31.12.2010                  |                |
|---|-----------------------------|----------------|-----------------------------|----------------|
|   | Eiginfjárbörf undir 1. stoð | Áhættugrunnur  | Eiginfjárbörf undir 1. stoð | Áhættugrunnur  |
| <b>ÚTLÁNAÁHÆTTA</b>   | <b>42.584</b>               | <b>532.301</b> | <b>35.247</b>               | <b>440.586</b> |
| Ríki eða Seðlabankar  | 105                         | 1.314          | 123                         | 1.535          |
| Sveitarfélög  | 91                          | 1.143          | 83                          | 1.031          |
| Opinberar stofnanir og félög ekki í samkeppnisrekstri                         | 194                         | 2.423          | 126                         | 1.569          |
| Fjármálastofnanir   | 687                         | 8.589          | 512                         | 6.398          |
| Fyrirtæki   | 17.401                      | 217.513        | 17.163                      | 214.543        |
| Einstaklingar   | 9.614                       | 120.177        | 7.092                       | 88.649         |
| Tryggt með veði í fasteign  | 2.249                       | 28.117         | 1.973                       | 24.664         |
| Vanskil   | 6.330                       | 79.123         | 5.064                       | 63.296         |
| Fasteignir, búnaður og fastafjármunir til sölu ásamt öðrum eignum             | 4.387                       | 54.840         | 2.756                       | 34.452         |
| Hlutir á gangvirkri, hlutir í hlutdeildarfélögum og eignahlutir í sölumæðferð | 1.525                       | 19.061         | 356                         | 4.448          |
| <b>MARKAÐSÁHÆTTA</b>  | <b>1.336</b>                | <b>16.695</b>  | <b>1.181</b>                | <b>14.766</b>  |
| Skuldabréf  | 61                          | 757            | 274                         | 3.429          |
| Hlutabréf   | 91                          | 1.138          | 92                          | 1.154          |
| Gjaldmiðlar   | 1.184                       | 14.800         | 815                         | 10.183         |
| <b>REKSTRARÁHÆTTA</b>   | <b>6.434</b>                | <b>80.423</b>  | <b>6.326</b>                | <b>79.079</b>  |
| <b>Samtals</b>  | <b>50.354</b>               | <b>629.419</b> | <b>42.755</b>               | <b>534.431</b> |

Tafla 3.3: Niðurbrot á lágmarkseiginfjárkröfum og áhættugrunni samkvæmt fyrstu stoð (ma. kr.). Samstæða, óendurskoðuð.

Mynd 3.1 sýnir helstu breytingar í áhættugrunni bankans á árinu 2011. Það eru einkum þrír þættir sem leiða til hækkunar á áhættugrunninum: 1) Aukning eigna vegna samruna við Byr, 2) aukning eigna vegna yfirtöku dótturfélaga og endurskipulagningar lánasafns og 3) virðisbreytingar á hlutabréfum. Alls nam hækkun áhættugrunns vegna þessara þátta 109 milljörðum króna. Á móti kemur að endurskipulagning á útlánum viðskiptavina og endurgreiðslur lána leiddu til lækkunar áhættugrunns sem nam 17 milljörðum króna.



Mynd 3.1: Breytingar á áhættugrunni frá árslokum 2010 til ársloka 2011 (ma. kr.). Samstæða, óendurskoðuð.


### 3.4 ÚTDEILING EIGIN FJÁR

Útdeiling eigin fjár, til viðskiptaeininga og niður á einstakar stöður, er lykilþáttur í eiginfjárstýringu bankans, verðlagningu og afkomumælingum. Útdeiling eigin fjár tekur til eiginfjárbáttar A og miðast við þá lágmarkskröfu sem bankinn starfar samkvæmt í dag. Hvert útibú eða viðskiptaeining bindur þannig eigið fé sem nemur 12% af áhættugrunni sem útlán og aðrir fjármálagjörningar viðkomandi einingar fela í sér. Arðsemi hvernar einingar er reiknuð sem hagnaður á úthlutað eigið fé og myndar þannig áhættuveginn afkomumælikvarða.

### 3.5 INNRA MAT Á EIGINFJÁRÞÖRF (ICAAP)

Undir annarri stoð Basel II-reglnanna er kveðið á um að innan bankans sé vel skilgreint ferli til að meta eiginfjárbörf bankans m.ö.o. innra mat á eiginfjárbörf (ICAAP). Í gegnum innramatsferlið er lagt mat á eiginfjárbörf vegna þeirra áhættuþátta sem annaðhvort eru vanmetnir eða ekki tekið tillit til undir fyrstu stoðinni. Á hverju ári eru niðurstöður innramatsferlisins lagðar fyrir stjórn bankans til samþykktar og í framhaldinu eru niðurstöðurnar sendar til Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið metur í framhaldinu hvort innra matsferli bankans og niðurstöður séu fullnægjandi og í samræmi við lög og reglur. Í ágúst 2011 skilaði Fjármálaeftirlitið niðurstöðum vegna ICAAP-skýrslu Íslandsbanka fyrir 2010. Niðurstöður eftirlitsins staðfesta að eigið fé bankans er fullnægjandi og vel yfir bæði innri og ytri kröfum.

Mynd 3.2 sýnir helstu skref í innra mati Íslandsbanka á eiginfjárbörf.



Mynd 3.2: Innra mat á eiginfjárbörf, helstu skref.

### Lágmarkseiginfjárkröfur undir 1. stoð

Fyrsta skrefið í að meta eiginfjárþörf bankans byggir á útreikningum samkvæmt 1. stoð í samræmi við það sem lýst er í kafla 3.1.

### Eiginfjárkröfur undir 2. stoð

Eiginfjárþörf undir annarri stoð er ákvörðuð með eftirfarandi hætti:

- a) Tekið er tillit til þeirra áhættuþátta sem eru vanmetnir eða ekki tekið tillit til undir fyrstu stoðinni. Til viðbótar við lágmarkseiginfjárþörf eins og hún er reiknuð undir 1. stoð er reiknuð eiginfjárþörf undir 2. stoð vegna áhættuþátta sem eru vanmetnir eða ekki tekið tillit til undir fyrstu stoðinni. Útreiknuð eiginfjárþörf undir 1. stoð og 2. stoð a myndar lágmarkseiginfjárþörf samkvæmt innra mati bankans.
- b) Reiknuð er lækkun á eigið fé vegna álagsprófa eða aukin eiginfjárþörf til að styðja við viðskiptaáætlun bankans.

Lágmarkseiginfjárþörf bankans byggir á rekstri í hefðbundnu rekstrarumhverfi. Bankinn þarf hins vegar að tryggja að eiginfjárstaðan sé nægjanlega sterk til að styðja við reksturinn í erfiðu rekstrarumhverfi (e. stressed market conditions) og til að styðja við breytingar í starfsemi á næstu árum. Bankinn gæti því þurft að halda eigið fé umfram útreiknað lágmark til að geta mætt erfiðum rekstraraðstæðum og til að styðja við áætlaðan vöxt. Til að meta þörf bankans fyrir viðbótareigið fé beitir bankinn álagsprófum þar sem áhrif mismunandi álagsþátta á afkomu bankans og viðskiptaáætlun eru metin.

#### 3.5.1 ÁLAGSPRÓF

Viðskiptaáætlun Íslandsbanka byggir á stefnumótunarvinnu með aðkomu allra eininga bankans. Greiningardeild bankans leggur fram grunnspá um þróun helstu hagstærða sem notuð er til grundvallar fyrir áætlun og markmiðssetningu einstakra viðskiptaeininga. Áætlanir og markmið einstakra deilda mynda síðan viðskiptaáætlun fyrir bankann í heild. Viðskiptaáætlunin er samþykkt af stjórn og er grunnurinn fyrir álagspróf bankans.

Álagspróf bankans fela í sér mat á frávikum í þróun einstakra áhættuþátta og hvernig slík frávik hafa áhrif á rekstur bankans og afkomu. Álagsprófin byggja bæði á tölfræðilegum niðurstöðum áhættumatslíkana bankans sem og mati sérfræðinga. Niðurstöðurnar eru síðan notaðar sem grunnur fyrir áætlun um þróun eigin fjár og mögulegar arðgreiðslur. Ef niðurstöður álagsprófanna eru ekki í samræmi við áhættuvilja eins og hann hefur verið samþykktur af stjórn er gripið til viðeigandi aðgerða.

## 4 ÚTLÁNAÁHÆTTA

Í lok árs 2011 námu áhættuskuldbindingar vegna útlána 608 milljörðum króna samanborið við 546 milljarða í lok árs 2010 sem er aukning um 11,4%.

Helsta ástæðan fyrir þessari aukningu er sameining Íslandsbanka og Byrs í desember 2011. Lánasafnið frá Byr samanstendur aðallega af lánnum til einstaklinga og lítilla til meðalstórra fyrirtækja og þar af leiðandi styrkti sameiningin viðskiptabankaþjónustu bankans og stuðlaði að fjölbreyttara lánasafni. Fyrir sameininguna hafði lánasafnið dregist saman þar sem endurgreiðslur útistandandi lána voru hærri en nýjar lánveitingar.

Endurskipulagning lánasafnsins var eitt af lykilverkefnum bankans á árinu 2011. Skuldir heimila voru lækkaðar töluvert með endurútreikningi á erlendum lánnum og höfuðstólslækkun í 110% leiðinni. Þessi endurskipulagning hafði aftur á móti ekki teljandi áhrif á bókfært virði lánanna vegna þess að lánasafnið var tekið yfir með miklum afslætti. Skuldir fyrirtækja voru einnig lækkaðar í með skuldaaðlögun og endurútreikningi erlendra lána.

Gæði lánasafnsins hafa aukist á árinu 2011, bæði þegar miðað er við svokallaðan LPA-mælikvarða og hvað varðar hlutfall lána í vanefndum. Enn er þó nokkur vinna eftir, sérstaklega hvað varðar lánin sem voru yfirtekin frá Byr en bankinn telur að hægt sé að ljúka endurskipulagningu lánasafnsins án frekari virðisrýrnunar.

Bankinn tekur útlánaáhættu þegar hann veitir lán, ábyrgðir og aðrar lánaafurðir í daglegum rekstri sínum. Útlánaáhætta er helsti áhættuþátturinn í starfsemi bankans og hluti af kjarnastarfsemi hans.

Bankinn hefur markað sér stefnu og mótað verklagsreglur til stýringar á útlánaáhættu. Markmiðið með stýringunni er að ná ásættanlegu jafnvægi milli áhættu og arðsemi og lágmarka möguleg neikvæð áhrif útlánaáhættu á fjárhagslega afkomu bankans.

Lánasöfnin sem voru tekin yfir af Glitni banka árið 2008 og Byr 2011 mynda stærsta hlutann í útlánaáhættu bankans. Þar sem lánasöfnin voru tekin yfir með miklum afslætti og eru enn í endurskipulagningu kann að vera að hefðbundnir mælikvarðar á útlánaáhættu séu ekki nægilega lýsandi.

Þessi kafli útskýrir hvar útlánaáhætta bankans liggur og hvernig útlánaáhætta er mæld, hvernig eftirliti með útlánaáhættu er háttað og hvernig hún er lágmarkuð.

### 4.1 SKILGREINING Á ÚTLÁNAÁHÆTTU

Útlánaáhætta er skilgreind sem áhættan á tapi fyrir bankann ef viðskiptavinur eða mótaðili í fjármálagerningi stendur ekki við samningsbundnar skuldbindingar sínar. Í þessu felst meðal annars hættan á að viðskiptavinur komist í greiðsluþrot eða að endurheimtur verði minni en vænst var.

Samþjöppunaráhætta skapast þegar sameiginlegir áhættuþættir einkenna marga viðskiptavini bankans, svo sem atvinnugrein, efnahagsumhverfi, landfræðileg staðsetning, gerð fjármálagerninga eða innbyrðis tengsl mótaðila. Stórar áhættuskuldbindingar til einstakra aðila eða til hóps tengdra viðskiptamanna þar sem greiðsluþrot eins eykur verulega líkur á greiðsluþroti annarra aðila í hópnnum eru meðhöndlaðar sem samþjöppunaráhætta.

### 4.2 STEFNA, SKIPULAG OG ÁBYRGÐ

Stefna Íslandsbanka er að vera með hóflega útlánaáhættu. Markmið bankans er að yfir lengri tíma séu árleg útlánatöp að jafnaði innan við 0,9% af lánasafninu. Áhættuviljinn endurspeglast í samsetningu áhættumarkna og er stýrt með notkun líkana sem meta útlánaáhættu.

Bankinn stýrir útlánaáhættu með því að setja mörk sem miðast við einstaka lánatakendur, hópa lánataka, lönd og atvinnugreinar.

Lánaferli bankans byggir á nefndafyrirkomulagi. Áhættunefnd er ábyrg fyrir því að stýra og hafa eftirlit með útlána- og mótaðilaáhættu. Hún setur lánareglur og stýrir verklagi við lánaferli bankans. Áhættunefndin tilnefnir meðlimi lánanefnda og úthlutar útlánaheimildum til undirnefnda sinna og til einstakra starfsmanna. Áhættunefnd afgreiðir lánamál í samræmi við útlánaheimildir sem settar eru af stjórn og er ábyrg fyrir varúðarfærslum, virðisrýmun og endanlegum afskriftum. Áhættunefndin samþykkir áhættumatslíkön bankans og samþykkir formlega allar vörur og þjónustu sem bankinn býður uppá.

Viðskiptaeiningarnar leggja fram útlánatillögur til lánanefnda þegar heildaráhættuskuldbinding viðskiptavinar að viðbættum þeim útlánnum sem sótt er um er hærri en útlánaheimild einingar. Tveir starfsmenn með útlánaheimild skulu koma að afgreiðslu og staðfestingu hvorrar lánveitingar og þarf hið minnsta annar þeirra að hafa útlánaheimild er

rúmar fjárhæð heildarlánveitingar til viðkomandi aðila. Allar ákvarðanir um útlán eru skjalfestar og skráðar. Hverjum viðskiptavini eru sett viðskiptamörk sem eru endurskoðuð að minnsta kosti árlega.

Lánaeftirlit ber ábyrgð á framkvæmd útlánaferla í samræmi við stefnu bankans um útlánaáhhættu og útlánareglur. Áhættueftirlit framkvæmir úttektir á útlánaferlum og starfsháttum innan bankans. Eignasafnsáhætta og líkanagerð ber ábyrgð á því að mæla, hafa eftirlit með og gefa skýrslur um útlánaáhhættu.

### 4.3 LÁNAFERLI

Í útlánareglum bankans eru settar fram almennar meginreglur um útlán, ábyrgðir og aðrar vörur sem bankinn ber áhættu af. Allar ákvarðanir um útlán eru byggðar á mati á greiðslugetu viðskiptavina. Traust og trúnaður milli bankans og viðskiptamanns eru forsenda lánveitingar. Góðar tryggingar einar og sér réttlæta ekki lánveitingu til viðskiptavina með ófullnægjandi greiðslugetu.

Til að draga úr áhættu krefst bankinn trygginga sem eru viðeigandi hverju sinni, en það getur verið misjafnt eftir tegundum lántaka og lánsforma. Mat á tryggingum miðar við áætlað upplausnarvirði við greiðsluþrot þar sem venjulega er ekki gripið til trygginga fyrr en lántaki er í verulegum vandræðum með að endurgreiða lánið. Áhættunefnd skipar tryggingaráð sem leggur fram leiðbeiningar um mat á tryggingum og veðsettum eignum og skipar einnig kvótaráð til þess að meta tryggingar sem eiga að veða á móti útlánaáhhættu í sjávarútvegi, þar með talið verðmæti aflaheimilda. Markmiðið er að mat á tryggingum sé samræmt innan bankans.

Helstu tegundir trygginga sem bankinn samþykkir eru atvinnu- og íbúðarhúsnæði, fiskiskip með aflaheimildum, verðbréf og ábyrgðir.

### 4.4 MÆLING OG EFTIRLIT

Bankinn styðst við eigin matslíkön til þess að meta líkur á vanefndum fyrirtækja og einstaklinga. Áhættumat á stærri fyrirtækjum byggir á nýjustu ársreikningum ásamt eigindlegu mati á stjórnendum, markaðsstöðu og atvinnugreininni sem fyrirtækið starfar í. Fyrirtækjalíkanið flokkar lánþega í einn af tíu áhættuflokkum. Níu áhættuflokkar eru fyrir lánþega sem eru í skilum og einn áhættuflokkur er vegna vanefnda.

Fyrir einstaklinga og lítil til meðalstór fyrirtæki, þar sem heildaráhætta gagnvart bankanum er minni en 150 milljónir króna, notar bankinn tvenns konar tölfræðileg matslíkön til að meta líkur á vanefndum. Líkönin eru atferlislíkön sem byggja á sögulegum upplýsingum um greiðsluhegðun viðskiptavina. Atferlislíkönin flokka viðskiptavini eftir greiðslugetu þeirra og tengja meðalvanefndalíkur til lengri tíma við hvern flokk.

Tafla 4.1 sýnir vörpun milli áhættuflokks og vanefndalíkinda fyrir áhættulíkönin þrjú. Líkur á vanefndum samsvara meðalvanefndahlutfalli til lengri tíma þar sem vanefndir eru skilgreindar sem vanskil í meira en 90 daga eða sérstök virðisrýrnun.


| Áhættuflokkur | Fyrirtæki | Lítill til meðalstór fyrirtæki | Einstaklingar |
|---------------|-----------|--------------------------------|---------------|
| 1             | 0,25%     | —                              | 0,15%         |
| 2             | 0,43%     | —                              | 0,37%         |
| 3             | 0,75%     | —                              | 0,73%         |
| 4             | 1,3%      | 0,48%                          | 2,15%         |
| 5             | 2,3%      | 1,0%                           | 3,85%         |
| 6             | 4,1%      | 2,9%                           | 5,0%          |
| 7             | 7,1%      | 8,0%                           | 7,9%          |
| 8             | 12,5%     | 16%                            | 14,6%         |
| 9             | 21,8%     | 35%                            | 34%           |

Tafla 4.1: Vanefndir fyrir hvern áhættuflokk fyrir mismunandi matslíkön.


Vanskilaupplýsingar fyrir tímabilið frá 30. júní 2002 til 30. júní 2008 voru notaðar til að kvarða áhættumatslíkanið fyrir stærri fyrirtæki en gögn frá 30. júní 2004 til 30. júní 2011 voru notuð við kvörðun líkana fyrir einstaklinga og lítilla til meðalstórra fyrirtækja.

Myndir 4.1 til 4.3 sýna hvernig lánasöfnin skiptast á vanefndalíkindabil fyrir líkönin þrjú. Til að gera myndirnar samanburðarhæfar eru líkindabil vanefnda notuð í stað áhættuflokka. Lánasafn Byrs og lán í vanefndum eru undanskilin í þessari greiningu. Dreifingin fyrir lítill til meðalstór fyrirtæki annars vegar og einstaklinga hins vegar er mjög svipuð á milli ára. Dreifingin á fyrirtækjalíkaninu sýnir á hinn bóginn breytingu í átt að lægri vanefndalíkum vegna árangurs við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja.






Mynd 4.1: Dreifing útlánaáhættu eftir líkum á vanefndum fyrir stærri fyrirtæki. Móðurfélag, óendurskoðað.



Mynd 4.2: Dreifing útlánaáhættu eftir líkum á vanefndum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Móðurfélag, óendurskoðað.



Mynd 4.3: Dreifing útlánaáhættu eftir líkum á vanefndum einstaklinga. Móðurfélag, óendurskoðað.

#### 4.4.1 BÓKFÆRT VIRÐI LÁNA

Lán telst hafa verið tekið yfir með miklum afslætti (e. deep discount) þegar gangvirði á kaupdegi er talsvert lægra en eftirstöðvar lánsins samkvæmt skilmálum lánasamnings. Stór hluti eigna bankans var tekinn yfir með miklum afslætti. Afslættinum var ætlað að mæta því útlánatapi sem hafði átt sér stað á yfirtökudegi og mögulegu framtíðartapi næstu þrjú til fimm ár. Þar sem framtíðartap var tekið með í reikninginn þá ætti að meðaltali ekki að verða neitt útlánatap á hinu yfirtekna lánasafni fyrstu þrjú til fimm árin.

Vegna munar á milli eftirstöðva lána og bókfærðs virðis þeirra er bankinn þeirrar skoðunar að lánasafnið geti að jafnaði verið endurskipulagt án þess að bókfært virði safnsins lækki frekar. Í sumum tilvikum mun afslátturinn þó ekki duga til að mæta afskriftum en í öðrum tilvikum mun niðurstaða fjárhagslegrar endurskipulagningar leiða til þess að heimtur verði betri en áætlað er nú.

Lán eru talin virðisryrð ef bankinn hefur fært framlag vegna virðisryrnunar sem nemur ákveðinni fjárhæð til viðbótar við afsláttinn sem fékkst við yfirtöku lánsins.

Virðisryrnunarframlagi má skipta í þrjú hluta, sérgreinda virðisryrnun, virðisryrnun vegna gengisbreytinga og almenna virðisryrnun. Lán teljast virðisryrð ef bankinn væntir þess að endurgreiðslur láns verði ekki í samræmi við skilmála lánsins og ef líklegt er talið að fjárhagsleg endurskipulagning lánþega leiði til þess að hluti af útláninu tapist. Virðisryrnun vegna gengisbreytinga er færð á lán í erlendri mynt þar sem áætluð greiðslugeta lántaka er takmörkuð í íslenskum krónum. Þessi lán eru virðisryrð vegna gengisbreytinga ef gengi krónunnar lækkar þannig að bókfært virði þeirra haldist fast í krónum. Almenn virðisryrnun endurspeglar útlánatöp sem ekki er hægt að færa á tiltekin lán strax.

#### 4.4.2 MISMUNUR EFTIRSTÖÐVA LÁNA OG BÓKFÆRÐS VIRÐIS

Mismuninum milli eftirstöðva lána og bókfærðs virðis var á kaupdegi skipt í tvo hluta, annars vegar upphaflega virðisryrnun, sem ætlað var að ná yfir útlánatöp og hins vegar afföll sem ætlað er að ná yfir mismuninn milli

samningsvaxta og þeirrar arðsemi sem nauðsynleg er með hliðsjón af fjármögnunarkostnaði bankans og áhættuálagi. Upphaflega virðisrýrnunin og afslátturinn eru ekki sett beint fram í reikningum bankans en kom fram í samstæðureikningi bankans fyrir árið 2008.

Yfirtekin lán eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Þetta þýðir að afslátturinn er afskrifaður yfir tiltekið tímabil og þannig lagður við bókfært virði.

Aðrar breytingar á bókfærðu virði eru sérgreind virðisrýrnun, virðisrýrnun vegna gengisbreytinga og auknar endurheimtur. Þessar breytingar eru, ólíkt upphaflegri virðisrýrnun og þeim afslætti sem eftir stendur, sýnilegar í reikningum bankans.



Mynd 4.4: Munurinn milli eftirstöðva lána og bókfærðs virðis.

Mynd 4.4 sýnir hvernig eftirstöðvar lána skiptast í sex mismunandi hluta. Sérgreind virðisrýrnun og auknar endurheimtur eru notaðar þegar áætlaðar endurheimtur láns eru aðrar en upphaflega var gert ráð fyrir. Ef áætlaðar endurheimtur lækka þá bætist við sérgreinda virðisrýrnun og ef áætlaðar endurheimtur hækka bætist við auknar endurheimtur.

#### 4.4.3 VIRÐISRÝRÐ LÁN

Tafla 4.2 sýnir virðisrýrð lán og lán í vanskilum og er áþekkt skýringum nr. 32, 34 og 66 í ársreikningi.

31. desember 2011

| Virðisrýrð eða í vanskilum   | Lán sem eru hvorki í vanskilum né virðisrýrð | Lán í vanskilum en ekki sérstaklega virðisrýrð | Lán með sérgreinda virðisrýrnun | Virðisrýrð lán vegna gengisbreytinga | Samtals        |
|------------------------------|--|--|---------------------------------|--------------------------------------|----------------|
| Útlán til lánastofnana       |  |  |                                 |                                      |                |
| Brúttó                       | 43.655                                       | –  | 555                             | –                                    | 44.210         |
| Virðisrýrnunarframlag        | –  | –  | 555                             | –                                    | 555            |
| Nettó                        | 43.655                                       | –  | 0                               | –                                    | 43.655         |
| Lán til einstaklinga         |  |  |                                 |                                      |                |
| Brúttó                       | 177.724                                      | 40.138   | 8.318                           | 8.909                                | 235.089        |
| Virðisrýrnunarframlag        | –  | –  | 3.349                           | 3.551                                | 6.900          |
| Nettó                        | 177.724                                      | 40.138   | 4.969                           | 5.358                                | 228.189        |
| Lán til fyrirtækja           |  |  |                                 |                                      |                |
| Brúttó                       | 230.738                                      | 30.825   | 92.017                          | 17.329                               | 370.909        |
| Virðisrýrnunarframlag        | –  | –  | 28.831                          | 5.872                                | 34.703         |
| Nettó                        | 230.738                                      | 30.825   | 63.186                          | 11.457                               | 336.206        |
| Þar af almenn virðisrýrnun   |  |  |                                 |                                      | 915            |
| <b>Bókfært virði samtals</b> | <b>452.116</b>                               | <b>70.963</b>                                  | <b>68.155</b>                   | <b>16.815</b>                        | <b>608.050</b> |

31. desember 2010

| Virðisrýrð eða í vanskilum   | Lán sem eru hvorki í vanskilum né virðisrýrð | Lán í vanskilum en ekki sérstaklega virðisrýrð | Lán með sérgreinda virðisrýrnun | Virðisrýrð lán vegna gengisbreytinga | Samtals        |
|------------------------------|--|--|---------------------------------|--------------------------------------|----------------|
| Útlán til lánastofnana       |  |  |                                 |                                      |                |
| Brúttó                       | 30.842                                       | 8  | 606                             | –                                    | 31.456         |
| Virðisrýrnunarframlag        | –  | –  | 586                             | –                                    | 586            |
| Nettó                        | 30.842                                       | 8  | 20                              | –                                    | 30.870         |
| Lán til einstaklinga         |  |  |                                 |                                      |                |
| Brúttó                       | 123.086                                      | 21.194   | 726                             | 36.560                               | 181.566        |
| Virðisrýrnunarframlag        | –  | –  | 110                             | 8.742                                | 8.853          |
| Nettó                        | 123.086                                      | 21.194   | 616                             | 27.817                               | 172.713        |
| Lán til fyrirtækja           |  |  |                                 |                                      |                |
| Brúttó                       | 199.007                                      | 18.363   | 136.910                         | 41.031                               | 395.310        |
| Virðisrýrnunarframlag        | –  | –  | 44.927                          | 7.936                                | 52.863         |
| Nettó                        | 199.007                                      | 18.363   | 91.983                          | 33.095                               | 342.447        |
| Þar af almenn virðisrýrnun   |  |  |                                 |                                      | 991            |
| <b>Bókfært virði samtals</b> | <b>352.935</b>                               | <b>39.565</b>                                  | <b>92.619</b>                   | <b>60.912</b>                        | <b>546.031</b> |

Tafla 4.2: Virðisrýrð lán og lán í vanskilum (m.kr.). Samstæða, óendurskoðuð.

Lán með sérgreinda virðisrýrnun hafa verið metin hvert fyrir sig og eru talin vera virðisrýrð umfram afslátt sem fékkst á kaupdegi. Viðbótarvirðisrýrnunin er færð sem tap fyrir bankann. Ef sérstakt mat gefur til kynna að áætlaðar endurheimtur lánsins verði meiri en upphaflega var gert ráð fyrir er munurinn tekjufærður.

Gengishreyfingar á erlendum lánnum með íslenskt greiðslustreymi eru innleystar að fullu en þar sem bankinn gerir ekki ráð fyrir gengishagnaði í tengslum við þessi lán er virðisrýrnun vegna gengisbreytinga gjaldfærð á lánið. Ekki ætti að líta á þessa virðisrýrnun sem tap af yfirtökuverðinu þar sem eignirnar voru skilgreindar sem íslenskar eignir þegar þær voru yfirteknar.

Almenn virðisrýrnun er færð til viðbótar við sérstaka virðisrýrnun. Grunnurinn að almennu virðisrýrnuninni eru þau lán sem ekki hafa hlotið sérstaka virðisrýrnun og voru ekki tekin yfir með miklum afslætti. Lánasafnið sem var yfirttekið frá Byr er fært á gangvirði m.v. 30. nóvember 2011 og hefur ekki almenna virðisrýrnun. Almenna virðisrýrnunin er metin út frá áhættuflokkum og sögulegri reynslu á útlánatöpum.


**Lán í vanskilum en ekki sérstaklega virðisrýrð** eru lán þar sem samningsbundnar vaxta- eða höfuðstólsgreiðslur eru gjaldfallnar en bankinn telur að ekki sé tilefni til sérstakrar virðisrýrnunar. Gert er ráð fyrir að þau lán verði endurskipulögð án taps fyrir bankann vegna afsláttar, fullnægjandi trygginga eða vegna þess að líklegt er talið að samningsbundnar greiðslur verði inntar af hendi. Aldursgreiningu lána í vanskilum má finna í skýringu nr. 67 í reikningum bankans.

Lánasafnið sem tekið var yfir frá Byr var metið á gangvirði á kaupdegi og hefur þar af leiðandi ekki verið virðisrýrt sérstaklega af bankanum eftir yfirtökuna. Hins vegar er stór hluti safnsins í vanskilum og því hefur fjárhæð lána í vanskilum án virðisrýrnunar hækkað á milli reikningstímabila.

**4.4.4 ERFIÐLEIKALÁN**

Vegna afsláttar á lánasafninu gefa virðisrýrð lán í ársreikningi ekki heildarmyndina af lánum þeirra viðskiptavina sem eru í greiðsluvanda. Til þess að gefa betri yfirsýn er hægt að bæta við mengið þeim lánnum sem eru í meira en 90 daga vanskilum en hafa þó ekki verið virðisrýrð sérstaklega. Þetta er skilgreining okkar á erfiðleikalánum.

Hlutfall erfiðleikalána á móti heildarlánnum hefur lækkað jafnt og þétt síðan í júní 2010 eins og sést á mynd 4.5. Fjárhagsleg endurskipulagning viðskiptavina er helsta ástæða lækkunarinnar og hafa lausnir fyrir viðskiptavinum með erlend lán haft mikil áhrif. Hlutfall lána til einstaklinga í vanefndum er almennt lægra en í heildarlánasafninu.




Mynd 4.5: Hlutfall lána í vanskilum af heildarlánasafni og lánasafni einstaklinga. Samstæða, óendurskoðuð.

**4.4.5 ENDANLEGAR AFSKRIFTIR ÚTLÁNA**


Almennt eru útlán endanlega afskrifuð þegar samningur hefur náðst við lántaka um uppgjör eftirstöðva lána, þegar ákvörðun hefur verið tekin af dómstólum sem takmarkar endurheimtur bankans eða þegar lögfræðinnheimta hefur verið reynd til fulls. Endanlegar afskriftir eru líka gerðar samhliða endurskipulagningarúrræðum þar sem hluti lánanna er gefinn eftir til að lækka skuldsetningu lántaka. Þessi úrræði eru til dæmis 110% leiðin, höfuðstólslækkun og fleira. Í ársreikningi eiga afskrifaðar fjárhæðir aðeins við um þann hluta eftirstöðva sem er sýnilegur í reikningnum. Ef upphaflegur afsláttur eða afföll eru nýtt á móti afskriftum þá kemur ekkert fram um það í reikningnum.

**4.4.6 FASTAFJÁRMUNIR TIL SÖLU OG AFLÖGÐ STARFSEMI**

Fullnusta eigna á sér einungis stað eftir að allra annarra ráða til að bæta fjárhagslega stöðu viðskiptavina hefur verið leitað. Fullnustueignum er skipt í tvo flokka. Í fyrri flokknum er eru fullnustueignir og í seinni flokknum eru eignir fyrirtækja sem bankinn á meira en 50% eignarhlut í án þess þó að fyrirtækin teljist sem dótturfyrirtæki í samstæðu. Þessi fyrirtæki flokkast sem aflögð starfsemi til sölu. Í lok árs 2011 nam virði fullnustueigna bankans 43 milljörðum króna. Bankinn yfirtók þessar eignir með vörslusviptingum í kjölfar greiðslufalls, endurskipulagningar skulda eða gjaldþrota viðskiptavina hans. Aukning fullnustueigna í lok árs 2011 skýrist að mestu vegna sameiningar við Byr og yfirtöku á eignarhlutum í fasteignafélaginu Höfðatorgi ehf.



Mynd 4.6: Fastafjármunir til sölu (bókfært virði, m.kr.). Samstæða, óendurskoðuð.



Mynd 4.7: Eignasamstæður í sölumæðferð (bókfært virði, m.kr.). Samstæða, óendurskoðuð.

#### 4.4.7 STÓRAR ÁHÆTTUR

Bankinn leitast við að takmarka stórar áhættur. Stór áhættuskuldbinding er skilgreind sem áhætta hóps tengdra viðskiptamanna sem nemur meira en 10% af eiginfjárgrunni bankans. Áhættuskuldbindingar eru metnar að frádregnum þeim þáttum sem veða á móti áhættunni og sem heimilt er að taka mið af samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 216/2007.

Bankinn notar eigin aðferð til að skilgreina tengsl milli viðskiptavina. Aðferðin endurspeglar túlkun bankans á a-lið 1. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki þar sem hópar tengdra viðskiptavina eru skilgreindir.

Þann 31. desember 2011 var bankinn með eina stóra áhættuskuldbindingu sem nam 15% af eiginfjárgrunni. Engin stór áhætta er umfram 25% af eiginfjárgrunni, sem er hámarkið sem kveðið er á um í lögum. Bankinn leitast við að lágmarka samþjöppunaráhættu meðal lántaka og hefur innri áhættumörk vegna samanlagðra áhættuskuldbindinga til 20 stærstu hópa tengdra viðskiptavina sem fylgst er með mánaðarlega.

#### 4.4.8 SAMÞJÖPPUN ATVINNUGREINA

Bankinn flokkar mótaðila eftir starfsemi, undirliggjandi áhættu og hegðunareinkennum. Gagnsæisreglu (e. see-through principle) er beitt á fjárfestingarfélag sem eiga hluti í öðrum fyrirtækjum en hvorki framleiða sjálf vörur né veita þjónustu. Félagið er þá flokkað í sömu atvinnugrein og fjárfestingar þess en ekki sem fjárfestingarfélag.

Bankinn setur áhættumörk á einstakar atvinnugreinar auk samanlagðrar áhættu vegna þriggja stærstu atvinnugreinanna sem hlutfall af heildarútlánaáhættu bankans. Unnin er skýrsla um þessi áhættumörk sem er kynnt mánaðarlega fyrir áhættunefnd.

#### 4.4.9 LANDFRÆÐILEG SAMÞJÖPPUN

Landaáhætta felur í sér stjórnmalalega áhættu, gengisáhættu, efnahagslega áhættu og áhættu vegna fjármagnsflutninga þ.e. þá efnahagslegu þætti sem gætu haft umtalsverð áhrif á viðskiptaumhverfið í viðkomandi landi.

Áhættumörk eru sett til að stýra landaáhættu og eiga þau mörk við það land sem uppruni áhættuskuldbindingarinnar er. Heimamarkaðir eru ekki háðir landfræðilegum áhættumörkum en Ísland telst vera heimamarkaður.

#### 4.4.10 UPPGJÖRSÁHÆTTA

Uppgjörsáhætta er hættan á því að aðili muni ekki standa við skuldbindingar samkvæmt ákvæðum samnings á uppgjörstíma. Uppgjörstap getur átt sér stað vegna vanefnda við uppgjör og vegna mismunandi tímasetningar uppgjörs milli tveggja aðila.

Til að draga úr uppgjörsáhættu vegna einstakra mótaðila notar bankinn uppgjörþjónustu og beitir einnig hinni almennu reglu að afhenda ekki fjármálagerninga fyrir en greiðsla hefur borist fyrir þá. Ef slíkri reglu er ekki beitt vegna eðlis viðskiptasambandsins eru sett uppgjörsmörk gagnvart mótaðila til að lágmarka áhættuna. Eiginfjárkröfur vegna uppgjörsáhættu eru hluti af eiginfjárkröfum vegna rekstraráhættu.

#### 4.5 NIÐURBROT ÁHÆTTUSKULDBINDINGA

Áhættuskuldbindingar fela bæði í sér liði á efnahagsreikningi og utan efnahagsreiknings. Útlánaáhætta vegna eigna á

efnahagsreikningi er bókfært virði eignanna eins og það kemur fram í ársreikningi. Áhættuskuldbindingar vegna liða utan efnahagsreiknings eru sú hámarksfjárhæð sem bankinn er skuldbundinn til að lána eða greiða út vegna ábyrgða að frátöldum varúðarfærslum. Við mat á eiginfjárförfu er breytistuðlum beitt á ábyrgðir og óádragrar lánalínur. Útlánaáhætta vegna afleiðusamninga er mæld með því að bæta væntri framtíðaráhættu við markaðsvirði samnings.

Bankinn ber enga útlánaáhættu vegna verðbréfunnar.

| Uppruni útlánaáhættu               | 31.12.2011     | 31.12.2010     |
|------------------------------------|----------------|----------------|
| Lán til viðskiptavina              | 564.394        | 515.161        |
| Lán til lánastofnana og seðlabanka | 101.647        | 61.669         |
| Skuldabréf og skuldagerningar      | 58.662         | 68.024         |
| Ábyrgðir og óádragrar lánalínur    | 63.136         | 56.959         |
| Afleiðusamningar                   | 1.481          | 211            |
| <b>Samtals</b>                     | <b>789.320</b> | <b>702.024</b> |

Tafla 4.3: Uppruni útlánaáhættu (bókfært virði, m.kr.). Samstæða, endurskoðuð.

#### 4.5.1 LÁN TIL VIÐSKIPTAVINA

Lán til viðskiptavina eru stærsti hluti útlánaáhættu bankans. Við árslok 2011 nam lánasafnið 564.394 milljónum króna. Yfirtakan á Byr jók fjölbreytni lánasafns bankans þar sem yfirteknu lánin voru að mestu til einstaklinga og smærri fyrirtækja.

##### Lán til einstaklinga


Lán til einstaklinga og heimila eru mikilvægur hluti af útlánauppbyggingu bankans. Lánin skiptast í vörulínur eins og meðfylgjandi tafla sýnir.

| Vöruflokkur    | 31.12.2011     | 31.12.2010     |
|----------------|----------------|----------------|
| Húsnæðislán    | 140.517        | 105.637        |
| Skuldabréfalán | 46.220         | 33.148         |
| Kaupleiga      | 11.177         | 11.678         |
| Yfirdráttarlán | 14.506         | 7.943          |
| Greiðslukort   | 15.769         | 14.307         |
| <b>Samtals</b> | <b>228.189</b> | <b>172.713</b> |

Tafla 4.4: Skipting lána til einstaklinga eftir vörulínum (bókfært virði, m.kr.). Samstæða, endurskoðuð.

##### Húsnæðislán

Stærsti hluti lána til einstaklinga eru húsnæðislán. Veðhlutfall er mikilvægur þáttur í mati á áhættu húsnæðislánasafns. Veðhlutfallið er reiknað sem bókfært virði láns deilt með virði fasteignarinnar. Þegar um er að ræða húsnæðislán á öðrum veðrétti er samanlagt veðhlutfall reiknað sem bókfært virði lánsins auk eftirstöðva allra lána sem eru framar í veðröð deilt með virði fasteignarinnar.



Mynd 4.8: Skipting húsnæðislánasafnsins eftir veðhlutföllum í lok árs 2011 (bókfært virði, m. kr.). Móðurfélag, öndurskoðað.

Mynd 4.8 sýnir hvernig húsnæðislanasafnið skiptist eftir veðhlutföllum. Í sundurliðuninni er hver króna sem lánuð hefur verið flokkuð eftir því á hvaða veðhlutfallsbili hún lendir. Fyrsti dálkurinn sýnir þann hluta lánasafnsins sem er með 0-10% veðhlutfall og svo framvegis.

Tökum sem dæmi lán með 6 milljónir króna bókfært virði á fyrsta veðrétti á eign sem metin er á 20 milljónir króna, þá fara 2 milljónir á hvert bil 0-10%, 10-20% og 20-30%, eða samanlagt 6 milljónir króna. Ef sama lán hefði hins vegar verið á öðrum veðrétti og lán á fyrsta veðrétti hefði verið 10 milljónir króna þá hefðu 2 milljónir verið settar á bilin 50-60%, 60-70% og 70-80%.

Við mat á eiginfjárþörf er húsnæðislánnum skipt í tvo hluta, annars vegar þann hluta sem nær upp að 80% veðhlutfalli og hins vegar þann hluta sem er yfir 80% veðhlutfalli. Húsnæðislán sem eru í skilum bera 35% áhættuvog upp að 80% veðhlutfalli en 75% áhættuvog þar fyrir ofan. Verðmæti fasteigna er samkvæmt Fasteignamati ríkisins sem er uppfært einu sinni á ári. Húsnæðislán sem eru tryggð með allsherjarveði hafa ekki vel skilgreint veðhlutfall.

Húsnæðislán einstaklinga sem komu frá Byr í desember voru ekki nýtt til lækkunar á eiginfjárkröfu í lok árs 2011 þar sem bankinn var ekki kominn með nægilega góða yfirsýn yfir veðin á bak við lánin. Áframhaldandi skráning veðupplýsinga frá Byr mun gefa betri heildarmynd af tryggingum og auka þann hluta húsnæðislána sem bera 35% áhættuvog.

| Húsnæðislán í m.kr.               | Í skilum       |           | Yfir 90 daga vanskil |           | Samtals        |
|-----------------------------------|----------------|-----------|----------------------|-----------|----------------|
|                                   | Staða          | Áhættuvog | Staða                | Áhættuvog |                |
| Veðhlutfall undir 80%             | 80.352         | 35%       | 8.142                | 50%       | 88.493         |
| Veðhlutfall yfir 80%              | 13.700         | 75%       | 2.194                | 100%      | 15.893         |
| Óskilgreint veðhlutfall           | 9.715          | 75%       | 863                  | 100%      | 10.578         |
| Nýlega yfirtekin húsnæðislán Byrs | 19.750         | 75%       | 5.803                | 100%      | 25.552         |
| <b>Samtals</b>                    | <b>123.516</b> |           | <b>17.001</b>        |           | <b>140.517</b> |

Tafla 4.5: Skipting húsnæðislána eftir veðhlutföllum og áhættuvog í lok árs 2011 (bókfært virði, m.kr.). Móðurfélag, endurskoðað.

### Skuldabréfalán

Skuldabréfalán einstaklinga eru oft tryggð með veði í íbúðarhúsnæði án þess þó að uppfylla öll skilyrði sem gerð eru til húsnæðislána. Þetta geta til dæmis verið lán á öðrum veðrétti eða lán þar sem tilgangur lántöku var ekki að eignast hina veðsettu eign.

### Kaupleiga

Kaupleigusamningar við einstaklinga eru mest notaðir í bílaviðskiptum. Bankinn flokkar slíka samninga með útlánum þó að lagalegt form þeirra sé kaupleiga. Undirliggjandi eign kaupleigusamningsins er trygging bankans.

### Yfirdrættir og greiðslukort

Yfirdrættir og greiðslukort einstaklinga eru venjulega neyslulán til skamms tíma án trygginga. Aukning yfirdrattarlána milli ára er að mestu leyti rakin til viðskiptavina frá Byr.

### Lán til fyrirtækja

Lán til fyrirtækja fela í sér lán til stærri fyrirtækja, lítilla og meðalstórra fyrirtækja, sveitarfélaga og opinberra stofnana og lántakenda með ríkisábyrgð. Þessi lán eru stór hluti af efnahagsreikningi og rekstri bankans.



| Lán til fyrirtækja eftir atvinnugreinaflokkun | 31.12.2011     |             | 31.12.2010     |             |
|---|----------------|-------------|----------------|-------------|
| Verslun og þjónusta                           | 63.956         | 19%         | 50.887         | 15%         |
| Byggingariðnaður                              | 14.699         | 4%          | 17.088         | 5%          |
| Orkuíðnaður                                   | 3.505          | 1%          | 2.122          | 1%          |
| Fjármálastarfsemi                             | 1.400          | 0%          | 4.248          | 1%          |
| Útlán með ríkisábyrgð                         | 38.798         | 12%         | 52.182         | 15%         |
| Iðnaður                                       | 33.969         | 10%         | 20.956         | 6%          |
| Fjárfestingafélög                             | 24.392         | 7%          | 42.124         | 13%         |
| Opinberir aðilar og félagasamtök              | 9.538          | 3%          | 10.383         | 3%          |
| Fasteignafélög                                | 75.329         | 22%         | 74.524         | 22%         |
| Sjávarútvegur                                 | 70.620         | 21%         | 67.934         | 20%         |
| <b>Samtals</b>                                | <b>336.206</b> | <b>100%</b> | <b>342.448</b> | <b>100%</b> |

Tafla 4.6: Lán til fyrirtækja eftir atvinnugreinaflokkun (bókfært virði, m.kr.). Samstæða, endurskoðuð.

Sundurliðun í töflu 4.6 sýnir útlánaáhættu bankans eftir atvinnugreinum. Bankinn notar innri atvinnugreinaflokkun sem er byggð á ISAT 2008-atvinnugreinaflokkuninni en hún er aftur byggð á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins. Munurinn á ISAT og ofangreindri flokkun er helst sá að bæði fiskveiðar og vinnsla sjávarafurða flokkast sem sjávarútvegur, litið er á einstaklinga sem eina heild burtséð frá athafnasemi þeirra og fjárfestingarfélög eru flokkuð sem sérstök atvinnugrein í stað þess að vera hluti af þjónustu. Eitt tiltekið lán með ríkisábyrgð er aðgreint sérstaklega þar sem það myndi annars skekkja myndina af atvinnugreinaflokkuninni.

### Myntsamsetning og verðtrygging lána til viðskiptavina

Bankinn hefur það sem grundvallarreglu að myntsamsetning lána til viðskiptavina sé í samræmi við starfsemi þeirra. Þetta þýðir sér í lagi að lán til viðskiptavina sem eru að mestu leyti með tekjur í íslenskum krónum ættu að vera í íslenskum krónum. Bankinn vinnur markvisst að því að leiðrétta gjaldeyrisskekkju viðskiptavina, til dæmis með endurútreikningi og höfuðstólslækkunum á lánum í erlendum myntum. Bankinn hefur einnig aukið framboð sitt á óverðtrygðum langtímalánum eins og til dæmis húsnæðislánum og því hefur verið vel tekið. Eftirfarandi tafla sýnir hvernig lánasafnið skiptist í fjóra flokka mynta og verðtrygginga.

| Myntsamsetning og verðtrygging 2011 | Erlend mynt   | Erlend mynt með fjárstreymi í krónum |                | Óverðtryggt    | Verðtryggt     | Samtals |
|-------------------------------------|---------------|--------------------------------------|----------------|----------------|----------------|---------|
|                                     |               |                                      |                |                |                |         |
| Einstaklingar                       | 51            | 8.037                                | 92.362         | 127.738        | 228.189        |         |
| Verslun og þjónusta                 | 1.472         | 7.370                                | 44.375         | 10.740         | 63.956         |         |
| Byggingariðnaður                    | –             | 3.135                                | 8.118          | 3.446          | 14.699         |         |
| Orkuíðnaður                         | 560           | 550                                  | 267            | 2.128          | 3.505          |         |
| Fjármálastarfsemi                   | 142           | –                                    | 1.181          | 77             | 1.400          |         |
| Útlán með ríkisábyrgð               | –             | –                                    | 38.798         | –              | 38.798         |         |
| Iðnaður                             | 7.041         | 2.831                                | 18.429         | 5.669          | 33.969         |         |
| Fjárfestingafélög                   | 1.723         | 10.928                               | 9.077          | 2.664          | 24.392         |         |
| Opinberir aðilar og félagasamtök    | –             | 471                                  | 4.682          | 4.386          | 9.538          |         |
| Fasteignafélög                      | 7.023         | 14.801                               | 19.548         | 33.957         | 75.329         |         |
| Sjávarútvegur                       | 67.126        | 905                                  | 1.701          | 887            | 70.620         |         |
| <b>Samtals</b>                      | <b>85.138</b> | <b>49.028</b>                        | <b>238.538</b> | <b>191.692</b> | <b>564.395</b> |         |

| Myntsamsetning og verðtrygging 2010 | Erlend mynt   | Erlend mynt með fjárstreymi í krónum |                | Óverðtryggt    | Verðtryggt     | Samtals |
|-------------------------------------|---------------|--------------------------------------|----------------|----------------|----------------|---------|
|                                     |               |                                      |                |                |                |         |
| Einstaklingar                       | –             | 27.028                               | 51.690         | 93.995         | 172.713        |         |
| Verslun og þjónusta                 | 3.511         | 16.732                               | 21.859         | 8.784          | 50.886         |         |
| Byggingariðnaður                    | –             | 5.147                                | 9.789          | 2.152          | 17.088         |         |
| Orkuíðnaður                         | 322           | 1.234                                | 410            | 155            | 2.122          |         |
| Fjármálastarfsemi                   | 24            | 15                                   | 4.205          | 4              | 4.248          |         |
| Útlán með ríkisábyrgð               | –             | –                                    | 52.182         | –              | 52.182         |         |
| Iðnaður                             | 921           | 7.473                                | 6.612          | 5.948          | 20.955         |         |
| Fjárfestingafélög                   | 8.182         | 11.309                               | 20.743         | 1.890          | 42.124         |         |
| Opinberir aðilar og félagasamtök    | –             | 2.541                                | 3.298          | 4.544          | 10.383         |         |
| Fasteignafélög                      | 439           | 33.102                               | 13.596         | 27.387         | 74.525         |         |
| Sjávarútvegur                       | 61.369        | 860                                  | 3.482          | 2.223          | 67.935         |         |
| <b>Samtals</b>                      | <b>74.770</b> | <b>105.442</b>                       | <b>187.866</b> | <b>147.083</b> | <b>515.161</b> |         |

Tafla 4.7: Myntsamsetning og verðtrygging (bókfært virði, m.kr.). Samstæða, óendurskoðuð.

#### 4.5.2 TRYGGINGAR

Kröfur um veð og aðrar útlánavarnir eru mismunandi eftir tegundum lántaka og lánsforma. Útlán til lánastofnana eru venjulega ótryggð. Helsta trygging fyrir lánveitingum til einstaklinga er veð í íbúðarhúsnæði. Þegar um fyrirtæki er að ræða tekur bankinn veð í fasteignum, fiskiskipum, lausafé og verðbréfum sem og öðrum eignum þar á meðal viðskiptakröfum, birgðum, farartækjum og tækjum. Útlán til ríkisstofnana og sveitarfélaga eru oftast en ekki ótryggð, sömuleiðis útlán vegna fasteignaverkefna á þeirra vegum.

Í sumum tilfellum notar bankinn ábyrgðir til að draga úr útlánaáhættu en þar sem ábyrgðir lækka ekki hámarksútlánaáhættu heldur flytja hana frá einum mótaðila til annars, eru þær ekki taldar hafa fjárhagsleg áhrif hér. Kvaðir í lánasamningum eru einnig mikilvægar en lækka ekki hámarksútlánaáhættu.

Mat á tryggingum byggir á markaðsverði, opinberu mati Fasteignamats ríkisins eða álitu sérfræðinga bankans, eftir því hvað er tiltækt hverju sinni. Þegar um er að ræða fiskiskip eru aflaheimildir þess hluti af matinu á fjárhagslegum áhrifum trygginga. Tryggingum er úthlutað samkvæmt eftirstöðvum lána, ekki bókfærðu virði, og er metið án áhrifa yfirveðsetningar. Þetta þýðir að ef virði trygginga tiltekinna lána er hærra en eftirstöðvar lána er mismunurinn undanskilinn til að endurspeglar raunverulega útlánaáhættu.

Fjárhagsleg áhrif trygginga á útlánaáhættu eru nú birt í fyrsta sinn vegna breytinga á reikningsskilastöðlum. Bankinn vinnur enn að því að skrá nauðsynlegar upplýsingar um tryggingar, sérstaklega vegna lána sem nýlega voru yfirtekin frá Byr. Heildarvirði trygginga bankans er því mögulega meira en taflan gefur til kynna.

| Tryggingar                       | Tryggingar     |               |                     |                  | Útlánaáhætta   | Ótryggð útlánaáhætta | Ótryggður hluti (%) |
|----------------------------------|----------------|---------------|---------------------|------------------|----------------|----------------------|---------------------|
|                                  | Fasteignir     | Fiskiskip     | Reiðufé og verðbréf | Aðrar tryggingar |                |                      |                     |
| Innstæður hjá seðlabanka         | –              | –             | –                   | –                | 57.992         | 57.992               | 100%                |
| Útlán til lánastofnana           | –              | –             | –                   | –                | 43.655         | 43.655               | 100%                |
| Útlán til viðskiptavina          | 268.923        | 62.382        | 51.531              | 19.021           | 564.395        | 162.538              | 29%                 |
| Einstaklingar                    | 170.491        | 71            | 1.148               | 3                | 228.189        | 56.476               | 25%                 |
| Verslun og þjónusta              | 15.728         | –             | 725                 | 10.504           | 63.956         | 36.999               | 58%                 |
| Byggingariðnaður                 | 7.757          | –             | 457                 | 1.270            | 14.699         | 5.215                | 35%                 |
| Orkuviðnaður                     | 2.517          | –             | 83                  | 149              | 3.505          | 756                  | 22%                 |
| Fjármálastarfsemi                | 44             | –             | 47                  | –                | 1.400          | 1.309                | 94%                 |
| Útlán með ríkisábyrgð            | –              | –             | 38.799              | –                | 38.798         | 0                    | 0%                  |
| Iðnaður                          | 7.362          | –             | 294                 | 5.703            | 33.969         | 20.611               | 61%                 |
| Fjárfestingarfélag               | 2.933          | –             | 8.901               | 389              | 24.392         | 12.169               | 50%                 |
| Opinberir aðilar og félagasamtök | 3.455          | –             | 9                   | 200              | 9.538          | 5.874                | 62%                 |
| Fasteigafélag                    | 54.679         | 154           | 675                 | –                | 75.329         | 19.821               | 26%                 |
| Sjávarútvegur                    | 3.959          | 62.157        | 392                 | 803              | 70.620         | 3.308                | 5%                  |
| Skuldabréf og skuldageringar     | –              | –             | –                   | –                | 58.662         | 58.662               | 100%                |
| Afleiðusamningar                 | –              | –             | 600                 | –                | 1.481          | 881                  | 59%                 |
| <b>Samtals</b>                   | <b>268.923</b> | <b>62.382</b> | <b>52.131</b>       | <b>19.021</b>    | <b>726.184</b> | <b>323.728</b>       | <b>45%</b>          |

Tafla 4.8: Tryggingar í árslok 2011 (bókfært virði, m.kr.). Samstæða, óendurskoðuð.

#### 4.5.3 INNSTÆÐUR HJÁ SEÐLABANKA OG ÚTLÁN TIL LÁNASTOFNANA

Handbært fé og innstæður hjá Seðlabankanum námu 58 milljörðum í lok árs 2011 samanborið við 37 milljarða í lok árs 2010. Þar á meðal eru innlánskírteini, lögbundinn varasjóður og aðrar innstæður hjá Seðlabankanum. Hækkun milli ára er vegna lausafjárstyringar og sameiningar við Byr.

Íslenskar lánastofnanir eru skilgreindar samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Bankinn hefur einnig stöður í erlendum lánastofnunum sem eru að mestu leyti vegna peningamarkaðsinnlána. Útlán til lánastofnana námu 44 milljörðum króna í lok árs 2011, þar af voru lán til erlendra lánastofnana 35 milljarðar. Stöður í erlendum lánastofnunum eru flokkaðar enn frekar í kaflanum um landaáhættu.

| Lán til seðlabanka og lánastofnana | 31.12.2011     | 31.12.2010    |
|------------------------------------|----------------|---------------|
| Seðlabanki                         | 57.992         | 30.799        |
| Innlendar lánastofnanir            | 8.332          | 7.126         |
| Erlendar lánastofnanir             | 35.324         | 23.744        |
| <b>Samtals</b>                     | <b>101.647</b> | <b>61.669</b> |

Tafla 4.9: Lán til seðlabanka og lánastofnana (bókfært virði, m.kr.). Samstæða, óendurskoðuð.

Innstæður í erlendum lánastofnunum eru aðallega vegna stýringar á erlendu lausafé bankans. Erlendar innstæður eru einungis heimilar eftir að áhættunefnd hefur úthlutað áhættumörkum á viðkomandi stofnun. Þegar sótt er um mörk er gerð ítarleg greining á helstu lykildreytum og er þá meðal annars litið til lánshæfismats frá matsfyrirtækjum.

| Lánshæfismat erlendra lánastofnana | 31.12.2011    | 31.12.2010    |
|------------------------------------|---------------|---------------|
| AA                                 | 8.667         | 4.898         |
| A                                  | 26.614        | 21.927        |
| Án lánshæfismats                   | 42            | 193           |
| <b>Samtals</b>                     | <b>35.324</b> | <b>27.018</b> |

Tafla 4.10: Lánshæfismat erlendra lánastofnana (bókfært virði, m.kr.). Samstæða, óendurskoðuð.

#### 4.5.4 SKULDABRÉF OG SKULDAGERNINGAR

Bankinn ber útlánaáhættu vegna viðskipta og fjárfestinga í skuldabréfum og skuldagerningum til dæmis vegna lausafjárstýringar bankans en einnig vegna fjárhagslegar endurskipulagningar fyrirtækja. Tafla 4.11 sýnir stöðu bankans í skuldabréfum. Lánshæfismatið sem hér er sýnt er byggt á mati Standard and Poor's eða sambærilegra matsfyrirtækja. Skuldabréf án lánshæfismats eru að mestu leyti tilkomin vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar og skuldabréfa sem eru útgefin af íslenskum fjármálastofnunum og sveitarfélögum.

| Skuldabréf og skuldagerningar             | 31.12.2011    | 31.12.2010    |
|---|---------------|---------------|
| Íslenska ríkið og ríkistryggð skuldabréf  | 38.563        | 34.658        |
| Erlendir ríkisvixlar með AAA lánshæfismat | 10.799        | 30.724        |
| Erlendir ríkisvixlar með AA+ lánshæfismat | 5.522         | –             |
| Skuldabréf án lánshæfismats               | 3.779         | 2.642         |
| <b>Samtals</b>                            | <b>58.662</b> | <b>68.024</b> |

Tafla 4.11: Skuldabréf og skuldagerningar eftir lánshæfismati (bókfært virði, m.kr.). Samstæða, óendurskoðuð.

#### 4.5.5 ÓUPPGERÐ VIÐSKIPTI

Þann 31. desember 2011 námu óuppgerð viðskipti samtals 2.199 milljónum króna. Þetta er í samræmi við stöður í tengslum við hefðbundna starfsemi.

#### 4.5.6 ÁBYRGÐIR OG ÓÁDREGNAR LÁNALÍNUR

Útlánaáhætta bankans vegna ábyrgða og óádraginna lánalína nam samtals 63.136 milljónum króna við lok árs 2011.

| Útlánaáhætta 31.12.2011          | Ábyrgðir     | Ónýttar yfirdráttarheimildir | Óáðregnar lánalínur | Ónýttar greiðslukorta heimildir | Samtals       |
|----------------------------------|--------------|------------------------------|---------------------|---------------------------------|---------------|
| Einstaklingar                    | 1.058        | 9.797                        | –                   | 19.392                          | 30.247        |
| Verslun og þjónusta              | 1.444        | 4.343                        | 2.018               | 1.522                           | 9.326         |
| Byggingariðnaður                 | 1.577        | 1.084                        | –                   | 272                             | 2.933         |
| Orkuíðnaður                      | 4            | 203                          | 5.345               | 5                               | 5.557         |
| Fjármálastarfsemi                | 1.012        | 1.363                        | 5.000               | 48                              | 7.422         |
| Útlán með ríkisábyrgð            | –            | –                            | –                   | 10                              | 10            |
| Iðnaður                          | 1.055        | 1.993                        | 225                 | 352                             | 3.625         |
| Fjárfestingarfélag               | 12           | 72                           | –                   | 81                              | 165           |
| Opinberir aðilar og félagasamtök | 73           | 1.096                        | –                   | 380                             | 1.548         |
| Fasteignafélög                   | 339          | 513                          | –                   | 68                              | 920           |
| Sjávarútvegur                    | 320          | 986                          | 5                   | 73                              | 1.384         |
| <b>Samtals</b>                   | <b>6.893</b> | <b>21.449</b>                | <b>12.592</b>       | <b>22.202</b>                   | <b>63.136</b> |

| Útlánaáhætta 31.12.2010          | Ábyrgðir     | Ónýttar yfirdráttarheimildir | Óáðregnar lánalínur | Ónýttar greiðslukorta heimildir | Samtals       |
|----------------------------------|--------------|------------------------------|---------------------|---------------------------------|---------------|
| Einstaklingar                    | 920          | 7.945                        | –                   | 15.829                          | 24.694        |
| Verslun og þjónusta              | 1.308        | 3.339                        | 1.072               | 1.052                           | 6.771         |
| Byggingariðnaður                 | 2.499        | 643                          | –                   | 197                             | 3.340         |
| Orkuíðnaður                      | –            | 201                          | 5.045               | 1                               | 5.247         |
| Fjármálastarfsemi                | –            | 1.239                        | 5.000               | 50                              | 6.289         |
| Útlán með ríkisábyrgð            | –            | –                            | –                   | 10                              | 10            |
| Iðnaður                          | 2.265        | 1.458                        | 1.827               | 316                             | 5.867         |
| Fjárfestingarfélag               | 82           | 529                          | –                   | 49                              | 660           |
| Opinberir aðilar og félagasamtök | 22           | 944                          | –                   | 304                             | 1.270         |
| Fasteignafélög                   | 700          | 434                          | 510                 | 49                              | 1.694         |
| Sjávarútvegur                    | 606          | 452                          | –                   | 60                              | 1.118         |
| <b>Samtals</b>                   | <b>8.404</b> | <b>17.186</b>                | <b>13.453</b>       | <b>17.916</b>                   | <b>56.959</b> |

Tafla 4.12: Ábyrgðir og óáðregnar lánalínur (m.kr.). Samstæða, endurskoðuð.

#### 4.5.7 AFLEIÐUSAMNINGAR

Bankinn notar afleiðusamninga til þess að verja gjaldeyris-, vaxta- og verðtryggingaráhættu. Bankinn ber tiltölulega litla óbeina áhættu vegna skuldsettra viðskiptavina þar sem bankinn hefur tekið tryggingar vegna hugsanlegs taps. Aðrir afleiðusamningar sem bankinn hefur gert nema óverulegum fjárhæðum.

Afleiðusamningar eru almennt gerðir samkvæmt ISDA-rammasamningi með CSA-viðauka eða samsvarandi skilmálum með handveði í reiðufé eða ríkisskuldabréfum.

#### 4.5.8 ÓBEIN ÁHÆTTA

Óbein áhætta vegna mótaðila er áhætta sem er ekki bein en verður bein ef til koma vanefndir hjá öðrum aðila. Tafla 4.13 sýnir stærstu óbeinu áhætturnar.

| Tegund verðbréfa            | 31.12.2011   |
|-----------------------------|--------------|
| Íbúðalánasjóður             | 2.808        |
| Ríkisbréf                   | 2.734        |
| Hlutabéf í Kauphöll Íslands | 556          |
| Önnur verðbréf              | 85           |
| <b>Samtals</b>              | <b>6.184</b> |

Tafla 4.13: Óbein áhætta í árslok 2011 (m.kr.). Möðurfélag, óendurskoðuð.

#### 4.5.9 LANDAÁHÆTTA

Áhættuskuldbindingar vegna annarra landa en Íslands námu 63 milljörðum króna í árslok 2011. Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun útlánaáhættu eftir löndum. Áhættuskuldbindingar fjármálastofnana og stjórnvalda eru aðgreindar sérstaklega. Aðrar áhættuskuldbindingar utan Íslands eru að mestu til Íslendinga með skráða búsetu erlendis.

| Land           | Fjármálastofnanir | Ríkisstofnanir | Aðrir         | Samtals       |
|----------------|-------------------|----------------|---------------|---------------|
| Noregur        | 6.709             | 2.119          | 2.495         | 11.324        |
| Danmörk        | 5.884             | 3.205          | 1.848         | 10.937        |
| Bandaríkin     | 3.347             | 5.522          | 621           | 9.489         |
| Bretland       | 6.363             | –              | 2.673         | 9.036         |
| Belgía         | 5.677             | –              | 17            | 5.695         |
| Holland        | –                 | 3.179          | 190           | 3.369         |
| Lúxembúrg      | 2.981             | –              | 236           | 3.217         |
| Þýskaland      | 1.841             | –              | 689           | 2.530         |
| Svíþjóð        | 1.343             | –              | 921           | 2.264         |
| Frakkland      | –                 | 1.588          | 297           | 1.886         |
| Sviss          | 1.063             | –              | 131           | 1.194         |
| Önnur lönd     | 115               | 794            | 1.356         | 2.265         |
| <b>Samtals</b> | <b>35.324</b>     | <b>16.407</b>  | <b>11.474</b> | <b>63.204</b> |

Tafla 4.13: Útlánaáhætta eftir löndum og mótaðilum í árslok 2011 (bókfært virði, m.kr.). Samstæða, óendurskoðuð.

#### 4.6 EIGINFJÁRÞÖRF

Bankinn metur eiginfjárkröfu undir 1. stoð vegna útlánaáhattu samkvæmt Basel II-staðalaðferð. Tafla 4.15 sýnir eignir, áhættuvogir og samsvarandi áhættuvegnar eignir fyrir mismunandi eignaflokka miðað við 31. desember 2011. Eins og stendur er aðeins íbúðarhúsnæði og verðbréf útgefin af hinu opinbera notuð sem tryggingar til þess að vega á móti útlánaáhattu og lækka eiginfjárkröfur.

Bankinn hefur eina umtalsverða áhættuskuldbindingu sem er tryggt af íslenska ríkinu og aðra vegna fyrirtækis sem er í eigu og á ábyrgð ríkisins. Eins og stendur eru þetta einu ábyrgðirnar sem bankinn nýtir til lækkunar á eiginfjárþörf.

|  | Áhættuskuldbindingar     |                                | Mildun útlánaáhattu |                        |               | Áhættu-<br>vegnar<br>eignir |
|--|--------------------------|--------------------------------|---------------------|------------------------|---------------|-----------------------------|
|  | Á efnahags-<br>reikningi | Utan<br>efnahags-<br>reiknings | Ábyrgðir            | Reiðufé og<br>verðbréf | Innflæði      |                             |
| <b>Ríki eða seðlabankar</b>                                      | <b>55.335</b>            | <b>1.060</b>                   | <b>–</b>            | <b>–</b>               | <b>48.185</b> | <b>1.314</b>                |
| 0%   | 55.226                   | 1.060                          | –                   | –                      | 42.351        | –                           |
| 20%  | –                        | –                              | –                   | –                      | 3.989         | 798                         |
| 50%  | 108                      | –                              | –                   | –                      | 1.845         | 516                         |
| <b>Sveitarfélög</b>  | <b>4.441</b>             | <b>194</b>                     | <b>–</b>            | <b>–</b>               | <b>–</b>      | <b>1.143</b>                |
| 20%  | 4.170                    | 194                            | –                   | –                      | –             | 873                         |
| 100%   | 271                      | –                              | –                   | –                      | –             | 271                         |
| <b>Fjármálafyrirtæki</b>   | <b>41.656</b>            | <b>503</b>                     | <b>–</b>            | <b>–</b>               | <b>–</b>      | <b>8.589</b>                |
| 20%  | 41.495                   | 368                            | –                   | –                      | –             | 8.373                       |
| 50%  | 161                      | –                              | –                   | –                      | –             | 80                          |
| 100%   | –                        | 136                            | –                   | –                      | –             | 136                         |
| <b>Opinberar stofnanir og félög<br/>ekki í samkeppnisrekstri</b> | <b>2.367</b>             | <b>2.732</b>                   | <b>5.349</b>        | <b>–</b>               | <b>–</b>      | <b>2.423</b>                |
| 100%   | 2.367                    | 2.732                          | 5.349               | –                      | –             | 2.423                       |
| <b>Fyrirtæki</b>   | <b>256.174</b>           | <b>4.092</b>                   | <b>38.790</b>       | <b>3.963</b>           | <b>–</b>      | <b>217.513</b>              |
| 100%   | 256.174                  | 4.092                          | 38.790              | 3.963                  | –             | 217.513                     |
| <b>Einstaklingar, lítil og meðalstór fyrirtæki</b>               | <b>152.107</b>           | <b>8.162</b>                   | <b>–</b>            | <b>33</b>              | <b>–</b>      | <b>120.177</b>              |
| 75%  | 152.107                  | 8.162                          | –                   | 33                     | –             | 120.177                     |
| <b>Með fasteignaveði</b>   | <b>80.336</b>            | <b>–</b>                       | <b>–</b>            | <b>–</b>               | <b>–</b>      | <b>28.117</b>               |
| 35%  | 80.336                   | –                              | –                   | –                      | –             | 28.117                      |
| <b>Vanskil</b>   | <b>72.336</b>            | <b>57</b>                      | <b>–</b>            | <b>51</b>              | <b>–</b>      | <b>79.123</b>               |
| 50%  | 8.142                    | –                              | –                   | –                      | –             | 4.071                       |
| 100%   | 42.539                   | 8                              | –                   | 51                     | –             | 42.496                      |
| 150%   | 21.655                   | 50                             | –                   | –                      | –             | 32.556                      |
| <b>Aðrir liðir</b>   | <b>67.548</b>            | <b>–</b>                       | <b>–</b>            | <b>–</b>               | <b>–</b>      | <b>73.901</b>               |
| 100%   | 54.840                   | –                              | –                   | –                      | –             | 54.840                      |
| 150%   | 12.707                   | –                              | –                   | –                      | –             | 19.061                      |
| <b>Samtals</b>   | <b>732.298</b>           | <b>16.801</b>                  | <b>44.139</b>       | <b>4.046</b>           | <b>48.185</b> | <b>532.301</b>              |

Tafla 4.14: Áhættuskuldbindingar, áhættuvogir og áhættuvegnar eignir í lok árs 2011 (m.kr.). Samstæða, óendurskoðuð.

Eiginfjárbörð vegna annarra áhættuþátta samkvæmt 2. stoð er mæld í skýrslu um innra mat á eiginfjárbörð og í könnunar- og matsferli Fjármálaeftirlitsins (e.ICAAP/SREP). Viðbótareiginfjárbörðin felur í sér mögulegt vanmat á áhættu undir 1. stoð sem og áhættuþætti eins og samþjöppunaráhættu og stjórn málalega og lagalega áhættu.

#### 4.7 LÁNASAFNSSKÝRSLA


Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með framgangi á endurskipulagningu lánasafns bankans með staðlaðri mánaðarlegri skýrslugjöf í svokallaðri LPA-skýrslu (e. Loan Portfolio Analysis). Fjármálaeftirlitið gerði breytingar á skýrslunni í júní 2011 til þess að varpa enn skýrara ljósi á framvindu endurskipulagningar lánasafnsins. Í skýrslunni er 19 flokkum viðskiptavina raðað eftir því hvers konar endurskipulagningu þeir hafa gengið í gegnum eða eftir því hve alvarlegir fjárhagserfiðleikar þeirra eru. Þessa 19 flokka má setja saman í þrjá hópa:

**Hópur 1:** Viðskiptavinir sem eru í skilum og hafa ekki enn óskað eftir breytingu á upphaflegum samningi.


**Hópur 2:** Viðskiptavinir sem hafa fengið upphaflegum samningi breytt að einhverju leyti en standa í skilum í samræmi við breytta greiðsluáætlun. Breytingar geta verið vegna tilboða um höfuðstólslækkun og greiðslujöfnun en þessi almennu úrræði gera það ekki að skilyrði að viðskiptavinir séu í fjárhagslegum erfiðleikum. Þessi hópur felur einnig í sér formlega endurskipulagningu eins og 110% leiðina og hlutaafskriftir í tengslum við skuldaaðlögun.

**Hópur 3:** Viðskiptavinir sem hafa þörf fyrir frekari aðstoð eða endurskipulagningu. Þetta eru meðal annars viðskiptavinir sem eru í meira en 90 daga vanskilum, viðskiptavinir sem eru í eða eru að bíða eftir formlegri endurskipulagningu og þeir sem eru í innheimtuferli.

Myndir 4.9 og 4.10 sýna hvernig lánasafnið skiptist í þessa þrjá hópa í lok hvers ársfjórðungs frá árinu 2009. Fyrri grafið er fyrir lán til einstaklinga og seinna grafið sýnir fyrirtæki. Áberandi stökk á öðrum ársfjórðungi 2011 er vegna breytinga á skilgreiningu skýrslunnar hjá FME.




Mynd 4.9: LPA-mælikvarði fyrir lánasafn einstaklinga. Móðurfélag, óendurskoðað.



Mynd 4.10: LPA-mælikvarði fyrir lánasafn fyrirtækja. Móðurfélag, óendurskoðað.

Stjórnendur bankans fylgjast mánaðarlega með LPA-mælikvarðanum en hann er skilgreindur sem bókfært virði útlána til viðskiptavina í hópi 3 deilt með heildarútlánnum til viðskiptavina. Í lok árs 2011 var LPA-mælikvarðinn 22,6% og hafði hækkað um 3% eftir samrunann við Byr. Mynd 4.11 sýnir nánara niðurbrot á LPA-mælikvarðanum.



Mynd 4.11: Niðurbrot á LPA-mælikvarðanum í lok árs 2011. Móðurfélag, óendurskoðað.



## 5 MARKAÐSÁHÆTTA

Samsetning markaðsáhættu bankans hefur að einhverju marki breyst frá 2010 af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi lokaði bankinn stærstum hluta af gjaldeyrisjöfnuði sínum með skiptasamningi í árslok 2010. Niðurstaðan er sú að gjaldeyrisjöfnuður bankans er að meðaltali umtalsvert minni en árið áður eins og sjá má í töflu 5.2. Í öðru lagi jókst hlutafjáráhætta bankans í fjárfestingarbók töluvert í kjölfar sameiningarinnar við Byr. Bankinn hyggst þó ekki eiga þessi hlutabréf til lengri tíma.

Sameiningin við Byr hafði að auki í för með sér að aukna vaxtaáhætta í fjárfestingarbók þar sem útlán og löng innlend ríkisskuldabréf bættust við eignasafn bankans.

Markaðsáhætta hefur verið skilgreind sem veigamikill áhættuþáttur í starfsemi bankans og er hluti af viðskiptaáætlun hans. Stefna bankans er þó að taka hóflega markaðsáhætta. Markaðsáhætta í fjárfestingarbók er aðallega til komin af misræmi í myntsamsetningu, vaxtaendursetningu, verðtryggingu eigna og skulda og af hlutabréfum sem bankinn hefur eignast vegna endurskipulagningar fyrirtækja. Bankinn leitast við að takmarka þessa áhættu með mörkum á stöður í samræmi við áhættuvilja stjórnar bankans.

Markaðsáhætta er einnig til komin af fjárfestingum í veltubók eða af öðrum þáttum í starfsemi markaða og fjárstýringar. Bankinn takmarkar veltubókarstöður með mörkum, sem gilda jafnt innan hvers viðskiptadags og í dagslok, og hafa áhættustýring og lánaeftirlit eftirlit með þeim.

### 5.1 SKILGREINING Á MARKAÐSÁHÆTTU

Markaðsáhætta er sú áhætta að verðbreytingar á mörkuðum, svo sem breytingar á vöxtum, hlutabréfaverði og gengi gjaldmiðla, hafi óhagstæð áhrif á fjármálagerninga bankans og þar með afkomu og eigið fé hans.

Stjórn bankans hefur skilgreint markaðsáhættuvilja bankans í hlutfalli við eiginfjárþátt A þannig að miðað við gefnar breytingar á undirliggjandi áhættuþáttum verði tap bankans ekki meira en 20% af eiginfjárþætti A.

### 5.2 STEFNA, SKIPULAG OG ÁBYRGÐ

Stjórn bankans ber ábyrgð á stýringu markaðsáhættu bankans. Í stefnuskjali um markaðsáhættu skilgreinir stjórn bankans áhættuvilja bankans ásamt stefnu og ábyrgð í tengslum við stýringu markaðsáhættu.

Markmið markaðsáhættustýringar er að stýra og takmarka markaðsáhættu bankans þannig að hún sé innan fyrirframskilgreindra og ásættanlegra marka en um leið að hámarka arðsemi og tryggja að markaðsáhætta sé í samræmi við vilja stjórnar. Þessi stefna endurspeglar í heildarmörkum á markaðsáhættu í samstæðunni og er stjórn gefin skýrsla um stöðuna að minnsta kosti einu sinni í mánuði.

Efnahagsnefnd bankans (e. ALCO) hefur eftirlit með markaðsáhættu. Nefndin ákvarðar mörk fyrir þær einingar og þau eignasöfn sem taka markaðsáhættu fyrir hönd bankans að teknu tilliti til þeirra heildarmarkna sem stjórn bankans hefur sett. Áhættustýring og lánaeftirlit bera ábyrgð á eftirliti með markaðsáhættu bankans og skýrslugjöf til stjórnar um stöðu hennar miðað við samþykkt mörk. Þau dótturfélög sem taka markaðsáhættu bera ábyrgð á að greina, mæla og fylgjast með þeirri áhættu ásamt því að gefa skýrslu um hana.

Íslandsbanki gerir greinarmun á markaðsáhættu í veltubók annars vegar og fjárfestingarbók hins vegar. Markaðsáhætta í veltubók er aðallega til komin af flæðiviðskiptum og lausafjárstýringu bankans. Bankinn setur sérstök mörk á einstaka áhættuþætti, stærð staðna og stærð eignasafna til að stýra áhættunni í veltubók. Mörkum bankans er einnig ætlað að takmarka samþjöppunaráhættu gagnvart einstökum útefendum eða fjármálagerningum og að stýra lausafjáráhættu sem er afar mikilvæg við ríkjandi efnahagsaðstæður. Bankinn tekur einnig óbeina markaðsáhættu vegna stöðutöku viðskiptavina í afleiðusamningum en þessi stöðutaka er háð ströngum kröfum um tryggingar.

Þær stöður í fjárfestingarbók sem auka á markaðsáhættu bankans eru háðar ýmsum takmörkunum. Þessar stöður eru til komnar af vaxtaáhættu, verðbólguáhættu og gjaldeyrisáhættu í eignum og skuldum viðskiptabankasviðs. Hlutafjáráhætta bankans er bæði fólgin í skráðum og óskráðum félögum og tekur stýring hennar mið af veltubók og fjárfestingarbók.

| Áhættuþáttur                 | Lýsing   |
|------------------------------|--|
| Vaxtaáhætta                  | Þau neikvæðu áhrif sem óhagstæðar breytingar í vöxtum geta haft á eigið fé eða afkomu bankans. Vaxtaáhættu má skipta í eftirfarandi þætti: <ul style="list-style-type: none"> <li>• endurverðlagningaráhætta sem ert til komin af mismun á tímasetningu vaxtabreytinga og sjóðstreymis,</li> <li>• vaxtaferilsáhætta sem er til komin af breytingum í tímarófi vaxta (t.a.m. vegna breytinga á halla og formi vaxtaferla),</li> <li>• grunnáhætta sem er til komin af breytingum í sambandi vaxta til mismunandi tímalengda á vaxtaferlum,</li> <li>• valréttaráhætta sem er til komin af vaxtavalréttum.</li> </ul> |
| Verðtryggingaráhætta         | Áhættan af því að afkoma eða eigið fé verði fyrir neikvæðum áhrifum vegna óhagstæðra hreyfinga á verðbólguþingi.   |
| Áhættuálagsáhætta            | Áhættan af því að afkoma eða eigið fé verði fyrir neikvæðum áhrifum vegna óhagstæðra hreyfinga á áhættuálagi útgefenda skuldabréfum.   |
| Gjaldeyrisáhætta             | Áhættan af því að afkoma eða eigið fé verði fyrir neikvæðum áhrifum af völdum gengissveiflna vegna skuldbindinga í erlendum myntum.  |
| Verðáhætta                   | Áhættan af því að afkoma eða eigið fé verði fyrir neikvæðum áhrifum vegna breytinga á verði eða verðflökti skuldagerninga eða eiginfjárgerninga.   |
| Lausafjárahætta í viðskiptum | Áhættan af því að bankinn geti ekki auðveldlega selt eða vegið á móti ákveðinni stöðu án þess að verð á markaði breytist vegna ófullnægjandi dýptar á markaði eða truflunar á markaði, sem hefur neikvæð áhrif á tekjur og eigið fé.   |

Tafla 5.1: Helstu tegundir markaðsáhættu í starfsemi Íslandsbanka.

### 5.3 MÆLING OG EFTIRLIT

Bankinn notar mismunandi aðferðir til að hafa eftirlit með og takmarka áhættu. Þessar aðferðir samanstanda af hefðbundnum áhættumælingum á stærðum, eins og fjárhæðum samninga og næmi, sem falla undir mörk. Bankinn notar einnig álagspróf til að líkja eftir áhrifum óvanalegra en hugsanlegra atburða á eignasöfn sín. Þá notar bankinn áhættuvirðisadferðir<sup>2</sup> á valin eignasöfn en þær aðferðir eru ekki háðar mörkum og eru eingöngu ætlaðar sem viðbótarupplýsingar við eftirlit á mörkum á fjárhæðum og næmi.

#### Uppbygging marka

Efnahagsnefnd bankans ákveður öll markaðsáhættumörk í samræmi við þá stefnu bankans um stýringu markaðsáhættu sem samþykkt hefur verið af stjórn bankans. Áhættustýring og lánaeftirlit hafa eftirlit með markaðsáhættu og tryggja að stöður og tryggingar, vegna viðskipta við viðskiptavinum, séu í samræmi við mörk. Öll markabrot eru tilkynnt til efnahagsnefndar bankans og tekur hún ákvörðun um viðeigandi aðgerðir í samræmi við alvarleika hvers brots. Helstu mörk á markaðsáhættu bankans eru eftirfarandi:

- Vaxtaáhætta: Mörk á punktvirði í lok dags og innan dags, mörk á heildargnóttstöður og -skortstöður í undirliggjandi verðbréfum, mörk á opnar deltagstöður í undirliggjandi verðbréfum og mörk á binditíma undirliggjandi verðbréfa.
- Gjaldeyrisáhætta: Mörk á heildarstöðu vegna stundarviðskipta í hverjum gjaldmiðli og mörk á heildarupphæð undirliggjandi verðbréfa í afleiðusamningum.
- Hlutfjárahætta: Mörk á heildarstöðu í hlutabréfum.

### 5.4 MARKAÐSÁHÆTTA

Í töflu 5.2 má sjá helstu markaðsáhættuþætti bankans árin 2011 og 2010. Þar sem margar þessara stærða flökta mikið milli daga eru hér sýndar stærstu og minnstu stærðir hvers áhættuþáttar ásamt meðalstærð þeirra hvort ár fyrir sig.

<sup>2</sup>e. VaR (Value-at-Risk) methods.

| Fjárhæð  | 2011              |                    |                 | 2010              |                    |                 |
|--|-------------------|--------------------|-----------------|-------------------|--------------------|-----------------|
|  | Hámarks-<br>staða | Lágmarks-<br>staða | Meðal-<br>staða | Hámarks-<br>staða | Lágmarks-<br>staða | Meðal-<br>staða |
| Hlutfjáráhætta (hrein staða í veltubók)          | 204               | 2                  | 101             | 275               | ( 25)              | 39              |
| Hlutfjáráhætta ((hrein staða í fjárfestingarbók) | 14.530            | 4.995              | 10.896          | 5.076             | 1.484              | 2.467           |
| Vaxtaáhætta (100 punkta hliðrun í veltubók)      | 390               | 1                  | 143             | 712               | 1                  | 288             |
| Vaxtaáhætta (Moody's-hliðrun í fjárfestingarbók) | 1.442             | 639                | 818             | 910               | 705                | 836             |
| Verðbólguáhætta (hrein staða)                    | 30.859            | 16.600             | 24.872          | 29.319            | 17.043             | 23.372          |
| Gjalddeyrisáhætta (hrein staða)                  | 13.687            | ( 2.580)           | 3.070           | 50.023            | 759                | 42.431          |
| Afleiður (markaðsvirði)                          | 132               | ( 4.474)           | ( 1.679)        | 429               | ( 134)             | 148             |

Tafla 5.2: Markaðsáhætta í árslok 2011 og 2010 (m.kr.). Samstæða, óendurskoðuð.

## 5.5 HLUTAFJÁRÁHÆTTA

Hlutfjáráhætta bankans er aðallega til komin af eign bankans í fyrirtækjum sem hafa farið í gegnum endurskipulagningu en einnig af flæðiviðskiptum. Meginþorri hlutfjáreignar bankans er í íslenskum krónum. Bankinn setur mörk á heildarmarkaðsvirði eignasafna og einstakra félaga í því augnamiði að draga úr hlutfjáráhættu og samþjöppunaráhættu. Bankinn setti á stofn eignarhaldsfélagið Miðengi ehf., sem er dótturfélag bankans, til að hafa yfirumsjón með eignarhaldi og umsýslu þeirra félaga sem hann hefur eignast frá hruninu. Í töflu 5.3 má sjá yfirlit yfir hlutfjáráhættu samstæðunnar í árslok 2011 og 2010.

| 2011         | Veltufjáreignir | Fjáreignir                   | Óefnislegar eignir      | Varnir     | Heild         |
|--------------|-----------------|------------------------------|-------------------------|------------|---------------|
|              |                 | á gangvirði í gegnum rekstur | og eignir í sölumeðferð |            |               |
| Skráð        | 202             | 5.216                        | —                       | 112        | 5.529         |
| Óskráð       | 191             | 5.394                        | 2.182                   | —          | 7.767         |
| <b>Heild</b> | <b>393</b>      | <b>10.610</b>                | <b>2.182</b>            | <b>112</b> | <b>13.296</b> |
| <b>2010</b>  |                 |                              |                         |            |               |
| Skráð        | 411             | 51                           | —                       | —          | 462           |
| Óskráð       | —               | 2.560                        | —                       | —          | 2.560         |
| <b>Heild</b> | <b>411</b>      | <b>2.611</b>                 | <b>—</b>                | <b>—</b>   | <b>3.022</b>  |

Tafla 5.3: Hlutabréfaeign í árslok 2011 og 2010 (tölur í m.kr.). Endurskoðaðar tölur á samstæðugrunni.

### Næmisgreining á hlutfjáráhættu

Til að meta verðnæmi hlutabréfa gerir bankinn ráð fyrir 20% breytingu á verði eigna í veltubók og 40% breytingu á verði eigna í fjárfestingarbók. Í árslok 2011 var verðnæmi hlutabréfa 5,2 ma. kr.í samanburði við 1,1 ma. kr. í árslok 2010.

## 5.6 VAXTAÁHÆTTA

Bankinn beitir næmismælingum eins og punktvirði<sup>3</sup> til þess að mæla og stýra vaxtaáhættu bankans. Punktvirði segir til um hvernig markaðsvirði undirliggjandi stöðu breytist ef vaxtaferlar hliðrast upp um 0,01 prósentustig (einn punkt).

### Vaxtaáhætta í veltubók

Skuldabréf í veltubók eru til komin af þremur mismunandi ástæðum: vegna flæðiviðskipta, sem varnir gegn afleiðusamningum og vegna lausafjárstýringar bankans.

Í flæðiviðskiptasafni bankans eru stöður sem bankinn tekur vegna viðskiptavaktar með íslensk ríkisskuldabréf, íbúðabréf, skuldabréf útgefin af Lánasjóði sveitarfélaga og skuldabréf útgefin af Reykjavíkurborg. Hlutverk bankans sem viðskiptavaki er að stuðla að eðlilegri verðmyndun skuldabréfa á eftirmarkaði og anna eftirspurn frá markaðsaðilum.

Frá falli íslensku bankanna árið 2008 hefur verið lítil sem enginn markaður með innlend fyrirtækjaskuldabréf. Af þeim sökum fjárfestir bankinn aðallega í íslenskum ríkisskuldabréfum og íbúðabréfum en þessi bréf eru auðseljanleg. Ríkisskuldabréfin eru annaðhvort verðtryggð eða óverðtryggð og með allt að 10 ára binditíma. Íbúðabréfin eru hins vegar öll verðtryggð og með allt að 14 ára binditíma. Allar skuldabréfastöður eru takmarkaðar með punktvirðismörkum sem gilda jafnt innan dags og í dagslok. Að auki setur bankinn sérmörk á gnóttstöður og skortstöður í hverjum skuldabréfaflokki. Lítil verðtryggingaráhætta er í veltubók og er ekki skýrt sérstaklega frá henni. Hún reiknast þó með í

verðtryggingarjöfnuði bankans. Punktvirði verðtryggðra og óverðtryggðra bréfa í veltubók var 0,4 m.kr. í árslok 2011 í samanburði við -0,3 m.kr. í árslok 2010.

Í lausafjársafni bankans er umtalsvert magn erlendra ríkisvixla sem eru gefnir út af ríkjum með láns hæfiseinkunnina Aaa.<sup>4</sup> Þessir vixlar eru auðseljanlegir. Binditími vixlanna er allt að 6 mánuðir og er punktvirði þeirra 0,3 m.kr. (31. desember 2010: 0,6 m.kr.).

| Land           | 2011          |                | 2010          |                |
|----------------|---------------|----------------|---------------|----------------|
|                | Markaðsvirði  | Punktvirði     | Markaðsvirði  | Punktvirði     |
| Danmörk        | 3.205         | ( 0,08)        | –             | –              |
| Finnland       | 794           | ( 0,00)        | –             | –              |
| Frakkland      | 1.588         | ( 0,01)        | 5.380         | ( 0,06)        |
| Þýskaland      | –             | –              | 3.844         | ( 0,04)        |
| Holland        | 3.179         | ( 0,05)        | 5.379         | ( 0,10)        |
| Noregur        | 2.033         | ( 0,06)        | 1.953         | ( 0,06)        |
| Bretland       | –             | –              | 3.473         | ( 0,02)        |
| Bandaríkin     | 5.522         | ( 0,13)        | 10.350        | ( 0,34)        |
| <b>Samtals</b> | <b>16.321</b> | <b>( 0,33)</b> | <b>30.379</b> | <b>( 0,62)</b> |

Tafla 5.4: Útgefendur erlendra ríkisvixla í lausafjársafni bankans í árslok 2011 og 2010 (m.kr.). Samstæða, óendurskoðuð.

Bankinn kaupir einnig og selur skuldabréf til að verja afleiðusamninga við viðskiptavinum. Um er að ræða skuldabréfavalrétti og vaxtaskiptasamninga en bankinn takmarkar þessar stöður með punktvirðismörkum. Þá setur bankinn einnig mörk á óvarða stöðu í skuldabréfavalréttum. Heildarpunktvirði óvarinna samninga var þó lítið sem ekkert í árslok 2011.

Á árinu 2011 var stærsta staðan í veltubók, að undanskilinni vörn gegn afleiðusamningum, 26,6 ma.kr. (2010: 43,9 ma. kr.). Stærsta staðan í verðtryggðum bréfum var 2,3 ma. kr. (2010: 4,7 ma. kr.) en 26,4 ma. kr. í óverðtryggðum bréfum (2010: 43,5 ma. kr.).

| Gnóttstöður  | 2011          |             |                | 2010          |             |                |
|--------------|---------------|-------------|----------------|---------------|-------------|----------------|
|              | Markaðsvirði  | Binditími   | Punktvirði     | Markaðsvirði  | Binditími   | Punktvirði     |
| Verðtryggð   | 379           | 9,22        | ( 0,35)        | 2.124         | 9,01        | ( 1,91)        |
| Óverðtryggð  | 17.231        | 0,32        | ( 0,55)        | 34.078        | 0,86        | ( 2,92)        |
| <b>Heild</b> | <b>17.610</b> | <b>0,51</b> | <b>( 0,90)</b> | <b>36.202</b> | <b>1,33</b> | <b>( 4,83)</b> |

| Skortstöður       | 2011          |                |             | 2010          |             |                |
|-------------------|---------------|----------------|-------------|---------------|-------------|----------------|
|                   | Markaðsvirði  | Binditími      | Punktvirði  | Markaðsvirði  | Binditími   | Punktvirði     |
| Verðtryggð        | 962           | 7,89           | 0,76        | 1.129         | 4,74        | 0,54           |
| Óverðtryggð       | 364           | 8,17           | 0,30        | 7.961         | 1,32        | 1,05           |
| <b>Heild</b>      | <b>1.326</b>  | <b>7,97</b>    | <b>1,06</b> | <b>9.090</b>  | <b>1,75</b> | <b>1,59</b>    |
| <b>Hrein eign</b> | <b>16.284</b> | <b>( 0,09)</b> | <b>0,16</b> | <b>27.112</b> | <b>1,20</b> | <b>( 3,24)</b> |

Tafla 5.5: Skuldabréf og skuldageringar í veltubók í lok árs 2011 og 2010 (m.kr.). Samstæða, óendurskoðuð.

Fyrir greiningu á vaxtanæmi í veltubók metur bankinn áhrif mögulegra breytinga á vöxtum á rekstrarreikning bankans að öllu öðru óbreyttu. Niðurstöðurnar má sjá í töflu 5.6.

<sup>4</sup> Skv. langtímaláns hæfismati Moody's.

| Mynt             | Samsíða hliðrun upp<br>á vaxtaferli (punktar) | 2011         | 2010          |
|------------------|---|--------------|---------------|
|                  |   | Hagnaður/tap | Hagnaður/tap  |
| ISK, verðtryggð  | 100   | 41           | ( 138)        |
| ISK, óverðtryggð | 100   | 7            | ( 125)        |
| CHF              | 40  | 0            | 0             |
| EUR              | 20  | ( 1)         | ( 4)          |
| GBP              | 40  | 0            | ( 1)          |
| JPY              | 20  | 0            | 0             |
| USD              | 40  | ( 5)         | ( 14)         |
| Aðrar myntir     | 40  | ( 6)         | ( 3)          |
| <b>Heild</b>     |   | <b>36</b>    | <b>( 284)</b> |

Tafla 5.6: Næmisgreining á skuldabréfum og skuldagerningum í veltubók í árslok 2011 og 2010 (m.kr.). Samstæða, óendurskoðuð.

### Vaxtaáhætta í fjárfestingarbók

Vaxtaáhætta í fjárfestingarbók er afleiðing af kjarnastarfsemi bankans. Þessi áhætta er aðallega í tengslum við hættuna á tapi vegna sveiflna í framtíðargreiðsluflæði eða gangvirði fjármálagerninga vegna vaxtabreytinga. Það endurspeglar þá staðreynd að eignir og skuldbindingar bankans hafa mismunandi gjalddaga og eru verðlagðar miðað við mismunandi vaxtastig.

Vaxtaáhætta í fjárfestingarbók er aðallega til komin af húsnæðislánum á föstum vöxtum, lánum í greiðslujöfnun, bundnum innlánum og sérvörðum skuldabréfum útgefnum af bankanum.

Áhættustýring og lánaeftirlit bera ábyrgð á að mæla, hafa eftirlit með og gefa skýrslu um vaxtaáhættu bankans í fjárfestingarbók. Fjárstýring ber svo ábyrgð á að stýra þessari áhættu innan þeirra marka sem efnahagsnefnd bankans ákvarðar en þau mörk taka mið af markaðsáhættuvilja bankans. Við stýringu áhættunnar er öllum eignum og skuldum í fjárfestingarbók skipt upp í fjóra vaxtaflokka samkvæmt aðferðarfræði frá Moody's og er hverjum flokki gefið vægi í samræmi við sögulegt flökt. Þannig er gert ráð fyrir mismunandi sveiflum í vöxtum eftir vaxtaflokkum þegar heildarpunktvirði er reiknað. Eftirfarandi tafla sýnir allar vaxtaberandi eignir og skuldir bankans flokkaðar eftir tímanum til annaðhvort næsta vaxtaendurskoðunardags eða lokagjalddaga eftir því hvor dagurinn er á undan. Næmisgreiningin tekur hins vegar mið af binditíma hverrar eignar og skuldar.

Við næmisgreiningu í fjárfestingarbók gerir bankinn ráð fyrir að óverðtryggðir íslenskir vextir breytist um 100 punkta. Gert er ráð fyrir minni breytingum á erlendum vöxtum í samræmi við minna sögulegt flökt. Þá er gert ráð fyrir að verðtryggðir innlendir vextir breytist minna en óverðtryggðir innlendir vextir þar sem þeir eru miðsæknari.

| Eignir                                  | 0-3 mán.       | 3-12 mán.     | 1-2 ár        | 2-5 ár        | 5-10 ár          | Yfir 10 ár    | Heild          |
|---|----------------|---------------|---------------|---------------|------------------|---------------|----------------|
| Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka | 56.016         | —             | —             | —             | —                | —             | 56.016         |
| Skuldabréf og skuldagerningar           | 32.218         | 1.153         | 1.069         | 370           | 1.398            | 4.458         | 40.666         |
| Útlán til lánaastofnana                 | 43.551         | 104           | —             | —             | —                | —             | 43.655         |
| Útlán til viðskiptavina                 | 420.171        | 27.158        | 35.739        | 63.895        | 1.914            | 15.517        | 564.394        |
| <b>Heildareignir</b>                    | <b>551.956</b> | <b>28.415</b> | <b>36.808</b> | <b>64.265</b> | <b>3.312</b>     | <b>19.975</b> | <b>704.731</b> |
| Liðir utan efnahags                     | 59.201         | —             | 10.007        | 3.115         | 113              | —             | 72.436         |
| <b>Skuldir</b>                          |                |               |               |               |                  |               |                |
| Innlán Seðlabanka Íslands               | 73             | —             | —             | —             | —                | —             | 73             |
| Innlán lánaastofnana                    | 61.711         | 1.061         | —             | —             | —                | —             | 62.772         |
| Innlán viðskiptavina                    | 456.329        | 3.383         | 759           | 807           | 1.665            | —             | 462.943        |
| Skortstöður                             | —              | 3.567         | 1.815         | 477           | —                | —             | 5.859          |
| Lántaka                                 | 7.221          | —             | —             | 6.679         | 49.133           | 188           | 63.221         |
| Víkjandi lán                            | 21.937         | —             | —             | —             | —                | —             | 21.937         |
| <b>Heildarskuldir</b>                   | <b>547.271</b> | <b>8.011</b>  | <b>2.574</b>  | <b>7.963</b>  | <b>50.798</b>    | <b>188</b>    | <b>616.805</b> |
| Liðir utan efnahags                     | 62.484         | —             | 9.862         | 3.070         | —                | —             | 75.416         |
| <b>Hreinn vaxtajöfnuður 31.12.2011</b>  | <b>1.402</b>   | <b>20.404</b> | <b>34.379</b> | <b>56.347</b> | <b>( 47.373)</b> | <b>19.787</b> | <b>84.946</b>  |

Tafla 5.7: Tími til næstu vaxtaendurskoðunar hjá eignum og skuldum í fjárfestingarbók í árslok 2011 (m.kr.). Samstæða, óendurskoðuð.

| Eignir                                  | 0-3 mánn.      | 3-12 mánn.    | 1-2 ár       | 2-5 ár        | 5-10 ár          | Yfir 10 ár    | Heild          |
|---|----------------|---------------|--------------|---------------|------------------|---------------|----------------|
| Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka | 28.966         | –             | –            | –             | –                | –             | 28.966         |
| Skuldabréf og skuldagerningar           | 31.142         | 659           | –            | –             | –                | 22            | 31.823         |
| Útlán til lánaastofnana                 | 30.520         | 350           | –            | –             | –                | –             | 30.870         |
| Útlán til viðskiptavina                 | 389.088        | 37.855        | 9.481        | 60.557        | 2.572            | 15.607        | 515.161        |
| <b>Heildareignir</b>                    | <b>479.717</b> | <b>38.864</b> | <b>9.481</b> | <b>60.557</b> | <b>2.572</b>     | <b>15.629</b> | <b>606.820</b> |
| Liðir utan efnahags                     | 47.903         | –             | –            | –             | –                | –             | 47.903         |
| <b>Skuldir</b>                          |                |               |              |               |                  |               |                |
| Innlán Seðlabanka Íslands               | 26             | –             | –            | –             | –                | –             | 26             |
| Innlán lánaastofnana                    | 86.856         | 1.037         | 8.319        | –             | –                | –             | 96.212         |
| Innlán viðskiptavina                    | 322.274        | 2.521         | –            | 1.420         | 943              | –             | 327.158        |
| Skortstöður                             | –              | –             | –            | –             | –                | –             | –              |
| Lántaka                                 | 432            | –             | –            | 808           | 52.639           | 1.546         | 55.425         |
| Víkjandi lán                            | 21.241         | –             | –            | –             | –                | –             | 21.241         |
| <b>Heildarskuldir</b>                   | <b>430.829</b> | <b>3.558</b>  | <b>8.319</b> | <b>2.228</b>  | <b>53.582</b>    | <b>1.546</b>  | <b>500.062</b> |
| Liðir utan efnahags                     | 48.216         | –             | –            | –             | –                | 120           | 48.336         |
| <b>Hreinn vaxtjöfnuður 31.12.2010</b>   | <b>48.575</b>  | <b>35.306</b> | <b>1.162</b> | <b>58.329</b> | <b>( 51.010)</b> | <b>13.963</b> | <b>106.327</b> |

Tafla 5.8: Tími til næstu vaxtaendurskoðunar hjá eignum og skuldum í fjárfestingarbók í árslok 2010 (m.kr.). Samstæða, óendurskoðuð.

Tafla 5.9 sýnir hvaða áhrif þessar vaxtabreytingar hefðu á virði eigna og skulda bankans miðað við binditímanálgun.

| Mynt             | Samsíða hliðrun upp á vaxtaferli (punktar) | 2011            | 2010          |
|------------------|--|-----------------|---------------|
|                  |  | Hagnaður/tap    | Hagnaður/tap  |
| ISK, verðtryggð  | 40   | ( 935)          | ( 684)        |
| ISK, óverðtryggð | 100  | ( 487)          | 62            |
| CHF              | 40   | 5               | ( 5)          |
| EUR              | 20   | 3               | 3             |
| GBP              | 40   | ( 1)            | 0             |
| JPY              | 20   | ( 3)            | ( 2)          |
| USD              | 40   | ( 8)            | 1             |
| Aðrar myntir     | 40   | 1               | 1             |
| <b>Heild</b>     |  | <b>( 1.425)</b> | <b>( 624)</b> |

Tafla 5.9: Næmisgreining á skuldabréfum og skuldagerningum í fjárfestingarbók í árslok 2011 og 2010 (m.kr.). Samstæða, óendurskoðuð.

## 5.7 VERÐBÓLGUÁHÆTTA

Bankinn ber áhættu vegna verðbólgu þar sem virði verðtryggðra eigna er meira en virði verðtryggðra skuldbindinga. Virði þessara eigna og skuldbindinga breytist í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs á hverjum tíma og allar þessar breytingar hafa áhrif á afkomu bankans. Efnahagsnefnd bankans setur mörk á verðtryggingarjöfnuð bankans og áhættustýring og lánaeftirlit sjá um að upplýsa nefndina reglulega um stöðu hans. Þann 31. desember 2011 var heildarvirði verðtryggðra eigna 22,2 mð. kr. meira en heildarvirði verðtryggðra skulda (31. desember 2010: 25,1 m. kr.). Þannig leiðir 1% hækkun á vísitölunni til 222 m.kr. hagnaðar fyrir bankann og 1% lækkun leiðir til samsvarandi taps þegar aðrir áhættuþættir eru óbreyttir.

## 5.8 GJALDEYRISÁHÆTTA

Gjaldeyrissáhætta er til komin af misræmi í uppgjörsmýnt bankans og mýntum fjármálagerninga hans, sérstaklega af misræmi í mýntsamsetningu eigna og skulda. Þegar bankinn metur gjaldeyrisjöfnuð sinn meðhöndlar hann hluta af þeim lánum, sem voru upphaflega tilgreind í erlendri mynt, sem eignir í íslenskum krónum þar sem hann gerir ráð fyrir að endurheimtur lánanna séu takmarkaðar í íslenskum krónum. Auk hefðbundinna þátta eru nokkrir óhefðbundnir þættir sem hafa áhrif á mælingar á gjaldeyrisjöfnuði, t.a.m.:



- skipting milli erlendra lána til viðskiptavina með greiðsluflæði í erlendum myntum og þeirra erlendu lána þar sem viðskiptavinurinn hefur greiðsluflæði í íslenskum krónum;
- endurútreikningur og umbreyting lánsfjárhæðar í íslenskar krónur á þeim lánnum sem eru tilgreind í erlendum myntum;
- endurmat á þeim lánnum sem eru tilgreind í erlendum myntum.

Bankinn leitast við að lágmarka gjaldeyrisáhættu sína hverju sinni og koma í veg fyrir mögulegt misræmi milli eigna og skulda í hverri mynt, óháð því hvernig misræmið er til komið.

## 5.9 AFLEIÐUR

Bankinn býður fjölbreytt úrval afleiðna fyrir viðskiptavinum sína hvort sem tilgangurinn er spákaupmennska eða áhættuvarnir. Þær afleiður sem viðskiptavinum stendur til boða eru vaxtaskiptasamningar, gjaldeyrisvaxtaskiptasamningar, skuldabréfavalréttir, gjaldeyrisvalréttir, framvirkir gjaldeyrisamningar, framvirkir hlutabréfasamningar, framvirkir skuldabréfasamningar og endurkaupasamningar. Bankinn setur mörk á þær afleiðustöður sem fela í sér markaðsáhættu. Bæði punktvirðismörk og gjalddagamörk eru á vaxtaskiptasamningum og gjaldeyrisvaxtaskiptasamningum en valréttir heyra undir margvísleg mörk, þ. á m. mörk á opna deltagamörk fyrir hvert undirliggjandi bréf.

Bankinn takmarkar þær stöður í afleiðum, sem fela ekki í sér markaðsáhættu (m.a. vegna afleiðuvarna), t.a.m. stöður í framvirkum samningum, með mörkum á heildarupphæð undirliggjandi samninga. Bankinn notar sjálfur afleiður til að takmarka áhættu af gjaldeyrisjöfnuði, fastvaxtjöfnuði og verðtryggingarjöfnuði bankans. Notkun bankans á afleiðum í öðrum tilgangi er óveruleg.

## 5.10 NOTKUN LÍKANA

Bankinn notar hefðbundna áhættumælikvarða til að meta markaðsáhættu. Bankinn notar einnig áhættuvirðisáðferðir í eftirfarandi tilgangi:

- í reglulegri skýrslugjöf um gjaldeyrisáhættu innanhúss,
- við mat á tryggingarþörf í afleiðuviðskiptum,
- við mat á eiginfjárþörf vegna mótaðilaáhættu,
- við ákvörðun á viðskiptamörkum viðskiptavina.

## 5.11 EIGINFJÁRÞÖRF

Bankinn reiknar eiginfjárþörf vegna markaðsáhættu fyrir 1. stoð samkvæmt staðalaðferð miðað við eiginfjártliskipun Evrópusambandsins (CRD). Í töflu 5.10 má sjá eiginfjárþörf bankans vegna markaðsáhættu í lok árs 2011 og 2010. Bankinn tekur tillit til þeirrar áhættu sem fellur ekki undir 1. stoð í innra matsferli bankans fyrir eiginfjárþörf (e. ICAAP).

| Áhættuþáttur     | 2011          |                     | 2010          |                     |
|------------------|---------------|---------------------|---------------|---------------------|
|                  | Eiginfjárþörf | Áhættuvegnar eignir | Eiginfjárþörf | Áhættuvegnar eignir |
| Hlutabréfaáhætta | 91            | 1.138               | 92            | 1.154               |
| Gjaldeyrisáhætta | 1.184         | 14.800              | 815           | 10.183              |
| Vaxtaáhætta      | 61            | 757                 | 274           | 3.429               |
| <b>Heild</b>     | <b>1.336</b>  | <b>16.695</b>       | <b>1.181</b>  | <b>14.766</b>       |

Tafla 5.10: Eiginfjárþörf og áhættuvegnar eignir vegna markaðsáhættu í árslok 2011 og 2010 (m.kr.). Samstæða, óendurskoðuð.

Markaðsáhætta hefur verið tiltölulega lítil hluti af heildaráhættu bankans undanfarin ár en í árslok 2011 var eiginfjárþörf vegna markaðsáhættu, fyrir 1. stoð, 2,7% af heildarfjáreiginfjárþörf bankans, samanborið við 2,8% árið 2010.



## 5.12 ÁLAGSPRÓFUN

Sem hluti af innra matsferlinu framkvæmir bankinn álagspróf á eignum veltubókar og fjárfestingarbókar til að reyna að meta hvaða áhrif breytingar á innri og ytri þáttum, svo sem helstu rekstrar- og efnahagsstærðum, gætu haft á eigið fé og rekstrarreikning bankans. Þessi tvö eignasöfn eru meðhöndluð á mismunandi hátt vegna mismunandi eiginleika þeirra. Bankinn metur þróun eftirfarandi þátta í álagsprófinu:

- hlutabréfa (allt hlutafé í eigu bankans),
- vaxta (öll markaðsskuldabréf og vaxtaáhætta í fjárfestingarbók),
- gjaldeyris (gjaldeyrisjöfnuður bankans),
- verðbólgu (verðtryggingarjöfnuður bankans),
- beinnar markaðsáhættu vegna afleiðna (bein markaðsáhætta er til komin af skuldabréfa- og gjaldeyrisvildunum og vaxtaskipta- og gjaldeyrisskiptasamningum),
- óbeinnar markaðsáhættu vegna afleiðna (útlánatap getur orðið til vegna mikilla breytinga á markaði og ónógra trygginga í afleiðusamningum).

Bankinn gaf út sérvarin skuldabréf árið 2011. Samkvæmt lögum nr. 11/2008 og reglugerð FME nr. 528/2008 framkvæmir bankinn vikuleg álagspróf þar sem hann ber saman núvirði útgefnu skuldabréfanna annars vegar og lánanna í tryggingarsafninu hins vegar fyrir mismunandi sviðsmyndir, þ. á m. við aðstæður þar sem vextir lækka skyndilega mikið.

## 6 LAUSAFJÁRÁHÆTTA

Lausafjárstaða Íslandsbanka hélst góð á árinu 2011. Hlutfallið milli reiðufjár eða ígildi þess og óbundinna innlána var 22% í lok árs 2011 samanborið við 17% í lok árs 2010. Hlutfall lausafjäreigna af heildarinnlánum var 36% í lok árs 2011 samanborið við 39% í lok árs 2010. Fjármálaeftirlitið gerir kröfu um að þessi hlutföll séu að lágmarki 5% og 20%.

Lausafjærhlutföll Seðlabankans til 1 og 3 mánaða námu 143% og 142% í lok árs 2011 samanborið við 150% og 152% á sama tíma árið 2010.

Innlánahlutföll bankans hækkuðu töluvert með samrunanum við Byr. Hlutfall innlána viðskiptavina af útlánum hækkaði úr 65% í árslok 2010 í 82% í lok árs 2011. Á sama tímabili hækkaði hlutfall heildarinnlána af heildarútlánum úr 79% í 87%.

Aðgengi Íslandsbanka að fjármagni hefur einkennst af gjaldeyrishöftum, hægum bata á innlendum verðbréfamarkaði og yfirlýsingu stjórnvalda eftir hrun íslenska bankakerfisins haustið 2008 um að þau ábyrgist allar innstæður í íslenskum bönkum. Á árinu 2011 héldu fjárfestar áfram að beina fjárfestingum sínum að stærstum hluta í innlán og ríkistryggð verðbréf sem endurspeglast í háum innlánahlutföllum í fjármálakerfinu í heild.

Fyrstu útgáfu Íslandsbanka á sérvörðum skuldabréfum í desember 2011 var vel tekið af fjárfestum. Viðtökur fjárfesta auka bjartsýni á aukið vægi sérvarinna skuldabréfa í langtímafjármögnun bankans.

Lausafjæráhætta er einn af helstu áhættuþáttum í rekstri Íslandsbanka. Einn meginþátturinn í starfsemi bankans er að taka við skammtímainnlánum sem ýmist eru óbundin eða bundin og að endurlána það fjármagn út til viðskiptavina í formi útlána sem almennt eru til lengri tíma. Umbreyting skammtímaskulda í langtímaútlán skapar áhættu fyrir bankann. Stefna Íslandsbanka í stýringu lausafjæráhættu miðar að því að geta á hverjum tíma mætt öllum fjárhagslegum skuldbindingum sínum.

### 6.1 SKILGREINING Á LAUSAFJÁRÁHÆTTU

Íslandsbanki skilgreinir lausafjæráhættu sem hættuna á því að geta ekki fjármagnað fjárhagslegar skuldbindingar eða fyrirhugaðan vöxt, eða að geta einungis gert það gegn kjörum sem eru umtalsvert hærri en gengur og gerist á markaði á hverjum tíma.

### 6.2 STEFNA, SKIPULAG OG ÁBYRGÐ

Stjórn Íslandsbanka er ábyrg fyrir stýringu á lausafjæráhættu bankans. Stjórnin skilgreinir áhættuþol bankans og gefur út stefnuskipting um lausafjæráhættu sem gildir á samstæðugrunni.

Efnahagsnefnd hefur yfirumsjón með og setur mörk varðandi lausafjærstýringu. Efnahagsnefnd ber ábyrgð á og samþykkir lausafjærstefnu bankans og leggur hana fyrir stjórn til samþykktar.

Áhættustýring og lánaeftirlit bera ábyrgð á að miðla upplýsingum um lausafjærstefnu bankans til viðskiptaeyninga og dótturfélaga. Áhættustýring og lánaeftirlit gera tillögu um áhættuþol, áhættumörk og umgjörð í tengslum við lausafjærstýringu til efnahagsnefndar og stjórnar bankans. Áhættustýring og lánaeftirlit eru einnig ábyrg fyrir skýrslugjöf um lausafjærstöðu bankans til stjórnenda og eftirlitsaðila og hefur eftirlit með því að áhættumörk séu virt.

Fjærstýring ber ábyrgð á að stýra lausafjærstöðu bankans innan þeirra marka sem hafa verið samþykkt af efnahagsnefnd og að veita upplýsingar um fjármögnun bankans. Fjærstýring gerir tillögu um innri verðlagningu til efnahagsnefndar og leggur til útlánakvóta ef við á. Millibanki sér um daglega umsýslu lausafjár fyrir hönd Fjærstýringar.

Íslandsbanki leggur áherslu á varfærni og hagkvæmni við stýringu á lausafjæráhættu og gerir stefna bankans ráð fyrir því að laust fé bankans skuli á hverjum tíma duga til að mæta skuldbindingum næstu 12 mánaða.

Eftir hrun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum árið 2008 hafa bankar og eftirlitsaðilar, innanlands sem utan, lagt áherslu á bættu lausafjærstýringu. Markmið Íslandsbanka er að uppfylla alþjóðlega staðla og bestu venju við stýringu lausafjæráhættu. Bankinn hefur endurskoðað umgjörð lausafjærstýringar með það að markmiði að mæta núverandi og væntum kröfum eftirlitsaðila í þessum efnum þar með talið nýjum lausafjárviðmiðum Basel-nefndarinnar.<sup>3</sup> Helstu þættir sem marka lausafjærstefnu Íslandsbanka eru:

- Bankinn skal hafa yfir að ráða reiðufé eða öðrum auðseljanlegum eignum til að mæta skuldbindingum næstu 12 mánaða án aðgengis að nýju lánsfé, þ.e. við álagsaðstæður á markaði.

- Bankinn skal tryggja að misvægi milli gjalddaga eigna og skulda sé innan ásættanlegra marka.
- Greiðslufyrirkomulag útlána bankans skal vera með þeim hætti að endurfjármögnunaráhætta bankans og viðskiptavina hans sé ásættanleg.
- Bankinn skal hafa vel skilgreind mörk fyrir lausafjárahættu í helstu starfrækslumyntum og undir öllum kringumstæðum uppfylla ytri kröfur um lausafjárahlutföll.
- Bankinn skal skilgreina áhættustig lausafjárahættu sem og viðlagaáætlun sem tryggir skilvirk viðbrögð stjórnenda á hverju áhættustigi.

Framangreindur rammi lausafjárstýringar er í samræmi við alþjóðlega staðla til dæmis þá sem gefnir eru út af Alþjóðagreiðslubankanum (BIS) og leiðbeinandi tilmæli frá Fjármálaeftirlitinu.

### 6.3 MÆLIKVARÐAR LAUSAFJÁRÁHÆTTU

Íslandsbanki notar ýmis viðmið og mælikvarða við að meta og mæla lausafjárstöðu sína og þar með lausafjárahættu bankans. Þessir mælikvarðar taka ýmist á nústöðu eða væntri þróun. Helstu mælikvarðarnir byggja á því að greina misræmi í greiðslufæði eigna og skulda við venjulegar aðstæður og undir álagi með því að meta ójafnvægi milli langtímaeigna og aðgengis að langtímafjármögnun og með því að reikna hlutfallið á milli lausafjäreigna bankans og væntra gjalddaga skuldbindinga. Forsendur innri lausafjármælikvarða eru endurskoðaðar reglulega.

### 6.4 SKÝRSLUGJÖF

Eitt af fyrstu markmiðum Íslandsbanka eftir stofnun bankans var að tryggja að stefnuskjöl og vinnureglur bankans tækju mið af þeim lærdómi sem draga má af fjármálakrísunni. Einn af þeim þáttum sem lögð var áhersla á í þessu samhengi var að bæta skýrslugjöf um áhættu í starfsemi bankans. Í hverjum mánuði fær stjórn bankans ítarlegt yfirlit um áhættur í rekstri bankans þar með talið lausafjárahættu. Áhættustýring og lánaeftirlit, fjárstýring og efnahagsnefnd fá daglegt yfirlit frá millibanka þar sem greint er frá helstu breytingum í lausafjárstöðu milli daga. Vikulega fá sömu aðilar ítarlegra yfirlit um lausafjárstöðuna frá áhættustýringu og lánaeftirliti.

Lausafjárskýrslur eru sendar mánaðarlega til eftirlitsaðila samkvæmt kröfum Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands.

### 6.5 LAUSAFJÁRSTAÐA

Lausafjárstaða Íslandsbanka var góð og nokkuð stöðug árið 2011 og lausafjárahlutföll bæði samkvæmt innri skilgreiningum og kröfum eftirlitsaðila voru vel yfir mörkum.

Stefna bankans miðar að því að eiga nægjanlegt safn reiðufjár og auðseljanlegra eigna til að uppfylla innri og ytri kröfur en á sama tíma að uppfylla kröfur um ásættanlega arðsemi eigna bankans. Tafla 6.1 sýnir samsetningu lausafjäreigna bankans í árslok 2011 og 2010.

| Lausafjárstaða   | 31.12.2011     | 31.12.2010     |
|--|----------------|----------------|
| Handbært fé og innstæður í Seðlabanka Íslands                          | 53.162         | 30.799         |
| Óveðsett verðbréf sem hæf eru sem veð í endurhverfum viðskiptum við SÍ | 55.024         | 54.881         |
| Erlend ríkisskuldabréf   | 16.323         | 30.378         |
| Skammtímastöður við fjármálastofnanir                                  | 36.695         | 28.332         |
| Lausafjárlína við íslenska ríkið                                       | 25.000         | 25.000         |
|  | <b>186.204</b> | <b>169.390</b> |

Tafla 6.1: Samsetning lausafjäreigna (m.kr.). Móðurfélag, óendurskoðað.


Auk innri krafna þarf bankinn að uppfylla lausafjárkröfur Fjármálaeftirlits og Seðlabankans.

### 6.6 LAUSAFJÁRHLOTFÖLL FJÁRMÁLAEFTIRLITS

Fjármálaeftirlitið hefur skilgreint tvo mælikvarða sem íslenskir bankar þurfa að uppfylla varðandi lausafjárstöðu. Fyrri mælikvarði gerir kröfu um að reiðufé og ígildi þess nemi að lágmarki 5% af óbundnum innlánum og sá seinni að lausafjäreignir nemi að lágmarki 20% af heildarinnlánum. Þessar kröfur gilda fyrir móðurfélagið. Skilgreining Fjármálaeftirlitsins á lausafjäreignum er eftirfarandi:

- Reiðufé og ígildi þess: Seðlar, innstæður hjá Seðlabanka og öðrum innlendum og erlendum fjármálafyrirtækjum.
- Lausafjäreignir: Reiðufé og ígildi þess, verðbréf sem nota má sem andlag í endurhverfum viðskiptum við Seðlabanka Íslands, erlend ríkisskuldabréf, sérvarin skuldabréf og aðrar auðseljanlegar eignir.


Mynd 6.1 sýnir þróun lausafjárhlutfalla Fjármálaeftirlitsins fyrir Íslandsbanka yfir árið 2011. Frá miðju ári hækkuðu hlutföllin en lækkuðu aftur í árslok einkum vegna sameiningar við Byr. Bæði hlutföllin eru þó vel yfir lágmarkskröfum.



Mynd 6.1: Lausafjárhlutföll Fjármálaeftirlits. Móðurfélag, óendurskoðað.

### 6.7 LAUSAFJÁRHLOTFÖLL SEÐLABANKA

Seðlabankinn gerir þá kröfu að lausafjäreignir samkvæmt skilgreiningu hans séu umfram lausafjárskuldir til 1 og 3 mánaða. Þessar reglur gilda fyrir móðurfélagið. Mynd 6.2 sýnir þróun lausafjárhlutfall Seðlabankans fyrir Íslandsbanka árið 2011.



Mynd 6.2: Lausafjárhlutföll Seðlabanka. Móðurfélag, óendurskoðað.

Á árinu 2011 óskaði Seðlabankinn eftir því að Íslandsbanki endurskoðaði aðferð sína við flokkun innlána í útreikningi á lausafjárhlutföllum í mánaðarlegri skýrslugjöf til Seðlabanka. Fyrri aðferð byggði á skilgreiningum sem voru niðurstaða viðræðna við Seðlabankann í byrjun árs 2010 en í ágúst 2011 óskaði Seðlabankinn eftir endurskoðun á aðferðinni. Sú endurskoðun leiddi af sér verulega lækkun í lausafjárhlutföllum sem eru þó vel yfir reglubundnu lágmarki. Vegna þessara breytinga eru þau hlutföll sem sýnd voru í Áhættuskýrslu Íslandsbanka fyrir árið 2010 ekki samanburðarhæf við þau sem sýnd eru hér.

### 6.8 LAUSAFJÁRHLOTFÖLL SAMKVÆMT BASEL III

Í desember 2010 kynnti Alþjóðagreiðslubankinn (BIS) skýrslu sem innihélt nýja staðla fyrir lausafjárstýringu: *International Framework for Liquidity Risk Measurement, Standards and Monitoring*. Þessir nýju staðlar eru hluti af Basel III-reglunum og miða að því að innleiða samræmda mælikvarða á lausafjánhættu fyrir alla banka, lausafjárþekjuhlutfall (e. Liquidity Coverage Ratio - LCR) og langtímafjármögnunarhlutfall (e. Net Stable Funding Ratio - NSFR). Núverandi áætlun gerir ráð fyrir að LCR-hlutfallið verði innleitt í árslok 2015 og NSFR-hlutfallið í árslok 2018. Hins vegar ríkir enn töluverð óvissa varðandi endanlega túlkun reglnanna og innleiðingu þeirra á Íslandi.

Íslandsbanki fylgist vel með alþjóðlegri þróun og umræðu varðandi innleiðingu Basel III-lausafjánhluftfallanna, LCR og NSFR. Hlutföllin eru reiknuð og reglulega er gefin skýrsla um þróun þeirra til innri aðila. Íslandsbanki hefur átt í góðum samskiptum við Fjármálaeftirlitið og Seðlabankann varðandi innleiðingu Basel III-lausafjárfakrfanna. Í samvinnu við eftirlitsaðila var gerð áhrifakönnun sem byggði á gögnum frá Íslandsbanka og hinum íslensku bönkunum.

### 6.9 ÁLAGSPRÓF

Í dag er umgjörð Íslandsbanka fyrir lausafjáraalagspróf einföld og skilvirk. Álagsprófunum er ætlað að meta þróun lausafjástöðu bankans við álagsaðstæður án aðgengis að nýju lánsfé. Til viðbótar við álagsprófin hefur bankinn vel skilgreinda viðlagaáætlun vegna lausafjárstýringar.

### 6.10 VIÐLAGAÁÆTLUN


Stefna Íslandsbanka í lausafjárstýringu gerir ráð fyrir því að bankinn hafi vel skilgreinda lausafjárviðlagaáætlun. Megintilgangur viðlagaáætlunarinnar er að merkja vandamál í lausafjárstýringu eða fjármögnun eins fljótt og kostur er og auka þar með líkurnar á því að bankinn geti brugðist við með skilvirkum hætti. Samkvæmt viðlagaáætluninni hefur bankinn skilgreint 5 stig sem endurspeglar mismunandi lausafjástöðu. Lausafjástig bankans er ákvarðað annars vegar með hliðsjón af fyrirframskilgreindum þáttum og hins vegar samkvæmt mati sérfræðinga bankans. Fyrir hvert stig eru viðbrögð stjórnenda og þörf fyrir upplýsingagjöf skilgreind. Viðlagaáætlunin og lausafjástig bankans hafa verið kynnt fyrir öllum hlutaðeigandi aðilum, þar með talið stjórn bankans, Seðlabanka og Fjármálaeftirliti.

### 6.11 FJÁRMÖGNUN

#### Innlán

Meginhluti fjármögnunar Íslandsbanka er í formi innlána frá viðskiptavinum. Einn af þeim mælikvörðum sem stöðugt er fylgst með hjá bankanum er hlutfallið milli innlána og útlána.

Innlánahlutföll bankans hækkuðu töluvert með samrunanum við Byr. Hlutfall innlána viðskiptavina af útlánnum til viðskiptavina hækkaði úr 65% í árslok 2010 í 82% í lok árs 2011. Á sama tímabili hækkaði hlutfall heildarinnlána af heildarútlánnum úr 79% í 87%.




Mynd 6.3: Þróun innlána frá viðskiptavinum og útlána til viðskiptavina (ma. kr.). Samstæða, óendurskoðuð.

Íslandsbanki leggur áherslu á að draga úr samþjöppunaráhættu í innlánunum. Þetta endurspeglast í innri lausafjármælikvörðum þar sem sérstaklega er horft til áhættunnar sem felst í því að einstakir stórir aðilar taki allar innstæður sínar út á skömmum tíma. Bankinn flokkar innlán í sex yfirflokkka sem byggja á skilgreiningum Basel III-staðlanna. Taflan hér að neðan lýsir skilgreiningunum á bak við þessa flokkun og eru þau innlán sem talin eru stöðugust efst í töflunni:

| Innlánaflokkur                  | Basel III-skilgreining   |
|---------------------------------|--|
| Einstaklingar – stöðug          | Einstaklingar með heildarinnstæður undir 100.000 evra  |
| Lítill fyrirtæki – stöðug       | Lögaðilar utan þeirra sem skilgreindir eru sem stærri fyrirtæki eða aðrir lögaðilar með heildarinnlán undir 100.000 evra   |
| Einstaklingar – minna stöðug    | Einstaklingar með heildarinnstæður yfir 100.000 evra   |
| Lítill fyrirtæki – minna stöðug | Lögaðilar utan þeirra sem skilgreindir eru sem stærri fyrirtæki eða aðrir lögaðilar með heildarinnstæður yfir 100.000 evra |
| Stærri fyrirtæki                | Lögaðilar auk seðlabanka og opinberra aðila með innstæður yfir 1.000.000 evra  |
| Aðrir lögaðilar                 | Fjármálafyrirtæki, tryggingafélög, fjárvörsluaðilar, hagsmunasamtök og fjármögnunarsjóðir                                  |

Tafla 6.2: Flokkun innlána samkvæmt Basel III-staðli.

Mynd 6.4 sýnir skiptingu innlána bankans, alls að fjárhæð 534 milljarðar króna, í árslok 2011 samkvæmt skilgreiningum Basel III-staðalsins. Í síðasta flokknum, öðrum lögaðilum, er brotið frekar niður í fjárvörsluaðila, innlendar fjármálastofnanir, erlendar fjármálastofnanir og annað.



Mynd 6.4: Heildarinnlán að fjárhæð 534 ma. kr. Niðurbrot eftir mótaðila í árslok 2011. Móðurfélag, öendurskoðað.



Mynd 6.5: Myntsamsetning innlána í árslok 2011. Móðurfélag, öendurskoðað.

Sameiningin við Byr styrkti innlána fjármögnun bankans, ekki eingöngu í fjárhæðum heldur jókst einnig hlutfall innlána sem líta má á sem langtímafjármögnun. Hlutfall innlána frá einstaklingum og litlum fyrirtækjum hækkaði úr 44% í árslok 2010 í 50% í árslok 2011. Þar af má líta á um 32% sem stöðug og þar með sem langtímafjármögnun en 16% eru samkvæmt skilgreiningu minna stöðug. Sambærileg hlutföll í árslok 2011 voru 31% og 13%. Aðgreining á milli stöðugra og minna stöðugra innlána byggir á heildarfjárhæð innlána hvers viðskiptavinar, þannig eru lægri innstæður að meðaltali taldar stöðugri heldur en stærri innstæður. Einnig er horft til hvernig viðskiptasambandi milli bankans og viðkomandi innlánsseigenda er háttað. Tafla 6.3 sýnir hvernig innlána samsetningin hefur breyst yfir árið 2011.

| Niðurbrot innlána              | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|--------------------------------|------------|------------|
| Einstaklingar, stöðugir        | 26%        | 23%        |
| Lítill fyrirtæki, stöðug       | 6%         | 5%         |
| Einstaklingar, minna stöðug    | 8%         | 8%         |
| Lítill fyrirtæki, minna stöðug | 10%        | 8%         |
| Stór fyrirtæki                 | 24%        | 16%        |
| Fjárvörsluaðilar               | 12%        | 14%        |
| Innlendar fjármálastofnanir    | 5%         | 12%        |
| Erlendar fjármálastofnanir     | 9%         | 11%        |
| Aðrir                          | 0%         | 3%         |
|                                | 100%       | 100%       |

Tafla 6.3: Samsetning innlána í árslok 2010 og 2011. Móðurfélag, öendurskoðað.



**Skammtímahorfur**


Horfurnar varðandi lausafjárstöðu bankans árið 2012 eru góðar. Minnkandi skuldsetning í íslensku efnahagslífi hefur takmarkandi áhrif á eftirspurn eftir nýju lánsfé á sama tíma og endurgreiðslur og afborganir af núverandi útlánnum mynda stöðugt innflæði fjármagns fyrir bankann. Samhliða væntingum um að það dragi úr eftirspurn eftir áhættulitlum fjárfestingakostum vegna lækkandi raunvaxta gerir bankinn ráð fyrir að selja skuldabréf og víxla í auknum mæli á árinu 2012. Íslandsbanki er ekki háður aðgengi að erlendu lánsfé til skemmri tíma. Bankinn fylgist þó stöðugt með þróuninni á alþjóðamörkuðum með það í huga að afla erlends lánsfjár ef tækifæri gefst. Útgáfa skuldabréfa í erlendri mynt er þó háð því að íslenska ríkið haldi áfram að geta aflað erlends lánsfjár sem og bættu lánshæfi íslenska ríkisins.

Einn stærsti óvissuþátturinn varðandi lausafjárstöðu bankans er afnám gjaldeyrishafta. Íslandsbanki er vel búinn undir skammtímaútlæði fjármagns í tengslum við afnám hafta en fjármálakerfið í heild sinni er mjög háð því að vel takist til við afnám gjaldeyrishaftanna.

**Horfur til lengri tíma**

Á næstu tveimur árum má gera ráð fyrir að eftirspurn eftir skuldabréfum, einkum sértryggðum skuldabréfum, aukist og að skuldabréfaútgáfa verði stærri hluti af fjármögnun bankans. Samhliða myndu innlánahlutföll lækka. Mynd 6.6 sýnir þróun innlána og útlána í íslenska bankakerfinu frá janúar 2004. Bláa línan sýnir samsvarandi hlutfall innlána af útlánnum fyrir kerfið í heild. Frá árinu 2004 og þar til á síðari hluta ársins 2008 jukust útlán langt umfram innlán sem leiddi til verulegrar lækkunar innlánahlutfalla. Eftir hrun íslenska bankakerfisins í lok árs 2008 lækkaði virði útlánasafna bankanna um nær helming en innlán innlendra aðila jukust á sama tíma vegna yfirlýsingar stjórnvalda um að allar innstæður í innlendum bönkum væru tryggðar af íslenska ríkinu. Núverandi innlánahlutföll eru því mjög há í sögulegu samhengi.

Þegar horft er nokkur ár fram í tímann má gera ráð fyrir að innlánseigendur flytji hluta fjármagnsins í aðra fjárfestingakosti og að innlánahlutföll lækki niður í 50%-60% líkt og raunin var árið 2004. Þessi þróun er þó mjög háð því hversu hratt íslenskur verðbréfamarkaður tekur við sér, afnámi gjaldeyrishafta og breytingum er varða Tryggingarsjóð innstæðueigenda.



Mynd 6.6: Innlán og útlán í íslenska bankakerfinu (ma. kr.). Heimild: Seðlabanki Íslands.

Vert er að taka fram að í tölunum sem hér eru sýndar er búið að taka út viðskipti milli banka. Samkvæmt hagtölum Seðlabanka jukust innlán í kerfinu milli loka árs 2010 og loka árs 2011. Eins og sjá má á mynd 6.6 lækkuðu innlán á fyrri helmingi ársins en jukust svo aftur. Á síðari hluta ársins 2011 afturkallaði Fjármálaeftirlitið starfsleyfi gömlu bankanna sem áður höfðu verið flokkaðir sem fjármálastofnanir og þar með undanskildir í innlánatölum Seðlabankans. Eftir að starfsleyfi þeirra var afturkallað hafa þeir fallið í flokk eignarhaldsfélaga og eru innifaldir í innlánatölum Seðlabankans sem slíkir. Þetta er meginástæða þeirrar innlánaaukningar sem kemur fram í tölunum á síðari helmingi ársins 2011.



## 7 REKSTRARÁHÆTTA

Árið 2011 voru 239 tapsatvik skráð í gagnagrunn bankans um rekstraráhættu. Atvikin eru skráð samkvæmt flokkun Basel II-reglna og voru flest atvik, 43%, í flokknum viðskiptavinir, vörur og viðskiptahættir. Í flokknum framkvæmd, afgreiðsla og verkferlar voru 32% atvika. Mest tap hlaut af atvikum í flokknum viðskiptavinir, vörur og viðskiptahættir eða 65% af öllu skráðu tapi vegna rekstraráhættu á árinu 2011.

Árið 2011 hélt bankinn áfram að styrkja umgjörð sína um rekstraráhættu og stýringu hennar. Stjórn bankans samþykkti nýja útgáfu af Rekstraráhættustefnu og framkvæmdastjórn bankans samþykkti Stefnu um samfelldan rekstur sem nú er verið að hrinda í framkvæmd.

### 7.1 SKILGREINING REKSTRARÁHÆTTU

Bankinn styðst við skilgreiningu á rekstraráhættu í tilskipun Evrópusambandsins nr. 2006/48/EB, þar sem rekstraráhætta er skilgreind sem „hættan á tapi sem er afleiðing af ófullnægjandi innri verkferlum, misbrestri á að verkferlum sé fylgt, starfsmönnum eða vegna ytri atburða í rekstrarumhverfi“. Bankinn skilgreinir lagalega áhættu, regluvörsluáhættu og orðsporsáhættu sem hluta af rekstraráhættu.

### 7.2 STEFNA, SKIPULAG OG ÁBYRGÐ

Stjórn bankans hefur samþykkt Rekstraráhættustefnu sem gildir fyrir bankann og dótturfélög hans. Í stefnunni er umgjörð rekstraráhættustýringar í bankanum skilgreind. Umgjörðinni er lýst nánar í nokkrum undirskjölum, svo sem Stefnu um samfelldan rekstur, Öryggisstefnu og Viðlagaáætlun vegna upplýsingamiðlunar, sem öll hafa verið samþykkt af framkvæmdastjórn bankans.

Samkvæmt Rekstraráhættustefnu ber framkvæmdastjórn ábyrgð á umgjörð um rekstraráhættu og ber áhættueftirlit, sem er hluti af áhættustýringu og lánaeftirliti, ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd stefnunnar innan bankans.

Bankinn tekur fjárhagslega áhættu, svo sem útlánaáhættu og markaðsáhættu, í þeim tilgangi að skapa tekjur og er viðeigandi verðlagning fjárhagslegrar áhættu mikilvægur þáttur í starfsemi bankans. Rekstraráhætta skapar ekki tekjur fyrir bankann með sama hætti og þess vegna er markmið bankans að forðast rekstraráhættu nema þegar kostnaður við að koma í veg fyrir slíka áhættu er meiri en ávinningurinn. Bankinn hefur innleitt umgjörð fyrir rekstraráhættustýringu hjá móðurfélaginu sem uppfyllir skilyrði Basel II-reglnanna um staðalaðferð.

Helstu verkfæri við rekstraráhættustýringu eru:

- skráning allra tapsatvika sem rekja má til rekstraráhættu í bankanum,
- áhættusjálfsmat (e. Risk and Control Self Assessment) innan bankans,
- vöktun á áhættuvísunum (e. Key Risk Indicators) innan bankans,
- stefna um samfelldan rekstur,
- upplýsingagjöf um rekstraráhættu til stjórnar, framkvæmdastjórnar og stjórnenda einstakra starfseininga bankans.

Í Rekstraráhættustefnu bankans hefur stjórnin skilgreint mörk fyrir viðunandi tap vegna rekstraráhættu og ef ársfjórðungslegt tap fer yfir þau mörk er tilkynnt um það sérstaklega til framkvæmdastjórnar og stjórnar bankans ásamt því að áætlanir um hvernig draga megi úr áhættu eru kynntar.


Áhættueftirlit ber ábyrgð á þróun umgjörðarinnar fyrir rekstraráhættustýringu og hefur eftirlit með rekstraráhættu. Einstakar starfseiningar bankans bera hins vegar meginábyrgð á að stýra og stjórna eigin rekstraráhættu.

### 7.3 MÆLINGAR OG EFTIRLIT


Bankinn hefur innleitt aðferð til að skrásetja tap vegna rekstraráhættu og atburða sem hefðu getað valdið tapi. Atvik sem hafa í för með sér tap sem er meira en 100.000 kr. og atburðir sem hefðu getað valdið verulegu tapi eru skráð gegnum vefkerfi og eru upplýsingarnar varðveittar í gagnagrunni bankans um tapsatvik. Gagnagrunnurinn geymir allar upplýsingar um raunverulegt tap, flokkaðar samkvæmt Basel II-skilgreiningum og eru gögn úr grunninum efniviður í skýrslur um rekstraráhættu til stjórnenda. Gögn um tapsatvik eru einnig nauðsynleg fyrir þróun fullkonnari aðferða við mat á eiginfjárkröfum vegna rekstraráhættu.

Árið 2011 voru 239 atburðir skráðir í gagnagrunn bankans um tapsatvik, þar af flokkast 43% atvikanna sem viðskiptavinir, vörur og viðskiptahættir og 32% sem framkvæmd, afgreiðsla og verkferlar.

Árið 2011 hlaut einnig mest tap vegna flokksins viðskiptavinir, vörur og viðskiptahættir eða um 65% af tapi vegna rekstraráhættu.



Mynd 7.1: Greining tapsátvika ári 2010 og 2011 eftir skilgreiningu Basel II á flokkun tapsátvika. Móðurfélag, óendurskoðað.



Mynd 7.2: Greining taps vegna rekstraráhættu ári 2010 og 2011 eftir skilgreiningu Basel II á flokkun tapsátvika. Móðurfélag, óendurskoðað.

Áhættueftirlit ber ábyrgð á að tryggja að allt raunverulegt tap (og atburðir sem hefðu getað haft tap í för með sér) sé skráð í gagnagrunn bankans um tapsatvik. Áhættumeðvitun fyrirtækjamenning er mikilvæg til að ná þessu markmiði og árið 2011 komu flestar skráningar á tapi frá hinum ýmsu starfseiningum en ekki frá áhættueftirliti.

Auk þess að safna upplýsingum um raunverulegt tap notar bankinn áhættusjálfsmat (e. Risk and Control Self Assessment) til að greina og meta rekstraráhættu í hverri starfseiningu. Að sjálfsmatinu loknu er gerð úrbótaáætlun með tilteknum verklokadegi. Viðeigandi aðila er falið að annast framkvæmd úrbóta vegna þeirra áhættuþátta sem taldir eru óásættanlegir. Þetta sjálfsmatsferli er framkvæmt um það bil einu sinni á ári af öllum einingum innan bankans og skýrslur um helstu niðurstöður og áætlanir til að draga úr áhættu eru fengnar stjórnendum viðkomandi sviða. Tilgangur sjálfsmatsins er að bæta vinnulag bankans með reglulegri endurskoðun á stefnu, ferlum og kerfum.

Áhættueftirlit gerir skýrslur fyrir stjórnendum sem ætlað er að gefa yfirlit yfir rekstraráhættu bankans til að stuðla að upplýstum ákvörðunum stjórnenda. Skýrslurnar er byggðar á skráðu rekstrartapi, áhættuvísium (e. Key Risk Indicators) og niðurstöðum úr áhættusjálfsmati í bankanum. Skýrslum er skilað a.m.k. ársfjórðungslega til stjórnar bankans, framkvæmdastjórnar og stjórnenda einstakra starfseininga.

#### 7.4 MAT Á EIGINFJÁRÞÖRF

Bankinn notar grundvallaraðferð (e. Basic Indicator Approach) tilskipunar um eiginfjárkröfur til að reikna út lágmarkseiginfjárkröfur 1. stoðar vegna rekstraráhættu, í samræmi við reglugerð FME nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja.

Samkvæmt grundvallaraðferð er eiginfjárfra vegna rekstraráhættu 15% af viðeigandi mælikvarða. Viðeigandi mælikvarði er meðaltal samtölu hreinna vaxtatekna og annarra rekstrartekna síðustu þriggja reikningsára.

Bankinn notar sviðsmyndagreiningu fyrir rekstraráhættu við innra mat á eiginfjárþörf (ICAAP) til að meta þörfina (ef einhver er) fyrir eigið fé samkvæmt 2. stoð til viðbótar við lágmarkseiginfjárkröfur 1. stoðar.

#### 7.5 ORÐSPORSÁHÆTTA

Orðsporsáhætta er skilgreind sem hættan á tapi vegna neikvæðrar ímyndar bankans í huga viðskiptavina, mótaðila, hluthafa, fjárfesta eða stjórnvalda. Neikvæð ímynd getur haft áhrif á getu bankans til að viðhalda viðskiptasamböndum sínum eða til að stofna til nýrra viðskiptasambanda og alvarlegur skaði á orðspori bankans getur takmarkað aðgengi bankans að fjármögnun.

Í kjölfar hruns íslenska bankakerfisins árið 2008 hefur ímynd fjármálastofnana á Íslandi í huga almennings verið neikvæð. Bankinn gerir sér grein fyrir því að til viðbótar við þessa neikvæðu ímynd gagnvart fjármálastofnunum hafa þau tengsl sem fólk skynjar á milli Íslandsbanka og Glitnis valdið sérstakri orðsporsáhættu fyrir Íslandsbanka þar sem viðskiptavinir greina ekki alltaf á milli mála sem rekja má til Glitnis og þeirra sem rekja má til bankans.

Til að takast á við þá áhættu hafa verið sett upp innri ferli til að lágmarka orðsporsáhættu. Öll stærri verkefni í bankanum sem fela í sér orðsporsáhættu þurfa að hafa sérstaka boðskiptaáætlun. Framkvæmdastjórn bankans hefur líka samþykkt Viðlagaáætlun vegna upplýsingamiðlunar þar sem viðbrögðum við orðsporsáhættu er lýst.

Breytingum á orðspori bankans samkvæmt sérstökum mælingum er lýst í skýrslum um rekstraráhættu til stjórnenda.

## 7.6 LAGALEG ÁHÆTTA

Bankinn skilgreinir lagalega áhættu sem hættuna á tapi vegna óvissu um gildissvið eða túlkun samninga, laga eða reglugerða, til dæmis þegar málsókn gegn bankanum lýkur með óvæntum úrskurði, þegar samningar eru ekki fullnustuhæfir eða úrskurðaðir ólöglegir af dómstólum. Lagaleg áhætta er hluti af rekstraráhættu skv. skilgreiningu bankans á rekstraráhættu og rekstraráhættustýring tekur einnig til lagalegrar áhættu. Margvísleg lagaleg álitæfni bíða nú úrskurðar og geta þau haft umtalsverð áhrif á efnahag bankans, sem og orðspor hans. Flest álitæfnanna tengjast þeim aðstæðum sem leiddu til stofnunar bankans haustið 2008, lánnum í erlendum myntum og gengistryggðum lánnum. Fjallað er um helstu álitæfnin í ársskýrslu bankans 2011, skýringu nr. 60.

Bankinn leggur kapp á að yfirfara samningstexta og önnur skjöl til að draga úr líkum á að ágreiningur komi upp um efni þeirra og leita þyrfti til dómstóla til að skera úr um. Ef málaferli eru líkleg til að hafa í för með sér fjárhagsleg áhrif fyrir bankann er slíkt kynnt stjórn bankans og er einnig greint frá slíku í ársreikningi bankans ef það á við.

## 7.7 AÐRIR ÁHÆTTUÞÆTTIR

Bankinn telur eftirfarandi áhættuþætti mikilvæga þótt þeim sé ekki lýst í sérstökum stefnuskjölum. Eftirlit ef haft með þessum þáttum og fjallað er um þá í innra mati bankans á eiginfjárbörf (ICAAP).

### 7.7.1 VIÐSKIPTA- OG STEFNUMÓTUNARÁHÆTTA

Viðskiptaáhætta er hættan á því að hagnaður minnki vegna lægri tekna eða aukins kostnaðar sem ekki er til kominn vegna annarrar tegundar áhættu. Stefnumótunaráhætta er hættan á tapi bankans vegna breytinga í viðskiptaumhverfi og af óhagstæðum viðskiptaákvörðunum, ófullnægjandi innleiðingu ákvarðana eða skorti á viðbrögðum við breytingum í viðskiptaumhverfinu.

Stjórnendur bankans hafa stöðugt eftirlit með breytingum í viðskiptaumhverfinu og áhrifum þeirra á stefnu bankans og núverandi starfsemi. Þetta er sérstaklega krefjandi við núverandi aðstæður þar sem fjármálakreppan á Íslandi hefur skaðað markaðinn og traust á milli aðila er skert.

### 7.7.2 STJÓRNMÁLAÁHÆTTA

Stjórn málaáhætta er hættan á að stefnu stjórnvalda, að því marki sem hún er frábrugðin gildandi lögum eða reglum, sé fylgt eftir með þeim afleiðingum að sett séu ný lög eða reglugerðir sem hafa neikvæð áhrif á viðskipti bankans eða á verðmæti eigna hans. Ný lög voru sett árið 2011 sem hafa áhrif á bankann og er fjallað um þau í kafla 9. Nokkur atriði í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar frá 2010 hafa enn ekki verið leidd í lög. Mikilvægust eru áform ríkisstjórnarinnar um að koma á nýjum lögum um fiskveiðistjórnun. Bankinn metur stjórn málaalega óvissu þegar innra mat er gert á eiginfjárbörf (ICAAP) og ef þörf krefur er aukið við eiginfjárkröfur undir 2. stoð.

## 8 STARFSKJÖR

### 8.1 BASEL-KRÖFURNAR

Í júlí 2011 gaf Basel-nefndin út viðbótarkröfur um starfskjör sem heyra undir 3. stoð. Kröfunum er ætlað að auðvelda markaðsaðilum að leggja mat á venjur varðandi starfskjör. Kröfurnar munu auk þess stuðla að samræmi í birtingu upplýsinga um starfskjör.

### 8.2 ÍSLENSK LÖG OG REGLUGERÐIR

Þann 30. júní 2011 birti Fjármálaeftirlitið reglur um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja (nr. 700/2011) í samræmi við breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki (nr. 161/2002, lög um breytingar á lögum, nr. 75/2010). Reglurnar innihalda nokkuð aðhaldssama umgjörð um kaupaukakerfi innan fjármálageirans. Samkvæmt reglunum er fjármálafyrirtæki, sem hyggst greiða kaupauka til eins eða fleiri starfsmanna, skylt að vera með kaupaukakerfi, sem samþykkt er af stjórn bankans og endurskoðað a.m.k. árlega, og gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir kaupaukakerfinu. Kaupaukakerfið skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- það skal ekki hvetja til óeðlilegrar áhættutöku,
- það skal ekki vinna gegn langtímahagsmunum fyrirtækisins og stöðugleika fjármálakerfisins,
- það skal samræmast sjónarmiðum um vernd viðskiptavina fyrirtækisins, kröfuhafa og hluthafa eða stofnfjáreigenda,
- það skal að öðru leyti samræmast eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum.

Reglurnar kveða á um að samtala veittra kaupauka að meðtöldum þeim hluta greiðslna sem er frestað, skuli ekki vera hærrí en 25% af ársláunum viðkomandi einstaklings án kaupauka. Greiðslu a.m.k. 40% kaupaukans skal frestað að lágmarki um þrjú ár. Áhættustýring, regluvarsla- og innri endurskoðun skulu skoða og greina hvort kaupauki sé í samræmi við kaupaukakerfi fyrirtækisins og reglur Fjármálaeftirlitsins. Kaupauki skal ekki greiddur til starfsmanna í áhættustýringu, innri endurskoðun og regluvörslu.

### 8.3 STARFSKJÖR HJÁ ÍSLANDBANKA

Hjá Íslandsbanka er við lýði starfskjarastefna sem samþykkt hefur verið af hluthöfum bankans. Starfskjarastefnan er birt á vef bankans.<sup>5</sup> Greint er frá launum og öðrum hlunnindum stjórnar og stjórnenda í ársskýrslu bankans í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

<sup>5</sup> [www.islandsbanki.is/um-islandsbanka/skipulag/verklag/starfsreglur/](http://www.islandsbanki.is/um-islandsbanka/skipulag/verklag/starfsreglur/)

## 9 BREYTINGAR Á LÖGUM OG REGLUGERÐUM

Talsverðar breytingar eru yfirvofandi á alþjóðlegum og innlendum reglum um fjármálastofnanir í framhaldi af alþjóðlegu fjármálakreppunni. Á alþjóðavettvangi er það markverðast að Basel-nefndin um bankaeftirlit hefur lagt fram tillögur að nýrri umgjörð, Basel III, til að stuðla að traustara regluverki, bættu eftirliti og betri áhættustýringu í fjármálakerfinu.

Íslenska efnahagskerfið hefur gengið í gegnum tímabil verulegrar aðlögunar og margar af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á lögum og reglugerðum hér á landi eru liður í aðgerðum til að styrkja íslenskt regluverk um fjármálastarfsemi. Helstu breytingar á lögum og reglum eru tíundaðar hér að neðan.

### 9.1 BASEL III

Alþjóðagreiðslubankinn (e. BIS) þróað reglur fyrir alþjóðlega bankastarfsemi og Basel-nefndin um bankaeftirlit (e. Basel Committee on Banking Supervision) er samráðsstofnun innan vébanda Alþjóðagreiðslubankans.

Nýja regluverkið fyrir banka,<sup>6</sup> Basel III, hefur verið þróað til að styrkja alþjóðlegar reglur um eigið fé og lausafé í því augnamiði að stuðla að sterkara bankakerfi. Í desember 2010 gaf Basel-nefndin út fyrstu drög að Basel III-reglutexta og endurbætt útgáfa kom út í júní 2011.<sup>7</sup> Áætlun um alþjóðlega innleiðingu nær til ársins 2018.

Helstu breytingarnar í Basel III-reglunum lúta að strangari kröfum um upphæð og gæði eiginfjárgrunns bankans, þak á skuldsetningu bankans og innleiðingu nýrra alþjóðlegra ráðstafana í tengslum við lausafjáráhættu. Vegna sterkar eiginfjárstöðu Íslandsbanka og þess að eiginfjárgrunnur bankans er að miklu leyti samsettur úr hlutafé og óráðstöfuðu eigin fé munu þessar hertu eiginfjárkröfur ekki hamla bankanum nema að því leyti sem slíkar kröfur hafa almennt áhrif á hagnað og arðsemi banka. Ekki er heldur búist við því að skuldsetningarhlutfallið verði hamlandi fyrir núverandi áhættuvilja bankans.

Basel III-lausafjárviðmiðin, lausafjárþekja (e. LCR) og fjármögnunarþekja (e. NSFR), munu þó hafa það í för með sér að bankinn þarf að aðlagja uppbyggingu fjármögnunar í bankanum og lausafjárstýringu. Jafnvel þó að aðferðafræðin sem þessi viðmið byggja á séu almennt í samræmi við ramma bankans um lausafjáráhættu eru viðmiðin heldur strangari en innri reglur bankans gera ráð fyrir. Það skal tekið fram að íslenskir eftirlitsaðilar hafa ekki gefið út neinar leiðbeiningar um innleiðingu lausafjárþekju og fjármögnunarþekju á Íslandi. Eftirlitsaðilar hafa heldur ekki gefið til kynna að settar verði sérstakar reglur eða undanþágur veittar fyrir íslensku bankanna.

Íslandsbanki hefur sett sér innri markmið til að uppfylla kröfur um hlutföll lausafjárþekju og fjármögnunarþekju og er byrjaður að nota þau hlutföll í skýrslugjöf innan bankans. Er þar byggt á nýjustu skilgreiningum sem birtar hafa verið af Basel-nefndinni.

### 9.2 BREYTINGAR INNANLANDS

Helstu breytingar á rekstrarumhverfi bankans eru nýir eða hærri skattar, lög sem sett voru í kjölfar dóma Hæstaréttar og breytingar á lögjöf um fjármálafyrirtæki. Þar að auki voru gerðar breytingar á lögum um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta.

#### 9.2.1 AUKIN SKATTHEIMTA AF FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJUM

Frá hruni íslenska bankakerfisins árið 2008 hafa skattar á fjármálafyrirtæki hækkað og nýir skattstofnar hafa bæst við. Áætlað er að heildarskattbyrði og -eftirlitsgjöld fjármálastofnana árið 2011 hafi numið 25.209 milljónum króna og áætlað er að sú fjárhæð nemi 30.069 milljónum króna árið 2012.<sup>8</sup> Helstu breytingar sem gerðar voru árið 2011 eru eftirfarandi:

- Lög um fjármögnun Fjármálaeftirlitsins: Lögin heimila Fjármálaeftirlitinu að innheimta 2.002 milljónir króna frá eftirlitsskyldum aðilum árið 2012. Árið 2011 innheimti Fjármálaeftirlitið 1.582 milljónir króna frá fjármálastofnunum.<sup>9</sup> Fjármálaeftirlitið hefur sagt að þarfir stofnunarinnar með tilliti til rannsóknargetu og vegna endurskipulagningar fjármálakerfisins verði í hámarki árið 2012 og árin þar á eftir muni umsvif Fjármálaeftirlitsins minnka lítillega.<sup>10</sup>
- Lög um fjármögnun embættis Umboðsmanns skuldara nr. 166/2011: Fjármálastofnanir skulu fjármagna rekstur umboðsmanns skuldara og er áætlaður kostnaður 1.050 milljónir króna. Hver fjármálastofnunum greiðir gjald sem nemur 0,03% af öllum útlánnum til þess að fjármagna embættið.
- Lög um fjársýsluskatt nr. 165/2011: Allar fjármálastofnanir skulu greiða nýjan skatt sem nemur 5,45% af öllum launum og launatengdum gjöldum. Nýr 6% skattur verður lagður á hagnað umfram 1.000 milljónir króna.

<sup>6</sup> Sjá <http://www.bis.org/bcbs/basel3.htm>.

<sup>7</sup> Sjá <http://www.bis.org/publ/bcbs189.htm>.

<sup>8</sup> Ársrit Samtaka fjármálafyrirtækja 2011.

<sup>9</sup> Frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 99/1999 (Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012).


<sup>10</sup> Ársskýrsla Fjármálaeftirlitsins 2011.



Áætluð heildarupphæð skattheimtu vegna launaskattsins er 2.250 milljónir króna og áætluð skattheimta vegna hagnaðar ársins 2012 er 2.250 milljónir króna. Tölurnar eru fyrir fjármálageirann í heild.

- Lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum nr. 164/2011: Bankaskattur sem settur var á árið 2010 (lög nr. 155/2010) var lagður á fjármálastofnanir en hann nemur 0,041% af skuldum hverrar fjármálastofnunar. Með lögnum er lagður á fjármálastofnanir nýr viðbótarskattur sem nemur 0,0875% af skuldum fjármálastofnana.

Súluritið hér að neðan sýnir þróun skattheimtu og eftirlitsgjalda 2003-2012. Tölur fyrir árin 2011 og 2012 eru áætlaðar. Greiðslur í Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta eru meðtaldar.<sup>11</sup>



Mynd 9.1: Þróun skatta og eftirlitsgjalda 2003–2012. Heimild: Ársrit Samtaka fjármálafyrirtækja 2011.

### 9.2.2 ÚRLAUSNIR VEGNA SKULDAVANDA OG FLEIRI ÞÁTTA SEM TENGJAST FALLI BANKANNA 2008

Í kjölfar úrskurða Hæstaréttar um ólögmati gengistryggðra erlendra lána og úrskurðarins um rekstrarleigusamninga samþykkti Alþingi lög til þess að lágmarka óvissu um hvernig ætti að framfylgja niðurstöðum Hæstaréttar. Í desember 2010 samþykkti Alþingi breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 (lög nr. 151/2010) og tryggði með því almenna og samræmda framkvæmd á úrskurði Hæstaréttar um ólögmati gengistryggingar erlendra lána. Hæstiréttur úrskurðaði 15. febrúar 2012 að lögín væru andstæð stjórnarskrá og því þarf að endurskoða forsendur endurútreiknings þeirra lána sem búið var að endurreikna í samræmi við lögín.

Árið 2011 samþykkti Alþingi breytingar á lögum nr. 183/2011 um virðisaukaskatt til þess að skýra frekar hvernig standa eigi að endurútreikningi eða endurgreiðslu virðisaukaskatts sem innheimtur hafði verið af rekstrarleigusamningum.

Árið 2009 samþykkti Alþingi lög nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Árið 2011 var samþykkt breyting sem framlengdi gildistíma laganna til ársloka 2012 en þau áttu að falla úr gildi í árslok 2011.

Fjármálafyrirtækin samþykktu sameiginlegt ferli vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar smærri og miðlungsstórra fyrirtækja og skuldaniðurfellingu til handa húsnæðiseigendum og öðrum einstaklingum að hluta til á grundvelli laganna frá 2009. Í september 2011 námu heildarafskriftir vegna endurskipulagningar skulda fyrirtækja og heimila 172,6 milljörðum króna hjá öllum fjármálafyrirtækjum. Þrátt fyrir umtalsverðar afskriftir til mikið skuldsettra heimila er enn töluverður þrýstingur frá ýmsum stofnunum og félagasamtökum á sviði neytendaverndar um frekari skuldaniðurfellingar.

### 9.2.3 LÖG UM FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI OG VERÐBRÉFAMARKADI

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á löggjöf en þær fela í sér hvort tveggja breytingar til að skýra og greiða fyrir slitameðferð gjaldþrota fjármálafyrirtækja og innleiðingu tilskipana ESB í íslenska löggjöf:

- Lög um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði nr. 128/2011: Ný löggjöf um starfsemi sjóða.
- Lög um greiðsluþjónustu nr. 120/2011: Gildistaka ESB-tilskipunar nr. 2007/64/EB (tilskipun um greiðsluþjónustu).
- Breyting á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 119/2011: Lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 hefur verið breytt til þess að innleiða tilskipun 2009/111/EB sem inniheldur nokkrar breytingar á tilskipunum ESB um fjármálastofnanir. Breytingarnar lækka mörk á stórum áhættuskuldbindingum og þrengja skilgreiningu á eiginfjárbætti A. Að auki voru gerðar breytingar á köflum um áhættustýringu og eftirlit með fjármálastofnunum.
- Breyting á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 78/2011: Breytingar hafa verið gerðar á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 varðandi slitameðferð gjaldþrota fjármálastofnana.

<sup>11</sup> Ársrit Samtaka fjármálafyrirtækja 2011.

#### 9.2.4 BREYTINGAR Á LÖGUM UM TRYGGINGARSJÓÐ INNSTÆÐUEIGENDA OG FJÁRFESTA.

Heildstætt frumvarp um nýjan regluramma fyrir Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta var kynnt á Alþingi árið 2010. Frumvarpið var ekki lagt fram til lokaafgreiðslu. Hins vegar voru eftirfarandi breytingar á lögum um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta nr. 98/1999 samþykktar af Alþingi:

- Breyting á lögum um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta nr. 55/2011: Lögum um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta nr. 98/1999 var breytt til að mynda nýja og sérstaka deild í Tryggingarsjóðnum. Innstæður í íslenskum bönkum eru nú tryggðar í nýrri deild sjóðsins. Gjald, sem greitt er af bönkum sem hafa leyfi til þess að taka við innstæðum frá almenningi, var aukið úr 2.400 milljónum króna árið 2010 í 4.200 milljónir króna 2011 (áætlað). Fjármálastofnun skal greiða gjald sem nemur 0,3% af öllum innstæðum auk viðbótarálags sem byggir á áhættustuðli stofnunarinnar. Áhættustuðullinn sem verður ákvarðaður af Fjármálaeftirlitinu getur hækkað álagið í allt að 0,9% af öllum innstæðum.
- Breytingar á lögum um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta fela í sér skilgreiningar á tryggðum innstæðum og eru tilteknir innstæðueigendur undanskildir frá þeirri tryggingu sem sjóðurinn veitir sem og ákveðnar tegundir innstæðna. Allar innstæður frá fjármálastofnunum, ríki og sveitarfélögum, verðbréfasjóðum, lífeyrissjóðum og heildsöluinnlán og peningamarkaðsinnlán eru undanskilin frá þeirri tryggingu sem sjóðurinn veitir.

FME hefur ákvarðað áhættustuðul Íslandsbanka og er ákvörðunin byggð á þremur þáttum: LPA- mælikvarðanum,<sup>12</sup> eignfjárhlutfalli og hlutfalli innlána af heildarskuldum bankans. Niðurstaðan er sú að iðgjald bankans hefur verið á bilinu 0,42% til 0,43% eins og sjá má í töflu 9.1.

|                         | Q2 2011       | Q3 2011       | Q4 2011       |
|-------------------------|---------------|---------------|---------------|
| Almennt iðgjald         | 0,300%        | 0,300%        | 0,300%        |
| Breytilegt iðgjald      |               |               |               |
| vegna LPA-mælikvarða    | 0,100%        | 0,100%        | 0,089%        |
| vegna eignfjárhlutfalls | 0,000%        | 0,000%        | 0,000%        |
| vegna fjármögnunar      | 0,021%        | 0,028%        | 0,041%        |
| <b>Heildariðgjald</b>   | <b>0,421%</b> | <b>0,428%</b> | <b>0,430%</b> |

Tafla 9.1: Iðgjald í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta.

Bankinn vinnur að lækkun þess þáttar iðgjaldsins sem háður er LPA-mælikvarðanum með því að ljúka endurskipulagningu lánasafnsins. Hækkun iðgjalds vegna hlutfalls innlána af heildarskuldum stafar af samrunanum við Byr en hann leiddi til þess að innlán eru hærra hlutfall af fjármögnun bankans nú en áður.

#### 9.2.5 BREYTINGAR Á FISKVEIÐISTJÓRNUNARKERFINU

Sitjandi ríkisstjórn hefur lagt fram tillögu sem felur í sér fyrningu fiskveiðikvótans á 20 árum. Íslandsbanki gerði athugasemdir við þessar tillögur í júní 2011 þar sem bankinn hefur miklar efasemdir um breytingarnar. Samkvæmt athugasemdum bankans munu flestar breytinganna hafa neikvæð áhrif á rekstrarumhverfi sjávarútvegsfyrirtækja. Breytingarnar munu draga úr hagkvæmni sjávarútvegsins, arðsemi mun minnka, hvatinn og getan til þess að fjárfesta mun minnka og samkeppnisstaða íslenska sjávarútvegarins mun versna á þljóðlegum mörkuðum. Þetta mun, samkvæmt athugasemdum bankans, hafa áhrif á getu fyrirtækjanna til þess að standa við skuldbindingar sínar og draga þar með úr virði lánasafns bankans og leiða til frekari virðisrýrnunar lána og umtalsverðs taps fyrir bankann. Nýjar tillögur eru væntanlegar nú að vori 2012.

#### 9.2.6 BREYTINGAR Á GILDANDI LÖGUM UM JARÐVARMAIÐNAÐINN

Umræður hafa átt sér stað á Alþingi um jarðvarmaíðnaðinn. Umræðan snýst fyrst og fremst um hámarksleigutíma jarðvarmaauðlinda og mögulegar takmarkanir á eignarhaldi erlendra aðila á virkjunum. Takmarkandi ráðstafanir af hálfu ríkisins á þessu sviði gætu haft áhrif á vilja erlendra aðila til þess að fjárfesta í geiranum og á Íslandi almennt. Þar sem jarðvarmaíðnaðurinn er skilgreindur sem eitt af sérsviðum bankans er fylgst náið með breytingum á regluverki iðnaðarins og áhrif þeirra á viðskiptalíkan bankans eru metin.



## 10 FJÁRHAGSLEG ENDURSKIPULAGNING


Frá stofnun Íslandsbanka árið 2008 hefur eitt af meginverkefnum bankans verið fjárhagsleg endurskipulagning á skuldum viðskiptavina. Í tengslum við þá endurskipulagningu hefur bankinn boðið ýmis úrræði, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Þessi úrræði eru ýmist hluti af almennum úrræðum að kröfu stjórnvalda, vegna dóma í tengslum við lögmæti erlendra lána eða sérstök úrræði fyrir viðskiptavini Íslandsbanka.

Íslandsbanki hefur frá stofnun bankans til loka árs 2011 afskrifað, leiðrétt eða gefið eftir 347 milljarða króna í tengslum við endurskipulagningu skulda viðskiptavina. Þar af eru 83 milljarðar vegna útlána til einstaklinga og 264 milljarðar vegna útlána til fyrirtækja. Í kaflanum hér á eftir er frekari útskýring á úrræðunum að baki þessum tölum.

### 10.1 FJÁRHAGSLEG ENDURSKIPULAGNING FYRIRTÆKJA

Bankinn náði mikilvægum árangri í endurskipulagningu útlána fyrirtækja á árinu 2011. Markmið bankans er að koma á jafnvægi milli eigna og skulda fyrirtækja í greiðsluferfiðleikum. Við endurskipulagningu fyrirtækja í verulegum fjárhagsvanda stendur bankinn frammi fyrir þeim kostum að gefa eftir skuldir, setja fyrirtæki í þrot eða breyta skuldum í eigið fé. Stefna bankans er að selja þá hluti sem hann eignast í fyrirtækjum eins fljótt og auðið er.

Tímalínan hér að neðan sýnir þau úrræði sem bankinn hefur boðið í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja frá því í október 2008 en í þessum kafla verður farið sérstaklega yfir þau úrræði sem voru í boði á árinu 2011.



Mynd 10.1: Úrræði Íslandsbanka í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja frá október 2008.

#### 10.1.1 BEINA BRAUTIN

Almenn úrræði vegna skuldavanda íslenskra fyrirtækja voru byggð á samkomulagi á milli íslenskra stjórnvalda og flestra aðila að Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF). Úrræðunum var beitt á samræmdan hátt í öllum íslenskum fjármálafyrirtækjum, með minniháttar frávikum. Samkvæmt samkomulaginu áttu öll fyrirtæki sem uppfylla skilyrði samkomulagsins að fá tilboð um endurfjármögnun fyrir 1. júní 2011.

#### Skilgreining

Beina brautin byggir á því að aðlaga skuldir fyrirtækja að virði eigna eða sjóðstreymis, hvort sem hærra reynist, að viðbættum öðrum tiltækum tryggingum. Skuldir eftir endurskipulagningu eru samsettar á eftirfarandi hátt:

- Skuldir í samræmi við greiðslugetu fyrirtækisins, að teknu tilliti til sjóðstreymis sem og væntanlegrar sölu eigna. Skuldin getur verið í formi langtímaláns í hefðbundnu endurgreiðsluferli, yfirdráttarheimildar, rekstrarfjármögnunar og lána með óreglulegt endurgreiðsluferli. Eignir sem ekki tengjast rekstri fyrirtækisins eru í flestum tilfellum seldar eða afhentar bankanum.

- b) Í þeim tilvikum þar sem virði eigna er hærra en virði sjóðstreymis fyrirtækisins er mismuninum breytt í vikjandi lán. Vikjandi lánið er til þriggja ára, ber lága vexti og endurgreiðsla höfuðstóls og vaxta er öll á lokagjaldsdaga. Sé vikjandi lánið greitt að hluta eða fullu leyti með nýju eigin fé fyrir gjaldsdaga, fær skuldari fyrirfram ákveðinn afslátt af höfuðstól. Lán af þessu tagi gefa kröfuhöfum tækifæri á að setja fyrirtækinu ákveðin takmörk varðandi m.a. arðgreiðslur, sölu á eignum og laun stjórnenda.

Beina brautin var sniðinn að fyrirtækjum sem skulda minna en einn milljarð íslenskra króna. Engu að síður hefur aðferðafræðinni einnig verið beitt á stærri fyrirtæki með þeirri undantekningu að í þeim tilfellum var innborgun nýs hlutafjár gerð að skilyrði.

### Útfærsla Íslandsbanka

Í samræmi við samkomulagið var þeim fjármálafyrirtækjum sem voru aðilar að samkomulaginu heimilt að gera minniháttar frávik við útfærslu beinu brautarinnar. Til dæmis ákvað Íslandsbanki að persónulegar ábyrgðir stjórnenda væru meðhöndlaðar með sanngjörnum hætti m.v. greiðslugetu og sett var upp hvetjandi tímaáætlun fyrir útgáfu nýs hlutafjár frá hluthöfum í skiptum fyrir frekari eftirgjafir skulda.

Opið var fyrir umsóknir vegna Beinu brautarinnar til 1. júní 2011. Að þeim tíma loknum höfðu 210 umsóknir verið samþykktar af lánanefndum Íslandsbanka. Í árslok 2011 var fjárhagslegri endurskipulagningu um 40 af 210 fyrirtækjum lokið samhliða skuldaniðurfellingu að fjárhæð 7,4 milljarða króna. Byr bærust 40 umsóknir vegna beinu brautarinnar og fram að sameiningu Íslandsbanka og Byrs hafði Byr afskrifað skuldir að fjárhæð 0,4 milljarðar í tengslum við þetta úrræði. Þær umsóknir sem ekki var búið að afgreiða við sameininguna voru felldar undir afgreiðsluferli Íslandsbanka.

### 10.1.2 ENDURÚTREIKNINGUR Á ERLENDUM LÁNUM

Hæstiréttur Íslands komst að þeirri niðurstöðu í úrskurði sínum 9. júní 2011 að lán í erlendum gjaldmiðlum sem tekið var í nafni fyrirtækisins Mótormax hjá Landsbanka Íslands væri í raun lán í íslenskum krónum, sem væri gengistryggt á ólöglegan hátt.

Þann 15. febrúar 2012 felldi Hæstiréttur dóm sem varðar lögmati endurútreiknings bankanna á lánnum sem dæmd voru gengistryggt með ólöglegum hætti. Tveir skuldarar Frjálsa fjárfestingabankans (Frjálsi) vefengdu endurreikningsaðferðina á grundvelli þess að vaxtagreiðslur skuldara sem lánveitandi tók við án athugasemda á hverjum tíma væru endanlegar. Rök stefnanda voru að lántaki hefði í höndum fullnaðarkvittun fyrir viðkomandi vaxtagreiðslum og hefði því enga ástæðu til að ætla að lánveitandi gæti krafist frekari greiðslu vegna þess gjaldsdaga. Með tilvísun í fyrri dóma komst Hæstiréttur að því að í sumum tilvikum gæti aðili að samningi átt rétt á því að leiðrétta framkvæmd samnings ef í ljós kæmi að um galla hefði verið að ræða í framkvæmd í upphafi. Við ákvörðun á heimild til slíkra leiðréttinga þyrfti hins vegar að hafa hliðsjón af áhrifum þeirra á viðkomandi aðila, sérfræðiþekkingu þeirra og stöðu. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að af aðilum þessa samnings væri eðlilegra að sá aðili sem hefði meiri sérfræðiþekkingu skyldi bera hallann af göllum í samningnum og þar með bera fjárhagslegt tap af því að vaxtagreiðslur samningsins væru álitnar fullnaðargreiðslur.

Hæstiréttur úrskurðaði að þar sem Frjálsi hefði án athugasemda innheimt viðkomandi greiðslur og gefið fullnaðarkvittun vegna greiddra vaxta á líftíma lánsins þá gæti Frjálsi ekki krafist skuldara um mismun þeirra vaxta sem viðskiptavinur greiddi í raun og þeirra vaxta sem hann hefði greitt ef hann hefði verið krafinn um vexti Seðlabanka.

Hæstiréttur taldi jafnframt að lög um vexti og verðtryggingu (151/2010) sem samþykkt voru á Alþingi í desember 2010 og sögðu til um hvernig bankar skyldu endurreikna lán gengistryggt með ólögætum hætti breyttu ekki niðurstöðunni. Með vísan til eignarréttarákvæða stjórnarskrárinna (72. gr.) gæti löggjafinn ekki sett afturvirk lög sem skertu eignir einstaklinga án viðeigandi bóta.

Ljóst er að dómurinn breytir ekki fyrri niðurstöðu um að lánsamningar með ólögætri gengistryggingu teljist ógildir frá upphafi. Hafi lántaki þannig ekki greitt af láni, reiknast vextir Seðlabankans frá lántökudegi.

Dómurinn lætur hins vegar mörgu ósvarað, m.a. um gildi gagnvart annars konar lánsamningum og meðferð höfuðstólsgreiðslu. Því liggur fyrir að fleiri dómsúrlausna er þörf til skýringa.

### Skilgreining

Í desember 2010 voru sett lög til að skýra hvernig reikna ætti út lán með ólöglegri gengistryggingu við erlenda gjaldmiðla. Lög nr. 151/2010 innihalda markverðar breytingar við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Lögin innihéldu einnig nokkur bráðabirgðaákvæði, þeirra á meðal lög sem skylda fjármálastofnanir til að endurreikna öll lán sem uppfylla kröfur í B-hluta 68. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003 varðandi vaxtabætur.

Lagafyrirmælin um hvernig haga ætti endurútreikningi voru ekki til bráðabirgða en ákvæðin veita heimild til endurútreiknings vaxta aftur í tímann frá þeim degi sem samningur var gerður fram að viðmiðunardegi

endurútreiknings. Reikningsreglan í lögumum var byggð á úrskurðum Hæstaréttar þar á meðal úrskurðum nr. 92/2010, nr. 153/2010 og 471/2010.

### Útfærsla Íslandsbanka

Íslandsbanki hefur leitað álits óháðra lögfræðinga á því hvaða lán skulu endurreiknuð og á því hvaða vextir skulu notaðir við endurútreikninginn. Strax eftir úrskurð Hæstaréttar í júní 2010 hóf bankinn að flokka útlán sín með tilliti til þess hvaða lán gætu fallið undir úrskurðinn.

Hæstiréttur Íslands úrskurðaði að samningar í erlendum gjaldmiðlum sem tilgreina ekki lánsfjárhæðina í erlendri mynt (tilgreina aðeins jafngilda fjárhæð í íslenskum krónum) og eru greiddir út í íslenskum krónum skuli teljast lán í íslenskum krónum. Slíkir samningar eru ólöglegir og þá þarf að endurreikna. Á hinn bóginn hefur Hæstiréttur úrskurðað í útivistarmáli (ekki mætt af hálfu lántaka) að þau skjöl sem tilgreina lánsfjárhæð greinilega í erlendri mynt teljist ekki falla undir fyrri dóma. Allt bendir því til að slík skjöl verði ekki álitin andstæð lögum jafnvel þó þau hafi verið greidd út og endurgreidd í íslenskum krónum. Verulegur hluti lánasamninga bankans fellur í þennan flokk. Gengið hafa tveir héraðsdómar sem staðfesta gildi slíkra samninga.

Áður en dómur Hæstaréttar féll þann 15. febrúar 2012 hafði Íslandsbanki endurútreiknað um 20 lán fyrirtækja í samræmi við lög númer 151/2010 og fól endurútreikningurinn í sér eftirgjöf skulda að fjárhæð 600 milljónir króna. Það er mat bankans að um 400 lán falli undir dóminn og verði á endanum endurreiknuð. Tekið hefur verið tillit til þessa í uppgjöri bankans.

#### 10.1.3 HÖFUÐSTÓLSLÆKKUN FYRIRTÆKJA

Í upphafi árs 2010 hóf Íslandsbanki að bjóða höfuðstólslækkun til fyrirtækja með lán í erlendum myntum en tekjur í íslenskum krónum. Þetta úrræði felur í sér að láni í erlendri mynt var skuldbreytt í krónulán miðað við gengi krónunnar þann 29. september 2008. Þetta úrræði var í boði fram til júlí 2011. Þá höfðu um 800 fyrirtæki þegið höfuðstólslækkun og eftirgjöf skulda nam um 12,7 milljörðum króna.

#### 10.1.4 SÉRTÆK ÚRRÆÐI FYRIR FYRIRTÆKI

Í flóknum málum þar sem almennar lausnir duga ekki til getur bankinn boðið upp á klæðskerasniðnar lausnir þar sem hvert mál er metið sérstaklega. Í sumum tilfellum þarf bankinn að yfirtaka fyrirtæki að hluta eða að öllu leyti. Íslandsbanki hefur tilkynnt opinberlega að öll fyrirtæki sem bankinn hefur yfirtekið, eða mun yfirtaka í gegnum endurskipulagningu, muni verða seld eins fljótt og unnt er.


Endurskipulagning fyrirtækja með sértækum úrræðum náði hámarki á árinu 2011. Endurskipulagningin hefur almennt gengið vel og flest þau fyrirtæki sem hafa farið í gegnum endurskipulagningu standa í skilum. Einungis í örfáum tilvikum hefur bankinn þurft að grípa til frekari aðgerða en það á eingöngu við um mál sem var lokið snemma í ferlinu áður en núverandi aðferðir við endurskipulagningu voru fullmótaðar.

Árið 2011 luku Fyrirtækjalausnir Íslandsbanka 65% af endurskipulagningarverkefnum sínum. Þar á meðal eru tvö af stærstu verkefnum bankans, olíu- og smásölufyrirtækið N1 og fasteignafélagið Höfðatorg.

Í árslok 2011 hafði bankinn lokið við úrvinnslu 1.050 fyrirtækja í greiðsluerfiðleikum annaðhvort með fjárhagslegri endurskipulagningu eða í einhverjum tilvikum með gjaldþroti. Afskriftir vegna sértæktrar endurskipulagningar námu alls 236 milljörðum króna en þar af voru 150 milljarðar vegna gjaldþrota fyrirtækja. Hjá Byr voru afskriftir vegna sértæktrar endurskipulagningar að fjárhæð 3 milljarðar.

## 10.2 FJÁRHAGSLEG ENDURSKIPULAGNING HEIMILA

Fjárhagsleg endurskipulagning heimila er það verkefni sem Íslandsbanki hefur sett á oddinn frá stofnun bankans. Ýmis úrræði hafa verið í boði og bankinn hefur lagt áherslu á að mæta þörfum sem flestra heimila. Í fyrstu var megináhersla lögð á tímabundnar lausnir til lækkunar á greiðslubyrði til að auðvelda heimilum að standa í skilum á meðan unnið var að því að þróa varanleg úrræði. Hér á eftir verður fjallað um þau úrræði sem bankinn hefur boðið við skuldaðlögum einstaklinga. Myndin hér að neðan sýnir yfirlit þeirra úrræða sem í boði hafa verið frá stofnun bankans árið 2008.



Mynd 10.2: Úrræði Íslandsbanka í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu heimila frá október 2008.

### 10.2.1 ENDURÚTREIKNINGUR Á HÚSNÆÐISLÁNUM

Úrræðið er tilkomnið vegna dóma sem féllu á árinu 2010 um ólögmæti ákveðinna tegunda af erlendum lánnum og í kjölfarið lagasetningar Alþingis á lögum nr. 151/2010, bráðabirgðaákvæðis við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sem tók gildi 29. desember 2010.

#### Skilgreining

Lögin kveða á um að húsnæðislán og bílalán sem hafa að geyma ólögmæta gengistryggingu skuli endurreiknuð í samræmi við aðferð sem lýst er með dómi Hæstaréttar frá september 2010.


Lögum samkvæmt fór endurútreikningur þannig fram að upphaflegur höfuðstóll skuldar er vaxtareiknaður frá útborgunardegi fram að uppgjörstigi með lögstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum eins og þeir eru birtir af Seðlabanka Íslands. Frá endurútreiknuðum höfuðstól eru svo dregnar þær greiðslur sem inntar voru af hendi fram að uppgjörstigi, vaxtareiknaðar með sama hætti og upphaflegur höfuðstóll. Með þessu móti er fenginn nýr höfuðstóll sem ber sömu skilmála og upphaflega lánið nema hvað varðar mynt og vexti sem nú miðast við íslenskar krónur.

Lögin kveða á um að ef eftirstöðvatími endurútreiknaðs láns er lengri en 5 ár, sem er yfirleitt raunin í tilviki húsnæðislána, skuli þau að loknum endurútreikning bera lögstu vexti á nýjum almennum verðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum eins og þeir eru birtir af Seðlabanka Íslands nema lántaki kjósi önnur lánakjör sem lánveitandi býður.


#### Útfærsla Íslandsbanka

Snemma í ferlinu ákvað Íslandsbanki að takmarka endurútreikning ekki við þau lán sem falla undir skilgreiningu laganna á húsnæðislánum en þar er aðeins miðað við lán sem mynda stofn til útreiknings vaxtabóta. Bankinn fór þá leið að bjóða endurútreikning á öllum erlendum lánnum einstaklinga með veði í íbúðarhúsnæði sem veitt voru eftir gildistöku laga um vexti og verðtryggingu 1. júlí 2011. Í heild endurreiknaði bankinn 3.720 lán samkvæmt ákvæðum laganna og fól endurútreikningur í sér eftirgjöf skulda að fjárhæð 17,9 milljarða. Á sama tíma endurreiknaði Byr 332 gengistryggð lán og eftirgjöf skulda var um 4,2 milljarðar.

Þessu til viðbótar ákvað Íslandsbanki að framlengja fyrra boð um höfuðstólslækkun erlendra húsnæðislána þannig að viðskiptavinir gætu valið milli endurreiknings samkvæmt ákvæðum laganna og höfuðstólslækkunar sem bankinn hafði boðið frá því seint á árinu 2009. Mynd 10.3 sýnir hvernig val viðskiptavina skiptist á milli þeirra úrræða sem í boði voru.



Mynd 10.3: Skipting erlendra lána eftir því hvaða úrræði viðskiptavinir völdu við endurútreikning. Móðurfélag (án Byrs), óendurskoðað.



Mynd 10.4: Skipting vaxtakjara endurútreiknaðra lána. Móðurfélag (án Byrs), óendurskoðað.

Þessu til viðbótar var ákveðið að bjóða viðskiptavinum fleiri valmöguleika varðandi vaxtaskilmála en löggin kveða á um. Viðskiptavinir gátu því valið á milli fjögurra kosta:

- almennt vaxta verðtryggðra lána Seðlabanka Íslands,
- almennt vaxta óverðtryggðra lána Seðlabanka Íslands,
- beytilegra óverðtryggðra vaxta Íslandsbanka með tímabundnum vaxtaafslætti,
- fastra verðtryggðra vaxta Íslandsbanka með 5 ára endurskoðunarákvæði

Flestir viðskiptavinir völdu kost c) sem endurspeglar aukna eftirspurn einstaklinga eftir óverðtryggðum húsnæðislánum. Ef viðskiptavinir óskuðu ekki eftir öðru voru lán þeirra sjálfkrafa færð á Seðlabankakjör lögum samkvæmt. Tæplega 700 lán voru því einhliða færð yfir á almenna verðtryggða vexti Seðlabanka Íslands. Mynd 10.4 sýnir hvernig vaxtakjör viðskiptavina skiptust eftir endurútreikning.

### 10.2.2 110% LEIÐIN

Í nóvember 2010 boðaði forsætisráðuneytið Samtök fjármálafyrirtækja, Landsamband lífeyrissjóða og Dróma hf. á fund til að skoða sameiginlegar aðgerðir til handa þeim sem bjuggu í yfirveðsettu húsnæði. Þann 3. desember 2010 skrifuðu samningsaðilar undir viljayfirlýsingu þess efnis að færa veðskuldir á íbúðarhúsnæði niður í 110% af markaðsvirði eða fasteignarmati, hvort sem hærra reyndist. Þann 15. janúar 2011 var viljayfirlýsingin undirrituð af öllum aðilum sem stóðu að samkomulaginu. Samkomulagið skilgreinir samræmd lágmarksviðmið sem allir aðilar samþykka að fylgja. Einstakir aðilar, þar á meðal Íslandsbanki, ákváðu hins vegar að ganga lengra en samkomulagið kvað á um til að koma enn frekar til móts við sína viðskiptavini.

#### Skilgreining

Helstu efnisatriði samkomulagsins eru þessi:

Heimilum þar sem áhvílandi veðskuldir eru umfram 110% af verðmæti fasteignar, býðst að færa veðskuldir sínar niður að 110% af verðmæti eigna. Það er skilyrði niðurfellingar skulda að umsækjandi og/eða maki hans, eftir því sem við á, séu eigendur hinna veðsettu eigna og greiðendur áhvílandi lána og að umsækjandi búi í eigninni. Sett er upp einfaldari leið fyrir lántaka sem óska eftir niðurfellingu um allt að 4 m.kr. fyrir einstaklinga og 7 m.kr. fyrir einstæða foreldra, sambýlisfólk og hjón (4/7).

- Tekið er tillit til annarra aðfararhæfra eigna. Ef veðrymi er á þeim eignum, lækkar niðurfærsla veðskulda sem því nemur.
- Hjá lífeyrissjóðum mun lækkun skulda einnig takmarkast við að greiðslubyrði umsækjanda af lánum sem samkomulag þetta tekur til verði ekki lægri en sem svarar 18% af brúttótekjum eftir niðurfellingu.
- Lántakar sem eru með veðsetningu umfram 110% af verðmæti fasteignar, þrátt fyrir lækkun veðskulda geta óskað eftir frekari niðurfellingu.
- Niðurfellingin getur í heild numið allt að 15 m.kr. fyrir einstaklinga og 30 m.kr. fyrir einstæða foreldra, sambýlisfólk og hjón (15/30).
- Mörk niðurfellingar ráðast af 110% veðsetningarhlutfalli.
- Undanskilin eru lán sem veitt voru til endurbóta af Íbúðalánasjóði og voru yfir fasteignamati hinnar veðsettu eignar við lánveitingu.
- Skuldir sem færa má niður samkvæmt samkomulaginu eru skuldir sem stofnað var til vegna húsnæðiskaupa umsækjanda fram til ársins 2009 og mynda stofn til útreiknings vaxtabóta.
- Þegar um gengistryggð lán er að ræða er veðhlutfall miðað við höfuðstól þeirra að loknum endurútreikningi



samkvæmt ákvæðum laga nr. 151/2010.

- Þeir lántakar, sem hafa þegar fengið niðurfellingu skulda sinna niður í 110% af verðmæti eigna á grundvelli annarra úrræða, geta átt þess kost að fá frekari niðurfellingu að uppfylltum skilyrðum þessa samkomulags.
- Lántaki skal snúa sér til lánveitanda þess sem er á aftasta veðrétti. Sá lánveitandi, sem lántaki leitar til, heldur utan um málið gagnvart öðrum lánveitendum.

Ef úrræðið dugði ekki til var hægt að sækja um sértæka skuldaaðlögun hjá bankanum eða leita til umboðsmanns skuldara.

### Útfærsla Íslandsbanka


Ef aðilar að samkomulaginu voru einu lánveitendur viðskiptavinar þá var þeim heimilt að ganga lengra en skilyrði samkomulagsins kveða á um. Íslandsbanki nýtti sér þessa heimild viðskiptavinum sínum til hagsbóta en útfærsla bankans var eftirfarandi:

1. Eignir upp að 1 milljón króna voru undanskildar þegar metin var grunnur til lækkunar skulda.
2. Ekki var gerð krafa um að einstaklingar byggju í húsnæði því sem lánið hvíldi á.
3. Úrræðið gat átt við fleiri en eina eign sem skráð var í nafni viðskiptavinar svo fremi sem skráður eigandi var einstaklingur en ekki lögaðili.
4. Öll lán með veði í íbúðarhúsnæði féllu undir leiðina óháð því hvort þau mynduðu stofn til útreiknings vaxtabóta.

### Breytingar á útfærslu Íslandsbanka í maí 2011

Í maí 2011 þegar um tveir mánuðir voru eftir af umsóknarfresti um 110% aðlögun húsnæðisskulda höfðu einungis tæplega 500 heimili sótt um þetta úrræði hjá Íslandsbanka. Í áætlunum bankans var gert ráð fyrir því að rúmlega 3.000 heimili gætu nýtt sér þetta úrræði. Það var því ljóst að töluvert vantaði upp á að bankinn hefði náð til allra sem uppfylltu skilyrði til lækkunar skulda. Bankinn gerði könnun meðal þeirra sem úrræðið var talið ná til og var niðurstaðan sú að flestir töldu skilyrðin fyrir skuldaniðurfellingu of þröng og höfðu því ekki sótt um. Í kjölfarið ákvað bankinn að gera breytingar á 4/7 hluta úrræðisins þannig að það næði til fleiri viðskiptavina:

- Miðað var við **fasteignamat 2011** í stað verðmats (bankinn áskildi sér rétt til að horfa til markaðsvirðis ef fasteignamat var talið með öllu óeðlilegt).
- Aðrar eignir komu ekki til lækkunar á mögulegri niðurfærslu eins og áður var.



Mynd 10.5: Munurinn á hinni almennri leið og Íslandsbanka leiðinni fyrir 110% aðlögun húsnæðislána.

Þegar umsóknarfresti um niðurfellingu skulda samkvæmt 110% leiðinni lauk þann 1. júlí 2011 höfðu bankanum borist um 3.300 umsóknir. Um 300 umsóknum var hafnað þar sem viðskiptavinurinn uppfyllti ekki skilyrði niðurfellingar. Hjá Íslandsbanka nam niðurfelling skulda að meðaltali 3,9 milljónum á heimili og nam heildarlækkun höfuðstóls þeirra sem nýttu sér úrræðið alls 10,4 milljörðum króna.

Byr bærust um 510 umsóknir um 110% skuldaaflögun en 190 þeirra var hafnað. Heildarniðurfelling skulda vegna 110% leiðarinnar nam 0,5 milljörðum króna hjá Byr árið 2011.

### 10.2.3 ALMENN HÖFUÐSTÓLSLÆKKUN

Í maí 2010 kynnti Íslandsbanki nýtt úrræði sem kom til viðbótar höfuðstólslækkun húsnæðislána til að koma til móts við viðskiptavinum með önnur erlend lán en bílalán og lán með veði í íbúðarhúsnæði.

#### Skilgreining

Þetta úrræði fól í sér að færa eftirstöðvar erlendra lána niður að krónuvirði miðað við skráð gengi í september 2008 ásamt því að breyta láninu yfir í íslenskar krónur. Jafngilti þessi breyting að meðaltali um 25% lækkun á höfuðstól en lækkunin var misjöfn eftir myntum. Þetta úrræði var óháð veðandlagi ólíkt því sem gilti við höfuðstólslækkun erlendra húsnæðislána. Viðskiptavinir með lán sem voru tryggð með sjálfskuldarábyrgð, veði í sumarhúsum, hlutabréfum, lóðum o.fl. gátu því sótt um þetta úrræði. Eftir höfuðstólslækkun gátu viðskiptavinir valið á milli tveggja kosta varðandi vaxtakjör:

- breytilegra óverðtryggðra vaxta Íslandsbanka með tímabundnum vaxtaafslætti í 3 ár,
- fastra verðtryggðra vaxta Íslandsbanka með 5 ára endurskoðunarákvæði.

Hægt var að sækja um höfuðstólslækkun erlendra húsnæðislána og almennra lána fram til júlí 2011. Á þeim tíma hafði Íslandsbanki höfuðstólslækkað um 7.500 lán og nam heildarfjárhæð lækkunarinnar um 10,4 milljörðum króna. Meirihluti viðskiptavina eða um 98% kusu breytilega óverðtryggða vexti Íslandsbanka á höfuðstólslækkaða lánið.

### 10.2.4 HÖFUÐSTÓLSLÆKKUN VERÐTRYGGÐRA LÁNA


Íslandsbanki hefur lagt áherslu á að þau skuldaúrræði sem í boði eru nái ekki eingöngu til yfirskulðsettra viðskiptavina eða viðskiptavina með erlend lán heldur mæti líka þörfum þeirra sem horft hafa fram á verulega hækkun höfuðstóls verðtryggðra lána vegna aukinnar verðbólgu. Frá nóvember 2009 til ágúst 2010, gátu einstaklingar með verðtryggð lán hjá bankanum fengið ríflega 10% lækkun á höfuðstól lána sinna gegn því að skuldbreyta þeim yfir í óverðtryggð húsnæðislán. Til viðbótar bauð bankinn tímabundinn afslátt í vöxtum: 2,0% fyrsta árið, 1,5% annað árið og 1,0% þriðja árið. Þrátt fyrir að úrræðið sem slíkt sé ekki í boði lengur njóta þeir sem þáðu höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána enn afsláttar í vaxtakjörum.

Höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána stóð öllum viðskiptavinum Íslandsbanka til boða og var þessu tilboði almennt vel tekið þrátt fyrir að óverðtryggðir vextir hafi verið nokkuð háir á þeim tíma sem tilboðið stóð yfir. Samanburður á greiðslubyrði og eftirstöðvum höfuðstólslækkaðs láns annars vegar og verðtryggðs láns sem ekki fór í gegnum höfuðstólslækkun hins vegar sýnir að greiðslubyrði og eftirstöðvar lána þeirra viðskiptavina sem þáðu tilboðið hefur verið mun hagfeldari en hjá þeim sem ekki tóku tilboðinu.

Til að sýna áhrifin eru hér sýnd tvö lán sem voru sambærileg þar til í nóvember 2009, þegar annað lánið fór í höfuðstólslækkun en hitt var óbreytt verðtryggt lán.


Mynd 10.6 sýnir þróun eftirstöðva tveggja 40 ára húsnæðislána sem stóðu í 10 milljónum í nóvember 2009. Annað lánið var höfuðstólslækkað og breytt yfir í óverðtryggt lán en hitt var á óbreyttum verðtryggðum kjörum. Vextir höfuðstólsleiðréttá lánsins voru 9,5% í upphafi tímabilsins en 5,4% í desember 2011. Vextir verðtryggða lánsins voru 4,5% yfir allt tímabilið.





**Mynd 10.6:** Samanburður á þróun eftirstöðva verðtryggðs húsnæðisláns og höfuðstólslækkaðs húsnæðisláns á tímabilinu frá nóvember 2009 til loka árs 2011.

Höfuðstóll óverðtryggða lánsins lækkaði um 5% til viðbótar á tímabilinu á meðan höfuðstóll verðtryggða lánsins hækkaði um 2%.



**Mynd 10.7:** Samanburður á mánaðarlegri greiðslubyrði verðtryggðs húsnæðisláns og höfuðstólsleiðréttis húsnæðisláns á tímabilinu frá nóvember 2009 til loka árs 2011

Mynd 10.7 sýnir samanburð á mánaðarlegri greiðslubyrði verðtryggða húsnæðislánsins og óverðtryggða lánsins sem fór í gegnum höfuðstólslækkun. Þróun greiðslubyrði óverðtryggða lánsins er sýnd sem bil þar sem neðri mörkin endurspeglar greiðslubyrði með vaxtaafslætti og efri mörkin sýna greiðslubyrðina án vaxtaafsláttar. Svæðið á milli sýnir þann vaxtaafslátt sem viðskiptavinur naut á tímabilinu. Viðskiptavinur sem tók tilboði um höfuðstólslækkun greiddi mánaðarlega um 16 þúsund krónum meira af láninu fyrstu 3 mánuði tímabilsins en á síðari hluta tímabilsins var greiðslubyrði lánsins lægri en á verðtryggða láninu. Í heild nam vaxtaafsláttur viðskiptavinarins á tímabilinu um 320 þúsund krónum.

### 10.2.5 SÉRSTÖK SKULDAADLÖGUN

Þann 31 desember 2009 skrifuðu Samtök fjármálafyrirtækja, Íbúðalánasjóður og Samtök lífeyrissjóða undir samkomulag um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga. Samkomulagið var síðan uppfært í desember 2010 í framhaldi af viljayfirlýsingu stjórnvalda um leiðir til að bæta skuldavanda heimila.

#### Skilgreining

Úrræðið miðar að því að laga skuldir og eignir að greiðslugetu lántaka án aðkomu dómsstóla. Samningstími skuldaaðlögunar er 3 ár og standi lántaki við sinn hluta samkomulagsins getur í úrræðinu falist að kröfuhafar fallast á eftingjöf krafna, hlutfallslega lækkun þeirra eða tímabundinn gjaldfrest. Skuldir lántaka vegna húsnæðis og bifreiðar eru færðar niður í 100% af markaðsvirði og þær samningskröfur sem eftir standa við samningslok eru felldar niður.

Til að stækka þann hóp sem eiga kost á að nýta sér þetta úrræði er það látið ná til allra sem standa undir greiðslubyrði láns að fjárhæð 70% af markaðsvirði fasteignar. Skuldum á bilinu 70%-100% af virði fasteignar er breytt í þriggja ára biðlán án vaxta og verðbóta og er samið um greiðslu þess við lok samningstímabilsins eða við sölu eignar.

Skuldaaðlögun felur í sér að lánveitendur og lántaki gera með sér samkomulag um að aðlaga skuldir og eignir viðkomandi að greiðslugetu lántaka. Eignir eru aðlagðar þannig að viðskiptavinir geti búið í húsnæði sem samræmist fjölskyldustærð og átt eina bifreið. Að öðru leyti eru lausnir mismunandi eftir einstaklingum og eru miðaðar að því að

leita að bestu mögulegu lausn fyrir hvern og einn viðskiptavin.

Sérstök skuldaaðlögun verður í boði til loka árs 2012. Íslandsbanki hafði í árslok 2011 móttekið 330 umsóknir um þetta úrræði sem er langt undir áætlunum sem skýrist af ýmsum þáttum. Til að eiga kost á sértækri skuldaaðlögun þurfa lántakar með gengistryggð lán að hafa farið í gegnum 110% skuldaaðlögun áður en þeir geta sótt um sértæka skuldaaðlögun. Uppgjör samkvæmt 110% leiðinni hefur tekið lengri tíma en búist var við og þar með tafið sértæka skuldaaðlögun. Í árslok hafði Íslandsbanki afgreitt 170 umsóknir um sértæka skuldaaðlögun og heildarlækkun skulda viðskiptavina í tengslum við þetta úrræði nam 1,5 milljörðum króna.

Það er hins vegar mat Íslandsbanka og einnig Eftirlitsnefndar Alþingis að skuldaaðlögun sé mjög gott úrræði fyrir þá sem eru í greiðsluvanda og því til stuðnings má benda á að um nær engin vanskil er að ræða á þeim skuldaaðlögunarsamningum sem eru í gangi í dag.

Í árslok 2011 hafði Byr móttekið 200 umsóknir um sértæka skuldaaðlögun en af þeim var meira en 30 hafnað. Um 140 umsóknir hafa verið samþykktar og lækkun skulda í tengslum við sértæka skuldaaðlögun einstaklinga nam alls um 0,4 milljörðum króna. Þær umsóknir sem enn á eftir að klára falla inn í afgreiðsluferli slíkra mála hjá Íslandsbanka.

### 10.2.6 ÖNNUR ÚRRÆÐI


Í þeim tilvikum sem þau úrræði sem lýst er hér að framan duga ekki hefur Íslandsbanki boðið viðskiptavinum sínum sérsníðnar lausnir. Í árslok 2011 hafði bankinn boðið um 3.800 einstaklingum sértækar lausnir sem fólu í sér heildarlækkun höfuðstóls að fjárhæð 26,3 milljarðar króna. Þar af eru 9 milljarðar vegna gjaldþrota og endanlegra afskrifta.

Vegna úrræðanna hér að ofan hafði lánum í greiðslufrýstingu hjá Íslandsbanka fækkað um 97% í árslok 2011. Í upphafi árs 2012 voru eingöngu um 1% útlána bankans til heimila í endurskipulagningarferli

### 10.3 FJÁRHAGSLEG ENDURSKIPULAGNING HJÁ ERGO

Síðastliðið ár hefur verið viðburðarríkt hjá Ergo. Lokið var við að endurreikna 12.800 bílalan á grundvelli dóms Hæstaréttar frá júní 2010. Í október dæmði Hæstiréttur gengistryggða fjármögnunarleigusamninga ólögmeata.

Hér á eftir verður fjallað um þau úrræði sem Ergo hefur boðið viðskiptavinum sínum. Myndin hér að neðan sýnir yfirlit þeirra úrræða sem í boði hafa verið frá stofnun bankans árið 2008.



Mynd 10.8: Úrræði Ergo í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu frá október 2008.

#### 10.3.1 ENDURÚTREIKNINGUR Á KAUPLEIGUSAMNINGUM

##### Skilgreining

Á árinu 2011 var haldið áfram að vinna að endurreikningi kaupleigusamninga skv. dómum Hæstaréttar nr. 92/2010, 153/2010 & 471/2010. Samkvæmt þessum dómum var ólöglegt að gengistryggja fyrrgreind samningsform og þurfti að endurreikna alla slíka samninga miðað við lægstu almennu óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands.

### Útfærsla Íslandsbanka

Ergo endurreiknaði um 12.800 samninga og var stærsti hluti þeirra samninga til einstaklinga, eða um 9.800.

Ákveðið var að gera nýja samninga við viðskiptavinum sem yfirtóku eldri samninga og þurftu viðskiptavinir að undirrita nýjan samning og skilmála. Ergo er eina fjármögnunarfyrirtækið sem fór þá leið og er það mat bankans að þegar til lengri tíma er litið verði öll vinna með safnið, t.d. vegna vanskilamála, auðveldari fyrir vikið. Almennt gekk mjög vel að fá viðskiptavinum til að undirrita, en af þeim 12.800 samningum sem voru fullkláraðir í árslok 2011 fól endurútreikningurinn í sér eftirgjöf skulda að fjárhæð 12,4 milljarða króna. Einhliða breyting var svo gerð á samningum viðskiptavina sem höfðu ekki samband við Ergo eða vildu ekki samþykka endurútreikning. Enn er verið að vinna í slíkum málum, en stefnt er að því að klára þá vinnu á fyrsta ársfjórðungi 2012.

### 10.3.2 FJÁRMÖGNUNARLEIGA

Hinn 20. október 2011 féll dómur í Hæstarétti vegna fjármögnunarleigusamninga. Samkvæmt þessum dómi var ólöglegt að gengistryggja fjármögnunarleigusamninga og einnig var sjálft samningsformið dæmt ólöglegt. Það er enn óvissa um veigamikla þætti sem snerta endurútreikningsferlið, aðallega það sem snýr að meðhöndlun virðisaukaskatts.

Fyrirtæki og lögaðilar eru aðilar að fjármögnunarleigusamningum og nær þetta úrræði því ekki til einstaklinga. Ergo hefur áætlað að þörf sé á að endurreikna 4.200 samninga, þar af 2.700 uppgreidda samninga.

### 10.4 AFSKRIFTIR OG EFTIRGJAFIR


Í þessum kafla verða sýndar uppsafnaðar afskriftir og eftirgjafir sem hafa orðið til við þau úrræði sem bankinn hefur boðið upp á. Hugtakið eftirgjöf er hér notað yfir leiðréttingu á lánum vegna ólögmætis þeirra eða vegna annarra úrræða sem bankinn hefur boðið upp á. Vaxtaafsláttur samhliða höfuðstólslækkun telst einnig vera eftirgjöf.

Í lok árs 2011 hafði Íslandsbanki afskrifað eða gefið eftir 347 milljarða króna hjá viðskiptavinum sínum, þar af 83 milljarða hjá einstaklingum og 264 milljarða hjá fyrirtækjum.

Neðangreind tafla sýnir samanlagðar afskriftir og eftirgjafir til einstaklinga flokkaðar eftir þeim mismunandi úrræðum sem bankinn hefur boðið upp á.

|  |             |
|--|-------------|
| Endurútreikningur á erlendum húsnæðislánum       | 17,9        |
| Endurútreikningur á erlendum húsnæðislánum (Byr) | 4,2         |
| 110% leiðin                                      | 10,4        |
| 110% leiðin (Byr)                                | 0,5         |
| Höfuðstólslækkun erlendra lána                   | 8,0         |
| Höfuðstólslækkun verðtryggðra lána               | 2,4         |
| Ergo, fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka          | 9,3         |
| Vaxtaafsláttur                                   | 2,0         |
| Sértæk skuldaaðlögun                             | 1,5         |
| Sértæk skuldaaðlögun (Byr)                       | 0,4         |
| Afskriftir og sértæk úrræði                      | 26,3        |
| <b>Samtals</b>                                   | <b>83,1</b> |

Tafla 10.1: Afskriftir og eftirgjafir til einstaklinga frá 2008-2011 (ma. kr.). Móðurfélag, óendurskoðað.



Mynd 10.9: Uppsafnaðar afskriftir og eftirgjafir til einstaklinga frá 2008-2011. Móðurfélag, óendurskoðað.

Neðangreind tafla sýnir samanlagðar afskriftir og eftirgjafir til fyrirtækja flokkaðar eftir þeim mismunandi úrræðum sem bankinn hefur boðið upp á.




Mynd 10.10: Uppsafnaðar afskriftir og eftirgjafir fyrirtækja frá 2008-2011. Móðufélag, óendurskoðað.


|   |              |
|---|--------------|
| Beina brautin                           | 7,4          |
| Beina brautin (Byr)                     | 0,4          |
| Endurútreikningur á erlendum lánum      | 0,6          |
| Höfuðstólslækkun erlendra lána          | 12,7         |
| Ergo, fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka | 3,1          |
| Afskriftir og sértæk úrræði             | 236,2        |
| Afskriftir og sértæk úrræði (Byr)       | 3,2          |
| <b>Samtals</b>                          | <b>263,5</b> |

Tafla 10.2: Afskriftir og eftirgjafir fyrirtækja frá 2008-2011 (m. kr.). Móðufélag, óendurskoðað.

Til að setja þessar fjárhæðir í samhengi má líta til þess að eftirgjafir sem tengjast ekki gjaldþrotum nema um 17% af upphaflega lánasafninu fyrir fyrirtæki en 26% fyrir einstaklinga. Myndirnar hér fyrir neðan sýna uppsafnaðar afskriftir og eftirgjafir til einstaklinga og fyrirtækja, vegna skuldaaðlögunar eða vegna gjaldþrots, sem hlutfall af lánasafninu eins og það var í október 2008. Lánasafn Byrs er ekki með í tölunum.



Mynd 10.11: Afskriftir og eftirgjafir til einstaklinga.



Mynd 10.12: Afskriftir og eftirgjafir til fyrirtækja.

## ORÐSKÝRINGAR

**Almenn virðisrýrnun:** Virðisrýrnun vegna útlánatapa sem ekki er hægt að færa á tiltekin lán strax.

**Áhættuálagsáhætta:** Áhættan af því að afkoma eða eigið fé verði fyrir neikvæðum áhrifum vegna óhagstæðra hreyfinga á áhættuálagi útgefenda skuldabréfa.

**Áhættugrunnur:** Áhættugrunnur samanstendur af heildareignum bankans sem eru áhættuvegnar samkvæmt forskrift sem ákvörðuð er af eftirlitsaðilum.

**Áhættusjálfsmat:** Bankinn notar áhættusjálfsmat til að greina og meta rekstraráhættu í hverri starfseiningu. Þetta sjálfsmatsferli er framkvæmt um það bil einu sinni á ári af öllum einingum innan bankans og skýrslur um helstu niðurstöður og áætlanir til að draga úr áhættu eru fengnar stjórnendum viðkomandi sviða. Tilgangur sjálfsmatsins er að bæta vinnulag bankans með reglulegri endurskoðun á stefnu, ferlum og kerfum.

**Áhættuskuldbinding við vanefnd:** Vænt staða áhættuskuldbindingar vegna láns við vanefnd.

**Basel II:** Staðall frá Basel-nefndinni um bankaeftirlit og fjallar um eigið fé alþjóðlegra fjármálafyrirtækja.

**Basel III:** Fyrirhuguð endurskoðun á Basel II reglum.

**COREP:** Samræmt form fyrir skýrslugjöf um eiginfjárstöðu/eiginfjárþörf samkvæmt Evróputilskipun um eiginfjárkröfur fjármálafyrirtækja.

**Eftirlitsstofnun EFTA (ESA):** Eftirlitsstofnun EFTA hefur eftirlit með eftirfylgni með reglum EES-samningsins á Íslandi, í Liechtenstein og Noregi, en samningurinn gerir þeim kleift að taka þátt í hinum sameiginlega innri markaði Evrópu.

**Eiginfjárþáttur A:** Innborgað hlutafé, yfirverðsreikningur hlutafjár, aðrir varasjóðir og óráðstafað eigið fé. Óefnislegar eignir og reiknuð skattaeign eru dregnar frá eiginfjárþætti A.

**Eiginfjárþáttur B:** Víkjandi lán.

**Erfiðleikalán:** Lán sem eru í meira en 90 daga vanskilum og hafa þó ekki verið virðisrýrð sérstaklega.

**Friverslunarsamtök Evrópu (EFTA):** EFTA er fjölþjóðleg stofnun sem var sett á fót til þess að stuðla að frjálsri verslun og efnahagssamvinnu til hagsbóta fyrir aðildarríkin, en þau eru nú fjögur: Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss.

**Gjaldeyrisáhætta:** Áhættan af því að afkoma eða eigið fé verði fyrir neikvæðum áhrifum af völdum gengissveiflna vegna skuldbindinga í erlendum myntum.

**Heildareiginfjárgrunnur:** Eiginfjárþáttur A til viðbótar við eiginfjárþátt B.

**Heildareiginfjárlutfall:** Heildareiginfjárgrunnur deilt með áhættugrunni. (Einnig vísað til þess sem eiginfjárlutfall).

**Innra matsferli á eiginfjárþörf (e. ICAAP):** Innra matsferlið felur í sér mat á eiginfjárþörf samkvæmt Basel II. Bankinn skilgreinir og metur áhættu sínar og tryggir að hann hafi nægt eigið fé í tengslum við yfirlýsingu á áhættuvilja. Matið byggir á lágmarkseiginfjárkröfum samkvæmt 1. stoð, viðbótareigið fé vegna annarra áhættuþátta samkvæmt 2. stoð og lækkun á tiltæku eigin fé vegna niðurstaðna álagsprófa. Heildarskýrsla um innra matsferli á eiginfjárþörf er send Fjármálaeftirlitinu einu sinni á ári.

**Lagaleg áhætta:** Hættan á tapi vegna óvissu um gildissvið eða túlkun samninga, laga eða reglugerða, til dæmis þegar málsókn gegn bankanum lýkur með óvæntum úrskurði, þegar samningar eru ekki fullnustuhæfir eða úrskurðaðir ólöglegir af dómstólum.

**Langtímafjármögnunarhlutfall (e. Net Stable Funding Ratio):** Mælikvarði sem Basel-nefndin hefur skilgreint til að meta jafnvægi milli langtímaeigna og langtímaskulda. Markmiðið með þessum mælikvarða er að draga úr lausafjárahættu vegna fjármögnunar á langtímaeignum með skammtímaskuldum.

**Lausafjárahætta:** Hættan á því að geta ekki fjármagnað fjárhagslegar skuldbindingar eða fyrirhugaðan vöxt, eða að geta einungis gert það gegn kjörum sem eru umtalsvert hærri en gengur og gerist á markaði á hverjum tíma.

**Lausafjárahætta í viðskiptum:** Áhættan af því að bankinn geti ekki auðveldlega selt eða vegið á móti ákveðinni stöðu án þess að verð á markaði breytist vegna ófullnægjandi dýptar á markaði eða truflunar á markaði sem hefur neikvæð áhrif á tekjur og eigið fé.

**Lausafjárþekjuhlfall (e. Liquidity Coverage Ratio):** Mælikvarði sem Basel-nefndin hefur skilgreint fyrir mat á skammtíma lausafjárstöðu. Mælikvarðanum er ætla meta getu banka til að mæta lausafjárþörf til 30 daga við álagsaðstæður.

**Líkur á vanefndum:** Líkur á því að mótaðili vanefni skuldbindingar sínar innan árs. Vanefnd er skilgreind þar sem mótaðili er í vanskilum í meira en 90 daga með verulega lánsskuldbindingu eða er með lán með sérgreinda virðisrýrnun.



**LPA-mælikvarði:** Bókfært virði útlána til viðskiptavina sem hafa þörf fyrir frekari aðstoð eða endurskipulagningu (í hópi 3) deilt með heildarútlánnum til viðskiptavina.

**Markaðsáhætta:** Sú áhætta að verðbreytingar á mörkuðum, svo sem breytingar á vöxtum, hlutabréfaferði og gengi gjaldmiðla, hafi óhagstæð áhrif á fjármálagerninga bankans og þar með afkomu og eigið fé hans.

**Orðsporsáhætta:** Hættan á tapi vegna neikvæðrar ímyndar bankans í huga viðskiptavina, mótaðila, hluthafa, fjárfesta eða stjórnvalda.

**Punktvirði (e. Basis Point Value):** Punktvirði segir til um hvernig markaðsvirði undirliggjandi stöðu breytist ef vaxtaferlar hliðrast upp um 0,01 prósentustig (einn punkt). Ef punktvirði undirliggjandi stöðu er 1 milljón króna myndi markaðsvirði undirliggjandi stöðu lækka um 1 milljón króna ef vaxtaferlar hliðrast upp um 1 punkt.

**Rekstraráhætta:** Hættan á tapi sem er afleiðing af ófullnægjandi innri verkferlum, misbrestri á að verkferlum sé fylgt, starfsmönnum eða vegna ytri atburða í rekstrarumhverfi.

**Samningur um Evrópska efnahagssvæðið (EES):** Þann 1. janúar 1994 var undirritaður samningur um Evrópska efnahagssvæðið sem gerði EFTA ríkjunum kleift að taka þátt í innri markaði Evrópu. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið snertir fyrst og fremst fjórar grunnstoðir innri markaðarins þ.e. frjálsan flutning vöru, fólks, þjónustustarfsemi og fjármagns.

**Samþjöppunaráhætta:** Sú áhætta sem skapast þegar sameiginlegir áhættuþættir einkenna marga viðskiptavinum bankans, svo sem atvinnugrein, efnahagsumhverfi, landfræðileg staðsetning, gerð fjármálagerninga eða innbyrðis tengsl mótaðila. Stórar áhættuskuldbindingar til einstakra aðila eða til hóps tengdra viðskiptamanna þar sem greiðsluþrot eins eykur verulega líkur á greiðsluþroti annarra aðila í hópnunum eru meðhöndlaðar sem samþjöppunaráhætta.

**Sérgreind virðisrýrnun:** Lán teljast virðisrýrð ef bankinn væntir þess að endurgreiðslur láns verði ekki í samræmi við skilmála lánsins og ef líklegt er talið að fjárhagsleg endurskipulagning lánsþega leiði til þess að hluti af útláninu tapist.

**Stefnumótunaráhætta:** Hættan á tapi bankans vegna breytinga í viðskiptaumhverfi og af óhagstæðum viðskiptaákvörðunum, ófullnægjandi innleiðingu ákvarðana eða skorti á viðbrögðum við breytingum í viðskiptaumhverfinu.

**Stjórn málaáhætta:** Hættan á að stefnu stjórnvalda, að því marki sem hún er frábrugðin gildandi lögum eða reglum, sé fylgt eftir með þeim afleiðingum að sett séu ný lög eða reglugerðir sem hafa neikvæð áhrif á viðskipti bankans eða á verðmæti eigna hans.

#### Stoðir Basel II:

- 1. stoð:** Rammi um útreikning á lágmarkseiginfjárkröfum fyrir útlána-, markaðs- og rekstraráhættu til að ákvarða áhættugrunn bankans.
- 2. stoð:** Umgjörð fyrir könnunar- og matsferli (e. SREP) og setur reglur um innra mat banka á eiginfjárbörf (e. ICAAP). Önnur stoðin felur í sér umgjörð til meta eiginfjárbörf vegna annarra áhættuþátta en tekið er tillit til samkvæmt fyrstu stoðinni svo sem viðskipta- og samþjöppunaráhættu.
- 3. stoð:** Setur fram kröfur um upplýsingagjöf sem gerir markaðsaðilum kleift að meta lykilupplýsingar um eigið fé, áhættur, áhættumat og eiginfjárstöðu fjármálafyrirtækisins.

**Stór áhættuskuldbinding:** Áhætta hóps tengdra viðskiptamanna sem nemur meira en 10% af eiginfjárgrunni bankans. Áhættuskuldbindingar eru metnar að frádregnum þeim þáttum sem vega á móti áhættunni og sem heimilt er að taka mið af samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 216/2007.

**Tap að gefnum vanefndum:** Vænt tap á láni ef til vanefndar kemur sem hlutfall af skuldbindingunni við vanefnd.

**Tilskipun um eiginfjárkröfur (CRD):** Reglur um eiginfjárkröfur byggja á tilmælum Basel II og tóku gildi 1. janúar 2007. Eftirlitsramminn innan Evrópusambandsins er hannaður með það í huga að tryggja fjárhagslegt heilbrigði lánastofnana og endurspeglar hann reglur Basel II varðandi útreikninga á eigin fé og stöðlum um eigið fé. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur lagt til breytingar sem hafa verið númeraðar til þess auðveldara sé að vísa til þeirra (CRD I-IV).

**Uppgjörsáhætta:** Hættan á því að aðili muni ekki standa við skuldbindingar samkvæmt ákvæðum samnings á uppgjörstíma. Uppgjörstap getur átt sér stað vegna vanefnda við uppgjör og vegna mismunandi tímasetningar uppgjörs milli tveggja aðila.

**Útlánaáhætta:** Áhættan á tapi fyrir bankann ef viðskiptavinur eða mótaðili í fjármálagerningi stendur ekki við samningsbundnar skuldbindingar sínar. Í þessu felst meðal annars hættan á að viðskiptavinur komist í greiðsluþrot eða að endurheimtur verði minni en vænst var.

**Vaxtaáhætta:** Þau neikvæðu áhrif sem óhagstæðar breytingar í vöxtum geta haft á eigið fé eða afkomu bankans. Vaxtaáhættu má skipta í eftirfarandi þætti:

- endurverðlagningaráhættu sem er til komin af mismun á tímasetningu vaxtabreytinga og sjóðstreymis,
- vaxtaferilsáhættu sem er til komin af breytingum í tímarófi vaxta (t.a.m. vegna breytinga á halla og formi vaxtaferla),
- grunnáhætta sem er til komin af breytingum í sambandi vaxta til mismunandi tímalengda á vaxtaferlum,
- valréttaráhætta sem er til komin af vaxtavalréttum.

**Verðáhætta:** Áhættan af því að afkoma eða eigið fé verði fyrir neikvæðum áhrifum vegna breytinga á verði eða verðflökti skuldagerninga, eiginfjárgerninga eða hrávöru.

**Verðtryggingaráhætta:** Áhættan af því að afkoma og eigið fé verði fyrir neikvæðum áhrifum vegna óhagstæðra hreyfinga á verðbólguþingi.

**Viðskiptaáhætta:** Hættan á því að hagnaður minnki vegna lægri tekna eða aukins kostnaðar sem ekki er til kominn vegna annarrar tegundar áhættu.

**Virðisrýrnun vegna gengisbreytinga:** Virðisrýrnun sem er færð á lán í erlendri mynt þar sem áætluð greiðslugeta lántaka er takmörkuð í íslenskum krónum. Þessi lán eru virðisrýrð vegna gengisbreytinga ef gengi krónunnar lækkar til að bókfært virði þeirra haldist fast í krónum.

**Vikjandi lán:** Skuld sem kemur á eftir öðrum skuldum í forgangsröð ef fyrirtæki fer í skiptameðferð eða verður gjaldþrota.